FRÉTTABLAÐIÐ

61. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 12. MARS 2020

Erlendir ferðamenn spreyttu sig á þeirri þjóðaríþrótt Íslendinga að losa bíl úr skafli, skammt sunnan við Geysi í gær, þar sem nokkrir þeirra sátu fastir. Vetrarfærð er nú um allt land. Holtavörðuheiði var lokuð í gær og víða var beðið með mokstur vegna veðurs um norðanvert landið. Það spáir vondu á Vestfjörðum, Suðausturlandi og miðhálendinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Endurskoði arðgreiðsluáform

Viðskiptabankarnir ættu að endurskoða boðaðar arðgreiðslur vegna versnandi efnahagshorfa, að mati seðlabankastjóra. Þeir þurfi á þessum krónum að halda. Væntanlegar arðgreiðslur nema 24 milljörðum.

VIÐSKIPTI Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri telur að viðskiptabankarnir þrír ættu að endurskoða áform sín um að greiða út arð í ljósi versnandi efnahagshorfa vegna útbreiðslu kórónaveirunnar.

Boðaðar arðgreiðslur bankanna, sem hluthafar munu greiða atkvæði um á aðalfundum þeirra síðar í þessum mánuði, nema samanlagt tæplega 24 milljörðum króna. Tveir bankanna, Íslandsbanki og Landsbankinn, eru í eigu ríkissjóðs.

„Það má spyrja sig hvort það sé við hæfi að bankarnir greiði út arð eins og staðan er núna," segir Ásgeir í viðtali við Markaðinn. Vísar hann þar til þess að bankarnir þurfi að hafa borð fyrir báru til að mæta afskriftum á útlánasöfnum sínum í yfirstandandi niðursveiflu og svigrúm til að takast á við tímabundna lausafjár- og greiðslufjárerfiðleika fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu.

Aðspurður segir hann að allir bankarnir ættu að endurskoða tillögur sínar um arðgreiðslur. „Já, mér finnst það í ljósi aðstæðna. Þeir þurfa á þessum krónum að halda frekar en hluthafar," útskýrir Ásgeir.

Tillaga stjórnar Arion banka, sem er skráður á markað og í einkaeigu, gerir ráð fyrir því að samtals tíu milljarðar króna verði greiddir í arð til hluthafa. Þá hefur Landsbankinn boðað arðgreiðslu upp á 9,5 milljarða og Íslandsbanki hyggst greiða 4,2 milljarða í arð.

Arðgreiðslutillögur

Landsbankinn	9,5 milljarðar
Arion banki	10 milljarðar
Íslandsbanki	4,2 milljarðar

Þrátt fyrir væntanlegar arðgreiðslur, sem stjórnir bankanna gerðu tillögur um í síðasta mánuði, munu eiginfjárhlutföll bankanna eftir sem áður vera vel umfram þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til þeirra.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands flýtti vaxtaákvörðun sinni um eina viku og ákvað í gær að lækka vexti um hálft prósentustig. Um leið var meðaltalsbindiskylda bankanna lækkuð úr einu prósenti í núll prósent til að rýmka lausafjárstöðu þeirra. Fjárfestar brugðust vel við ákvörðun nefndarinnar og hækkaði Úrvalsvísitalan um 2,5 prósent og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkaði um allt að 20 punkta.

Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum, segir Seðlabankann hafa tekið góð skref með aðgerðum sínum og skilaboðum í gær. Fastlega megi búast við frekari vaxtalækkunum. „Óvissan hefði orðið of mikil ef bankinn hefði beðið í eina viku í viðbót." – hae / sjá síðu 12

Matarúthlutun hefur stöðvast

COVID-19 Lokað er fyrir matarúthlutun hjá Mæðrastyrksnefnd vegna COVID-19. „Hér er mikil nálægð milli fólks og sjálfboðaliðar okkar eru flestallir fullorðnar konur í áhættuhópi," segir Anna H. Pétursdóttir, formaður nefndarinnar. Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, segir ekki ljóst hvort af næstu úthlutun verði. Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn segir að skoða þurfi þann hóp sem ekki eigi fyrir nauðsynjavörum. – bdj / sjá síðu 4

Anna H. Pétursdóttir, formaður mæðrastyrksnefndar.

– Hagkvæm matarkaup
– Heitar og ilmandi
– Ljúffengar og næringarríkar
– Án allra rotvarnarefna

Veður



Víða norðaustan 5-13, dálítil él norðaustanlands, annars úrkomulítið. Gengur í suðaustan 10-18 með snjókomu eða slyddu suðvestan og vestan til síðdegis. Frost 1 til 12 stig, kaldast í innsveitum norðanlands. SJÁ SÍÐU 28

GDRN tók lagið á Íslensku tónlistarverðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurganga Hildar Guðna heldur áfram

MENNING Ólíkt mörgum samkomum sem slegnar hafa verið af, fóru Íslensku tónlistarverðlaunin fram að venju og voru 39 verðlaun veitt. Var hátíðin haldin í gærkvöldi með pompi og prakt í Hörpu en þjófstartað var á þriðjudag þegar hljómsveitin Grísalappalísa hlaut verðlaun í flokknum textahöfundur ársins.

In the Dark með Vök var valin poppplata ársins, Týnda rásin með Grísalappalísu rokkplata ársins og Is anybody listening? með Cell7 rappplata ársins. Popplag ársins var Enginn eins og þú með Auði, rokklagið Fyrsta ástin með Hipsumhaps og rapplagið Falskar ástir með Flóna. Þá var flutningur Hatara í Eurovision valinn tónlistarviðburður ársins. Söngkona ársins var Margrét Rán úr Vök og söngvari Auður sem jafnframt var valinn flytjandi ársins.

Sigurganga Hildar Guðnadóttur heldur áfram en hún hlaut verðlaun fyrir útgáfu kvikmyndatónlistar og upptökustjórn fyrir tónlistina úr þáttunum Chernobyl. Heiðursverðlaunin hlaut Sigrún Hjálmtýsdóttir, betur þekkt sem Diddú.

Bergur Ebbi var kynnir á hátíðinni og fjölmargir tónlistarmenn komu fram. Ragga Bjarna, sem féll frá fyrir skemmstu, var minnst með flutningi á lögunum Barn og Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig. **– khg**

Algjör steypa

Steypubíl sem maður um þrítugt stal á Vitastíg í gær var stefnt í mikla háskaför niður Laugaveg og um Lækjargötu að Sæbraut þar sem ökumaðurinn ók á öfugum vegarhelmingi og utan vegar með lögreglubíla á eftir sér. Gangandi vegfarendur hrökkluðust undan ferlíkinu sem nálgaðist á ógnarhraða. Loks ók þjófurinn út af á Kleppsvegi og freistaði þess árangurslaust að hrista af sér laganna verði á fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Danir grípa til harðra aðgerða

DANMÖRK Danir hafa tekið ákvörðun um harðar aðgerðir vegna COVID-19 faraldursins. Kynnti Mette Frederiksen forsætisráðherra þetta á blaðamannafundi í gærkvöldi. „Betra að bregðast við í dag en að sjá eftir á morgun," sagði

Mette Frederiksen forsætisráðherra.

hún. Yfir 500 manns hafa smitast af veirunni og ástand tveggja einstaklinga er alvarlegt. Þá eru 1.300 í sóttkví. Skólum verður lokað, opinberir starfsmenn sendir heim nema í undantekningartilvikum og mælst er til að samkomum þar sem fleiri en 100 manns koma saman verði aflýst. Gildir þetta í tvær vikur. **– khg**

Hljóðsetning gerð til að búa til tilfinningar

Finnski tölvuleikurinn Control fékk á dögunum metfjölda tilnefninga til BAFTA-verðlauna, þar á meðal fyrir hljóðsetningu. Á bak við hljóðheim leiksins, sem er ævintýralegur í meira lagi, er Gulli Gunnarsson og samstarfsfólk.

TÖLVULEIKIR Gulli útskrifaðist sem hljóðhönnuður frá Ravensbourne University í London árið 2012. Hann er Hólmari í húð og hár og segir að ferill í tölvuleikjaheiminum hafi ekkert endilega legið beint við. „Ég spilaði ekki mikið af tölvuleikjum sem krakki, var aðallega í körfubolta og tónlist," segir hann.

Eftir að hafa starfað að margs konar verkefnum í hljóðhönnun, bæði heima og erlendis, réð tilviljun því að hann réð sig til Remedy-fyrirtækisins sem staðsett er í Helsinki.

„Það er gamla klisjan, ég var réttur maður á réttum stað. Ég tók að mér verkefni fyrir þá í forföllum árið 2017 og sex mánuðum síðar var ég fluttur til Finnlands," segir Gulli. Hjá fyrirtækinu starfa 250 manns frá öllum heimshornum.

Control var þrjú ár í framleiðslu og hóf Gulli vinnu við leikinn um leið og hann hóf störf hjá Remedy. „Hugsunin á bak við leikinn er mjög frumleg og það hefur fallið vel í kramið hjá tölvuleikjaspilurum sem þyrstir í eitthvað nýtt," segir Gulli.

Hlutverk hans og samstarfsfólks hans er að skapa hljóðheim leiksins. „Hljóðsetning er í raun bara að búa til tilfinningar. Við fáum grafík og teikningar af tilteknum rýmum, hlutum og persónum í leiknum og þurfum að hanna hljóð sem hæfa því. Þegar það er klárt þarf að setja þetta allt inn í leikinn og láta það virka," segir Gulli. Hann segir að mikil vinna liggi oft á bak við hin ýmsu hljóð í leiknum.

„Í Control erum við oftast að reyna að búa til óþægilega og jafnvel hrollvekjandi stemmingu. Það gerist reglulega í þessu starfi að maður er að leita að einhverju

Gulli er vægast sagt frumlegur við hljoðsetninguna. MYND/NIALL MCCONNELL

> **Til dæmis vann ég hljóð í holræsaskrímsli úr upptöku þar sem að ég dundaði mér við að smjatta á banana.**
>
> Gulli Gunnarsson

hljóði, kannski bara hálfri sekúndu, sem þú ert með í huganum en finnur ekki fyrr en eftir langa leit. Það getur verið mjög gefandi þegar maður telur sig finna þetta hljóð og allt smellur saman," segir Gulli.

Að hans sögn er mikið listrænt frelsi hjá Remedy og það er eitthvað sem hann kann vel að meta. „Við vinnum hljóðin á margs konar hátt, úr hljóðgervlum, hljóðbönkum eða tökum þau upp sjálf. Til dæmis vann ég hljóð í holræsaskrímsli úr upptöku þar sem að ég dundaði mér við að smjatta á banana," segir Gulli kíminn.

Hann nýtir líka hvert tækifæri sem hann fær til þess að taka upp hljóð sem síðan geta nýst honum í vinnunni.

„Ég fór í heimsókn í Hólminn um daginn og fékk þá að eyða degi í skipasmíðastöðinni Skipavík. Þar var ég að berja saman málmum allan daginn og taka upp. Held að flestir sem sáu aðfarirnar hafi haldið að ég væri stórskrýtinn. Þetta var svo á endanum allt notað í leikinn."

bjornth@frettabladid.is

ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

ALLT AÐ 900.000 kr. AFSLÁTTUR!

TILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

TOYOTA Rav4 Sport
Nýskr. 05/18, ekinn 56 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.190.000 kr.

***51.656 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

SUBARU Outback Premium Eyesight
Nýskr. 06/17, ekinn 79 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.690.000 kr.

***45.537 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

DACIA Logan
Nýskr. 02/16, ekinn 60 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 1.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.190.000 kr.

***14.937 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

FORD Fiesta Titanium
Nýskr. 05/15, ekinn 84 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

***16.161 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 70 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.

***54.104 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 12/15, ekinn 44 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 2.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

***23.505 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/16, ekinn 51 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.290.000 kr.

***52.880 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

OPEL Insignia Sports Tourer
Nýskr. 07/18, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

***36.969 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

KIA Ceed SW LX
Nýskr. 07/18, ekinn 26 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

***30.849 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

FORD Grand C-Max Collection
Nýskr. 02/18, ekinn 16 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 2.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

***28.401 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN Juke Acenta 2wd
Nýskr. 07/18, ekinn 11 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

***30.849 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 06/17, ekinn 92 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

***28.401 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

NISSAN X-Trail Acenta 4wd
Nýskr. 03/16, ekinn 96 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 3.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.690.000 kr.

***33.297 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

RENAULT Talisman Intens 200hö.
Nýskr. 12/17, ekinn 31 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.

***54.104 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 65 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

***43.089 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

ENNEMM / SÍA / NM00025

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 COVID-19 flokkaður sem heimsfaraldur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segist hafa áhyggjur af útbreiðslu veirunnar en víða hefur ekki tekist að hefta útbreiðsluna. Fólk er þó hvatt til að halda ró sinni.

2 Lífsbjörg þegar lögregla kippti konu frá stjórnlausum steypubílnum Konu sem var meðal gangandi vegfarenda á Sæbraut var bjargað með naumindum frá því að verða fyrir steypubílnum sem lögreglan veitti eftirför.

3 Verulega veikur á Landspítala vegna COVID-19 Eldri maður var lagður inn á Landspítala mikið veikur af COVID-19.

4 Hundruð hlífðargalla selst hérlendis vegna kórónaveirunnar Forsvarsmenn Kemi hafa selt hundruð hlífðargalla að undanförnu auk annars hlífðarfatnaðar. Hann hefur meðal annars selst til Íslendinga og Kínverja.

5 Weinstein í 23 ára fangelsi fyrir nauðgun Harvey Weinstein var dæmdur í 23 ára fangelsi fyrir brot gegn tveimur konum.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Veltan eykst í sjávarútvegi

VIÐSKIPTI Velta sjávarútvegs síðustu tveggja mánaða síðasta árs var ríflega sex prósent meiri en á sama tímabili árið áður. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Þá var velta í heild nær fjórtán prósent meiri í fyrra en árið 2018. Velta í fiskeldi tvöfaldaðist á árinu frá fyrra ári.

Þá varð sex prósent samdráttur í veltu í flutningum með flugi á milli ára. Jafnframt er frá því greint að hægt hafi á byggingarframkvæmdum síðustu tvo mánuði ársins í samanburði við sama tíma árið á undan og er munurinn þrjú prósent. **– þþ**

Útfærsla aðgerða fyrir ferðaþjónustu þoli enga bið

FERÐAÞJÓNUSTA Framkvæmdastjóri fyrirtækis í ferðaþjónustu segir að útfæra verði fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 með hraði.

„Mér líst ágætlega á þessar tillögur svo langt sem þær ná en tel afar mikilvægt að nánari útfærsla líti dagsins ljós strax í næstu viku. Ferðaþjónustufyrirtækin eru mörg hver að undirbúa uppsagnir vegna

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor

stöðunnar og því má engan tíma missa," segir Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor.

Að hans sögn er brostið á algjört hrun í bókunum. „Miðað við frásagnir kollega eru fyrirtækin í þessum bransa að sjá fram á 40 til 70 prósenta samdrátt í bókunum og mikið um afbókanir," segir Ásberg.

Hann telur stærri fyrirtæki geti aðlagast breyttum veruleika en hefur meiri áhyggjur af þeim smærri, einkum litlum fjölskyldufyrirtækjum. „Mörg slík fyrirtæki urðu fyrir þungu höggi við fall WOW air." Hann efast um að bankarnir veiti þeim sem þegar eru með reksturinn í járnum mikið svigrúm.

„Það sem ég sakna helst er heimild til að lækka starfshlutfall starfsmanna tímabundið og að þeir fái atvinnuleysisbætur á móti," segir Ásberg. Það hafi skipt sköpum í hans rekstri þegar gaus í Eyjafjallajökli. **– þþ**

Veiran stöðvar matarúthlutun

Lokað er fyrir matarúthlutanir hjá Mæðrastyrksnefnd vegna COVID-19. Ekki er bann við hvers konar viðburðum. Í aðgerðaáætlun almannavarna er ekki getið um þá sem ekki hafa efni á að birgja sig upp.

COVID-19 Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur hefur lokað fyrir matarúthlutanir vegna COVID-19.

„Ástæðan fyrir því að við þorðum ekki öðru en að loka er sú að hér er mikil nálægð milli fólks og sjálfboðaliðar okkar eru flestallir fullorðnar konur í áhættuhópi," segir Anna H. Pétursdóttir, formaður nefndarinnar.

Að sögn Önnu var ákvörðunin erfið og tekin að vel ígrunduðu máli.

Anna segir mikinn fjölda leita til Mæðrastyrksnefndar í hvert skipti sem matarúthlutun fer þar fram og að skjólstæðingar nefndarinnar séu ekki í þeirri stöðu að geta birgt sig upp af matvælum komi til þess að þeir neyðist til að fara í sóttkví vegna kórónaveirunnar.

„Þetta er bara svakalega viðkvæmt mál og þetta fólk er í mikilli neyð. Við höfum ekki fengið fyrirspurnir um hjálp frá fólki sem er í sóttkví en okkar skjólstæðingar eru reyndar ekki í hópi þeirra sem fara í skíðaferðir í Alpana," segir Anna.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn segir hluta af viðbragðsáætlun almannavarna snúa að því að upplýsa almenning um vörur sem vert sé að eiga komi til þess að fólk sé sett í sóttkví eða komi til samkomubanns. „Þar er listi yfir vörur sem fólk ætti að huga að því að eiga," segir hann.

Spurður um þann hóp sem ekki hefur tök á að verða sér úti um þá hluti sem eru á listanum og treystir á matarúthlutanir hjálparsamtaka segir Víðir að ekki sé komið inn á þann hóp í áætluninni.

„Þetta er ekki skrifað beint inn í áætlunina og við þurfum að skoða þetta því að þetta hefur ekki komið inn á borð til mín áður og ég þekki ekki hvernig þessum málum er háttað. En þetta er góð ábending sem ég mun taka upp og skoða hvernig þessu er háttað," segir Víðir.

Fjölskylduhjálp Íslands úthlutar mat mánaðarlega og segir Ásgerður Jóna Flosadóttir formaður að ekki sé ljóst hvort af næstu úthlutun verði.

Erfitt að stöðva matarúthlutun, segir Anna H. Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þetta er góð ábending sem ég mun taka upp og skoða hvernig þessu er háttað.**
>
> Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Embætti ríkislögreglustjóra

„Ég skrifaði landlækni bréf í gærmorgun [fyrradag] og spurði hvort það væri í lagi að vera með úthlutun í næstu viku og ég hef ekki fengið svar," segir hún. Þá segir hún skjólstæðinga sína ekki hafa óskað eftir sérstökum úrræðum við matarúthlutanir vegna sóttkvíar og tekur undir orð Önnu. „Fólkið okkar er ekki mikið í utanlandsferðum," segir hún.

„Það yrði bagalegt að vera ekki með úthlutun og myndi koma þessum hópi afar illa. Fjöldi fólks hefur haft samband og spurst fyrir um næstu úthlutun, ég svara með því að ég bíði svars frá Embætti landlæknis," segir Ásgerður.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði Fjölskylduhjálp ekki fengið svar við fyrirspurn sinni en Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis, segir við Fréttablaðið að samkomubann sé ekki í gildi í landinu en að gott væri ef fólk tæki skynsamlegar ákvarðanir þegar komi að samkomum.

„Það er ekkert samkomubann í gildi hér á landi og það sem við stólum á er að þeir sem eru að skipuleggja viðburði af hvaða toga sem er taki skynsamlega ákvörðun út frá stöðunni, þeirri þekkingu og þeim upplýsingum sem við höfum verið að miðla. Ef fólk ákveður að fresta viðburði út af þessu þá er það gott svo lengi sem sú ákvörðun er tekin að vel ígrunduðu máli," segir Kjartan. **birnadrofn@frettabladid.is**

Ert þú í stjórn félagasamtaka?

Félagasamtök, s.s. íþróttafélög, góðgerðafélög, veiðifélög, átthagafélög, foreldrafélög, starfsmannafélög og sambærilegir aðilar þurfa að skila inn upplýsingum um raunverulega eigendur.

Frestur til að skila upplýsingum **rann út 1. mars**. Félagasamtökum er bent á að skila upplýsingum sem allra fyrst svo komast megi hjá sektum.

Er félagið löngu hætt starfsemi? Einfalt er að senda inn tilkynningu um slit félagsins.

Allar upplýsingar um skráningu raunverulegra eigenda fyrir félagasamtök er að finna á ***www.rsk.is/raunverulegur/felagasamtok***

Skatturinn

Siggi styrkir nýsköpun í næringarfræði

VIÐSKIPTI Skyrframleiðandinn siggi's tilkynnti í gær nýtt styrkjakerfi fyrirtækisins, siggi's Starters, fyrir nýsköpun í næringarfræði. Í ár verða veittir þrír 20 þúsund dollara styrkir, eða rúmlega 2,5 milljónir króna, til frumkvöðla sem vilja koma af stað verkefnum á sviði næringarfræði og heilsueflingar.

Sigurður Kjartan Hilmarsson.

Siggi's skyr, sem stofnað var árið 2006 af Sigurði Kjartani Hilmarssyni og hefur síðan orðið að matvælarisa sem metinn er á tug milljarða króna, lét nýlega gera könnun á meðal fólks sem starfar í næringarfræði. Samkvæmt könnuninni er öflun stofnfjár aðalhindrunin í vegi þeirra sem vilja stofna eigið fyrirtæki.

Í yfirlýsingu fyrirtækisins er haft eftir Sigurði að samstarf siggi's skyr við matvæla- og næringarfræðinga skipti miklu máli og að fyrirtækið vilji gefa til baka. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fyrirtækið styrkir frumkvöðla, en nú er kerfið orðið meitlað í stein. **– khg**

Alvarlega veikur af COVID-19

COVID-19 Í gær var greint frá því að karlmaður á efri árum hefði verið lagður inn á Landspítalann með háan hita og mikið veikur af COVID-19. Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis, segir að maðurinn hafi verið sóttur heim til sín og færður á Landspítalann í sjúkrabíl.

„Hann er lagður inn vegna veikinda og einkenna í tengslum við COVID-19 og er í góðum höndum heilbrigðisstarfsfólks á Landspítalanum," segir Kjartan, en getur ekki tjáð sig frekar um málið. **– oæg**

Sammála um mikilvægi þess að verja starfsemi Alþingis

Forseti Alþingis segir aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna COVID-19 faraldursins miða að því að verja starfsemi þingsins. Hann fundaði í gær ásamt skrifstofustjóra þingsins með sóttvarnalækni og yfirlögregluþjóni. Þingnefndir hvattar til að nota fjarfundabúnað og breytingar gerðar í mötuneytinu.

ALÞINGI „Allar aðgerðir okkar miða í rauninni að því að reyna að verja þingið og draga úr hættu á að það verði óstarfhæft eða lamist að verulegu leyti. Við viljum að starfsemin geti haldið áfram sem mest óröskuð svo lengi sem mögulegt er," segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, um viðbúnað vegna COVID-19 faraldursins.

Steingrímur og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis, funduðu í gær með Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni og Víði Reynissyni, yfirlögregluþjóni hjá Embætti ríkislögreglustjóra.

„Þetta var góður samráðsfundur. Við upplýstum um það sem við værum búin að gera og kynntum þeim okkar viðbragðsáætlun. Þeir voru boðnir og búnir að veita okkur ráð um það sem við erum að gera og eru að sjálfsögðu sammála því að það sé mikilvægt að verja starfsemi þingsins," segir Steingrímur.

Meðal þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á Alþingi er að ekki er lengur tekið á móti hópum í þinghúsið og Skólaþing hefur verið fellt niður. Fleiri aðgerðir eru í bígerð.

„Í grófum dráttum erum við búin að taka fyrir gestakomur. Þetta er gert til að minnka umferð og draga úr snertingum. Það er búið að draga úr samskiptum milli húsa og gera umtalsverðar breytingar í mötuneytinu þannig að nú hittast miklu færri þar í einu."

Þá eru þingnefndir hvattar til að nota síma og fjarfundabúnað eins og mögulegt er í staðinn fyrir gestakomur á nefndafundi. Ferðalög þingmanna eru einnig undir mikilli smásjá og ekki farið nema það sé algjörlega óumflýjanlegt.

„Í öllu falli viljum við að sjálfsögðu tryggja eins og við mögulega getum að Alþingi verði til staðar og geti tekið við og afgreitt bráðnauðsynlega hluti sem ástandinu tengjast," segir Steingrímur.

Steingrímur segir óvissuna nú minna á hrunárin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Í öllu falli viljum við að sjálfsögðu tryggja eins og við mögulega getum að Alþingi verði til staðar og geti tekið við og afgreitt bráðnauðsynlega hluti.**
>
> Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis

Þegar hafi frumvarp um lyfjabirgðir í landinu verið afgreitt með flýtimeðferð og frumvarp á öðru sviði í burðarliðnum. „Síðan vitum við að það koma líklega talsverðar ráðstafanir frá ríkisstjórn í efnahagsmálum sem þarf að afgreiða. Þetta er til marks um það hve mikilvægt það er að þingið sé til staðar. Auðvitað er mjög líklegt að þetta ástand leiði til umtalsverðrar endurskoðunar á starfsáætlun."

Steingrímur bendir á að sem betur fer hafi þjóðlífinu að svo stöddu ekki verið lokað. Enn sem komið er þurfi ekki að fara í eins drastískar aðgerðir og að loka þinginu. Aðspurður segir hann það miklum vandkvæðum bundið að þingið geti tekið ákvarðanir öðruvísi en með viðveru þingmanna á þingfundi.

„Það er auðvitað fortakslaust ákvæði í stjórnarskrá um að það þurfi að lágmarki 32 þingmenn að taka þátt í afgreiðslu hvers máls. Það er erfitt að sjá að fram hjá því verði komist."

Hann viðurkennir að ástandið minni að vissu leyti á hrunið. „Það er þessi óvissa, að vita eiginlega aldrei hvað næsti dagur ber í skauti sér. Ég sagði þeim nú á fundinum að þessir dagar hjá þeim væru sjálfsagt ekkert ólíkir dögum mínum sem fjármálaráðherra 2009 og fram á 2010. Maður lifði bara dag í senn og vissi aldrei hvað biði manns í vinnunni að morgni dags."

Munurinn sé hins vegar sá að ekkert bendi ennþá til þess að við förum jafn illa út úr þessu. „Sá er munurinn að við munum hafa okkur betur í gegnum þetta en flestir aðrir að mínu mati. Ísland hefur meiri burði og möguleika núna og er betur sett til að takast á við þetta sennilega en flest öll önnur lönd í heiminum." **sighvatur@frettabladid.is**

Innviðasjóður

Umsóknarfrestur **21. apríl**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Mikil ónægja á meðal fanga vegna þess hvernig staðið er að reynslulausn

FANGELSISMÁL Allt að tuttugu föngum verður sleppt úr afplánun fyrr en til stóð vegna yfirvofandi baráttu við kórónaveiruna. Markmiðið er að rýma pláss fyrir fanga sem sýkjast af COVID-19 og þurfa að dvelja fjarri öðrum föngum. Fær hópur fanga því reynslulausn fyrr en til stóð og styttist afplánun þeirra um nokkra mánuði.

Fangi á Hólmsheiði segir í samtali við Fréttablaðið að mikil óánægja sé meðal fanga með hvernig staðið er að veitingu reynslulausnar. „Okkur finnst ferlið ekki mjög gegnsætt né sanngjarnt. Það var sagt að gæta ætti jafnræðis en það er ekki að sjá. Sumum er synjað um reynslulausn vegna agabrot eða mála sem enn eru í kerfinu en það er litið fram hjá því hjá öðrum. Það skapar mikla óánægju hjá þeim sem sitja eftir með sárt ennið," segir fanginn sem á aðeins nokkra mánuði eftir af sinni fangelsisvist.

Að hans sögn hafi ástandið ekki verið gott fyrir innan veggja fangelsisins á Hólmsheiði. „Það er mikil ólga og streita í loftinu. Það er búið að loka á heimsóknir gesta sem fór ekki vel í menn. Þá eru margir kvíðnir út af kórónaveirunni enda margir virkir fíklar hérna inni sem eru með slæmt ónæmiskerfi. Hvernig fangelsismálayfirvöld standa að þessum losunum var svo kornið sem fyllti mælinn, að minnsta kosti

Páll Winkel segir stundum reyna á huglægt mat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Allt að tuttugu föngum verður sleppt úr afplánun fyrr en til stóð vegna yfirvofandi baráttu við kórónaveiruna.**

hvað mig varðar," segir fanginn.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segist hafa skilning á því að þeir sem ekki falla undir undanþágurnar séu ósáttir. Til þess að losa pláss hafi verið farið yfir fangalista og einblínt á þá sem eru komnir fram yfir Verndartíma eða reynslulausn og teljist hæfir til slíks. „Þeir eru flestir með ólokin mál hjá lögreglu sem hafa komið í veg fyrir að þeir kæmust á Vernd eða reynslulausn en í ljósi aðstæðna var tekin ákvörðun um að veita undanþágu frá þeim reglum," segir Páll.

Hann segir að viðmiðin séu skýr en í sumum tilvikum reyni á huglægt mat þegar hæfi er metið. **– þþ**

LANCÔME
PARIS

NÝTT
FLJÓTANDI
RAKAKREM
MEÐ AMÍNÓSÝRUM

VISIBLE ANTI - STRESS
VIBRANT GLOWING SKIN.

ANTI-STRESS GLOW LIQUID MOISTURIZER

Fljótandi rakakrem með 14 amínósýrum og hýalurónicsýru sem eykur rakamagn húðarinnar, styrkir varnarkerfi hennar, dregur úr streitu, róar og gefur henni ljóma allan daginn.

LANCÔME KYNNING

Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM OKKAR

LANCÔME MÆLIR MEÐ

HYDRA ZEN – STOP & GLOW BLEIKA LÍNAN

Samstundis róandi – samstundis rakagjöf – samstundis þægindi – samstundis fullkomnun

Hydra Zen gel-cream er olíulaust rakakrem sem róar og rakafyllir húðina. Hentar vel fyrir rósroðahúð.

Rose Milk Mist er rakagefandi úði sem inniheldur m.a hýalurónicsýru, rósavatn, acacia hunang og möndluolíu. Hægt að nota bæði undir og yfir annað rakakrem og yfir farða hvenær sem er.

Tonic Confort er einstakt rakavatn sem er auðgað með acacia hunangi, möndluolíu og hýalurónicsýru. Gott að nota sem fyrsta skref á undan kremi.

Rose Sorbet Cryo Mask fyllir á rakabirgðirnar og róar húðina á aðeins 5 mínútum. Inniheldur m.a salicylic sýru sem hreinsar húðfitu úr húðholum og piparmyntu sem gefur kælandi og hressandi tilfinningu.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM
DAGANA 12. – 18. MARS

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Snyrtivara

Bakterían fannst á 3 kílómetra dýpi.

Klamydía finnst í Norður-Íshafi

VÍSINDI Fjölbreyttar bakteríutegundir náskyldar klamydíubakteríunni hafa fundist djúpt í Norður-Íshafinu. Vísindamenn voru að rannsaka örverur sem búa nokkrum metrum undir sjávarbotni á meira en 3 kílómetra dýpi þegar þeir uppgötvuðu bakteríurnar.

Aðalhöfundur rannsóknarinnar, Jennah Dharamshi frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð, sagði fundinn hafa komið á óvart.

„Að finna klamydíubakteríu í þessu umhverfi var alveg óvænt og vakti strax spurninguna um hvað í ósköpunum hún væri að gera þar," sagði Jennah. „Að finna ættingja klamydíubakteríunnar við þessar aðstæður gefur okkur nýja innsýn í þróunarsögu hennar."

Umhverfi tegundanna var ekki einungis súrefnissnautt heldur einnig laust við mögulega hýsla en vísindamennirnir telja að verið geti að tegundirnar fái næringu frá öðrum örverum í botnsetinu. **– atv**

Fékk þungan dóm fyrir nauðgun.

Weinstein fékk 23 ára fangelsi

BANDARÍKIN Kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein hefur verið dæmdur í 23 ára fangelsi fyrir að hafa neytt aðstoðarkonuna Miriam Haley til munnmaka og nauðga annarri ónafngreindri konu.

Alls báru sex konur vitni í réttarhöldunum gegn Weinstein en frá árinu 2017 hafa meira en 80 konur stigið fram og sakað framleiðandann um ýmis kynferðisbrot.

„Það er kominn tími til að fólk sem nauðgar öðru fólki borgi fyrir líf þeirra sem hann tók með lífi sínu," sagði Haley í yfirlýsingu sem hún las upp fyrir dóminn.

Weinsteins bíða frekari sakargiftir í Los Angeles. **– fbl**

WHO skilgreinir COVID-19 sem heimsfaraldur

COVID-19 Covid-19 faraldurinn er nú heimsfaraldur samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Skilgreiningin nær til farsótta sem náð hafa mjög mikilli útbreiðslu, jafnvel um allan heim. Þá eru fleiri sjúkdómstilfelli en búast má við í mörgum löndum á tilteknu tímabili.

Rúmlega 120 þúsund manns hafa smitast af veirunni og tæplega 4.400 látist. „Við erum í þessu saman, til að gera réttu hlutina með ró og vernda íbúa heimsins. Það er hægt," sagði Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO, í gær.

Það er sjaldgæft að lýst sé yfir heimsfaraldri. Á 20. öld var það einungis gert þrisvar. Sá fyrsti var Spænska veikin sem gekk yfir heiminn á árunum 1918-19 og felldi um 50 milljónir manna. Asíuflensan 1957-58 var skæð inflúensa af völdum völdum H2N2-veirunnar. Hong Kong-flensan sem geisaði upp úr 1968 var af völdum H3N2-veiru og sú flensa herjar enn á heiminn.

Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO.

Síðast var lýst yfir heimsfaraldri vegna svínaflensu árið 2009, en hún var af völdum nýs stofns af H1N1-inflúensuveirunni. Sú yfirlýsing WHO mætti töluverðri gagnrýni en stofnunin hafði þá nýlega lækkað þröskuldinn fyrir skilgreiningu á heimsfaraldri.

Tedros sagði nýverið að COVID-19 faraldurinn væri af öðrum toga. „Þessi vírus er ekki inflúensa. Við erum á ókunnum miðum," sagði hann. **– ds**

Segist víst geta sigrað Trump

Þótt Joe Biden hafi nú mikla yfirburði í baráttunni um útnefningu Demókrata er Sanders í fullu fjöri. Hann hafnar því að Biden sé líklegri til að geta sigrað Trump og segist hlakka til kappræðna á sunnudag.

BANDARÍKIN Þrátt fyrir vonbrigði annan þriðjudaginn í röð, er Bernie Sanders ekki af baki dottinn í baráttunni um að hljóta útnefningu Demókrata fyrir forsetakosningarnar sem fara fram í nóvember.

Varaforsetinn fyrrverandi sigraði í öllum ríkjunum sem kusu kjörmenn á þriðjudaginn, nema í minnsta ríkinu, Suður-Dakóta.

Biden hafði aflýst kosningafundi sem boðaður hafði verið en steig þó á svið í Stjórnarskrármiðstöðinni í Pennsylvaníu og þakkaði fyrir daginn. Það var annar bragur á Biden en áður. Hann talaði hlýlega til Sanders og stuðningsmanna hans, rétt eins og Sanders hefði þegar tilkynnt að hann væri hættur. „Ég vil þakka Bernie Sanders og stuðningsmönnum hans fyrir óþrjótandi orku og ástríðu."

Ræða Bidens bar öll merki þess að hann fyndi sjálfur að sigurinn væri í sjónmáli. Hann var landsföðurlegur en hógvær í senn. Fyrir réttum tveimur vikum leit út fyrir að baráttu hans væri lokið. Hann var langt á eftir Sanders og bæði Pete Buttigieg og Amy Klobuchar voru komin fram úr honum. Svo sigraði hann í Norður-Karólínu, taflið snerist við með dramatískum hætti og hann landaði stórsigri á stóra þriðjudeginum 3. mars.

Eftir sigurinn í gær eru stuðningsmenn Bidens og áhrifamenn í flokknum farnir að þrýsta á Sanders leynt og ljóst að láta gott heita. Flokkurinn þurfi tíma til að græða sár og ná vopnum sínum fyrir slaginn við Donald Trump um Hvíta húsið. Stuðningsmenn Sanders hafa margir verið gríðarlega óánægðir innan flokksins allt frá því í kosningabaráttunni 2016 þegar Sanders tapaði fyrir Clinton og segja má að flokkurinn sé klofinn milli hófstilltra og róttækra Demókrata.

Jill Biden eignkona Joe Bidens var ánægð með árangurinn í gær og fagnaði með stuðningsmönnum. MYND/GETTY

> **Ég vil þakka Bernie Sanders og stuðningsmönnum hans fyrir óþrjótandi orku og ástríðu.**
>
> Joe Biden, forsetaframbjóðandi og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna

Sigur Bidens í stærsta ríkinu, Michigan, olli Sanders mestu vonbrigðunum en hann hafði unnið sigur í því ríki í slagnum við Hillary Clinton 2016. Svo mikið var áfallið að Sanders ávarpaði ekki stuðningsmenn sína með neinum hætti, fyrr en eftir hádegi daginn eftir að niðurstöðurnar lágu fyrir. Þangað til lá í loftinu sú spurning hvort hann hygðist láta gott heita.

Blaðamannafundur hans var með töluvert öðru sniði en ræða Bidens kvöldið áður. Sanders virtist herskár. Hann beindi orðum sínum ekki aðeins að stuðningsmönnum sínum heldur einnig að Biden og flokknum.

„Sú lína sem við heyrum aftur og aftur er þessi: Málefni ykkar eru góð og þið talið fyrir mikilvægum málum en ég verð að kjósa Biden því hann er líklegri til að geta unnið Trump," sagði Sanders og hélt áfram: „Þessu er ég alfarið ósammála."

Sanders vísaði til öflugasta kjósendahóps síns, unga fólksins, og talaði til flokksforystunnar sem gæti ekki lengur tryggt stuðning yngri kynslóðanna og raunar ekki heldur fólks á þrítugs- og fertugsaldri. Stærsti stuðningshópur Bidens væru kjósendur yfir 65 ára og flokkurinn hlyti að sjá að hann myndi deyja út ef ekkert yrði að gert.

Sanders lauk máli sínu með því að lýsa tilhlökkun til kappræðna frambjóðendanna tveggja sem fram eiga að fara á sunnudag. Og með yfirlýsingu um þá tilhlökkun er ljóst að hann er hvergi nærri hættur. **adalheidur@frettabladid.is**

Ísland styður fullveldi af heilum hug

UTANRÍKISMÁL Árni Þór Sigurðsson, sendiherra í Helsinki, tilkynnti Yehor Bozhak, aðstoðarutanríkisráðherra Úkraínu, á fundi í gær að Ísland stæði heils hugar að baki fullveldi Úkraínu og kröfu landsins um að fá eigin landsvæði til baka af Rússum. Þakkaði Bozhak fyrir og greindi frá aukinni spennu í austurhluta landsins, sem stuðningsmenn Rússa hafa hernumið að stórum hluta. Árni Þór tekur við sem sendiherra í Moskvu í júní næstkomandi.

Ræddu Árni Þór og Bozhak einnig um styrkingu á tvíhliða samstarfi Íslands og Úkraínu á ýmsum sviðum, svo sem í viðskiptum, ferðamennsku, háskólastarfi og jarðvarmaorku. Þá ræddu þeir einnig um nauðsyn þess að koma á beinum flugsamgöngum á milli landanna.

Átökin á milli Rússa og Úkraínumanna hafa staðið yfir síðan 2014 þegar Krímskagi var hernuminn og loks innlimaður í Rússland. Þá hafa átökin í austurhlutanum, Donbass-héraði, verið viðvarandi og Rússar stutt dyggilega við bakið á uppreisnarmönnum með því að senda hermenn, vopn og peninga yfir landamærin.

Árni og Bozhak funduðu í gær. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTI ÚKRAÍNU

Volodimír Selenskij, forseti Úkraínu, telur sig geta samið við Pútín um frið á þessu ári, en viðurkenndi í viðtali við The Guardian fyrir skemmstu að tími til viðræðna væri að renna út og hann þyrfti að sjá raunverulegan samningsvilja frá rússneska forsetanum. **– khg**

ergomotion®

Upphaf nýrra **drauma!**

Stillanlegir heilsudagar.
20% afsláttur af öllum
stillanlegum heilsurúmum.

Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

20%
af öllum stillanlegum heilsurúmum

Tilboðsverð frá
307.608 kr.
Hjónarúm 2x90x200 cm
Fullt verð frá 384.510 kr

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Ástand heimsins

Síðustu 49 sjúklingarnir voru fluttir úr Hongshan-íþróttahúsinu í Wuhan-borg í kína þar sem einn af tólf bráðabirgðaspítölum borgarinnar var settur upp til að bregðast við kórónafaraldrinum. Unnið hefur verið að lokun hluta þeirra en faraldurinn hefur verið í rénun í borginni, þar sem COVID-19 greindist fyrst. Á sama tíma er hann að brjótast út víða annars staðar um heim. MYNDIR/GETTY



Þúsundir aðdáenda tóku á móti Valencia fyrir utan heimavöll liðsins sem tók á móti Atalanta í öðrum leik liðanna í Meistaradeildinni á þriðjudag. Lengra komust þeir ekki því leikurinn var lokaður áhorfendum í varúðarskyni.

Pólskir landamæraverðir og heilbrigðisstarfsmenn klæddir hlífðarfatnaði taka sýni og mæla hita rútufarþega við landamæri Póllands og Þýskalands.

Stephen Linch, þingmaður Demókrata í fulltrúadeild bandaríska þingsins, og dr. Anthony Fauci, forstöðumaður Heilbrigðisvísindastofnunar Bandaríkjanna, heilsuðust með olnbogaskoti við upphaf fundar eftirlitsnefndar þingsins um viðbrögð bandarískra stjórnvalda við faraldrinum þar sem Fauci svaraði spurningum þingmanna.

Íbúar í borginni Manila á Filippseyjum eru farnir að hamstra vegna COVID-19. Stjórnvöld lýstu yfir neyðarástandi á þriðjudaginn eftir að fyrstu innanlandssmitin voru staðfest. Viðskiptavinir stórmarkaða geta gripið forpakkaðar nauðsynjar við innganga til að takmarka samneyti við aðra.

Auður er eins árs!
Takk fyrir góðar viðtökur.



Ávaxtaðu með Auði.
Það tekur aðeins þrjár mínútur að vera með.
audur.is

audur
Dóttir Kviku

Veruleg lækkun gæti komið til greina

Seðlabankastjóri segir verulega lækkun á sveiflujöfnunaraukanum geta komið til greina. Hann útilokar ekki kaup Seðlabankans á sértryggðum skuldabréfum fyrirtækja. Sérfræðingur hjá Akta sjóðum telur miklar líkur á frekari aðgerðum af hálfu bankans.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir það geta komið til greina að sveiflujöfnunaraukinn, sem leggst ofan á eiginfjárkröfur bankanna, verði lækkaður verulega. Nýskipuð fjármálastöðugleikanefnd muni taka það til skoðunar þegar hún komi saman síðar í mánuðinum.

Í viðtali við Markaðinn bendir Ásgeir á að sveiflujöfnunaraukinn – sem nemur nú tveimur prósentum eftir að hafa verið hækkaður um 0,25 prósentustig í byrjun síðasta mánaðar – sé hugsaður þannig að bankarnir hafi borð fyrir báru til þess að bregðast við afskriftum á útlánasafni sínu í niðursveiflu.

„Hann er því ætlaður til þess að mæta svona aðstæðum," segir hann.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands flýtti vaxtaákvörðun sinni um eina viku og ákvað í gær að lækka vexti bankans um hálft prósentustig. Meginvextir bankans verða því 2,25 prósent en þeir hafa lækkað um 2,25 prósentustig frá því í maí í fyrra. Um leið var meðaltalsbindiskylda bankanna lækkuð úr einu prósenti í núll prósent.

„Með þessum aðgerðum er slakað nokkuð á taumhaldi peningastefnunnar í ljósi versnandi efnahagshorfa í kjölfar aukinnar útbreiðslu COVID-19," sagði í yfirlýsingu nefndarinnar.

Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum, segir Seðlabankann hafa tekið góð skref með aðgerðum sínum og skilaboðum í gær. Fastlega megi búast við frekari vaxtalækkunum.

„Það var góð ákvörðun hjá bankanum að bíða ekki með fundinn þar til í næstu viku og er það í samræmi við það sem helstu seðlabankar heims hafa verið að gera að undanförnu. Óvissan hefði orðið of mikil ef bankinn hefði beðið í eina viku í viðbót," segir hann í samtali við Markaðinn.

Fjárfestar tóku vel í aðgerðir Seðlabankans en til marks um það hækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 2,5 prósent í viðskiptum gærdagsins á hlutabréfamarkaði og ávöxtunarkrafa á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum hríðféll, um allt að tuttugu punkta.

Birgir segir aðgerðirnar góðar og tóninn á kynningarfundi seðlabankastjóra hafa verið betri en á síðustu fundum.

„Bankinn er raunsær og viðurkennir að óvissan er mikil og að fyrri spár eru úreltar. Það þýðir ekkert annað en að tala opinskátt um óvissuna á meðan hún er eins mikil og raun ber vitni," nefnir hann.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri á fundi vegna vaxtalækkunar bankans í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Danske Bank segir íslensku viðskiptabankana geta orðið fyrir höggi

Ef ferðaþjónustan hér á landi verður fyrir áfalli til lengri tíma vegna útbreiðslu kórónaveirunnar gæti það reynst hagkerfinu og stóru viðskiptabönkunum þremur þungt í skauti. Þetta er mat greinenda Danske Bank sem mæla ekki lengur með yfirvigt í skuldabréfum bankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans.

Í greiningu Danske Bank, sem gefin var út í gær, er bent á að samdráttur í ferðaþjónustu geti haft veruleg áhrif á íslenska hagkerfið og þar á meðal á stöðu bankanna.

„Við leggjum áherslu á að allir þrír bankarnir hafa sterka eiginfjárauka, sem geta mætt mögulegu tapi, og grunnsviðsmynd okkar er sú að hægagangurinn verði tímabundinn," segir í greiningu danska bankans.

Að mati greinenda Danske Bank munu áhrif kórónaveirunnar á íslenskt hagkerfi ráðast af tveimur þáttum. Annars vegar hvert umfang ferðatakmarkana og afbókana í flug verður og hins vegar hvenær eftirspurn eftir ferðalögum í heiminum taki við sér á nýjan leik.

Sérfræðingar Danske Bank benda á að í samanburði við evrópska seðlabanka hafi Seðlabanki Íslands meira svigrúm til að styðja við hagkerfið, enda séu stýrivextir hér hærri en annars staðar. Þá sé skuldastaða íslenska ríkisins heilbrigð og veiti stjórnvöldum rými til að bregðast við ef þess gerist þörf.

Hins vegar geti slík hagstjórnarviðbrögð aðeins haft takmörkuð áhrif, sér í lagi til skemmri tíma, til þess að bregðast við minni ytri eftirspurn eftir vörum og þjónustu hér á landi.

Aðspurður um hvort til greina komi að Seðlabankinn beiti efnahagsreikningi sínum með því að kaupa sértryggð skuldabréf fyrirtækja á markaði í því augnamiði að lækka langtímavexti og auka lausafé í umferð segist Ásgeir ekki útiloka neitt.

„Þetta er eitthvað sem við munum skoða. Seðlabankar úti í heimi fóru hins vegar í slíkar magnbundnar aðgerðir þegar vextir þeirra voru komnir niður í núll og þeir þurfa að beita öðrum tækjum en vöxtunum til að örva hagkerfið. Við erum enn með okkar vexti yfir tvö prósent," nefnir hann.

Þá bendir Ásgeir á að ef bankana skorti lausafé séu einnig aðrir möguleikar fyrir hendi, eins og endurhverf viðskipti við Seðlabankann, en reglur um þau voru rýmkaðar í fyrra þegar sértryggð skuldabréf bankanna voru samþykkt sem hæf til tryggingar í slíkum viðskiptum við bankann.

Óvissan hefði orðið of mikil ef Seðlabankinn hefði beðið í eina viku í viðbót.

Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum

2,5%

var hækkun á úrvalsvísitölu Kauphallarinnar í viðskiptum gærdagsins.

Vill ekki að forðinn verði minni

Ásgeir nefndi á fundinum að Seðlabankinn væri vel í stakk búinn til þess að mæta ýktum sveiflum á gengi krónunnar, meðal annars vegna mikils viðskiptaafgangs og um 800 milljarða króna gjaldeyrisforða.

Aðspurður segir Ásgeir forðann vissulega nokkuð dýran, enda þótt kostnaðurinn hafi farið minnkandi með lækkandi vaxtamun. „Ég myndi ekki vilja sjá gjaldeyrisforðann minni," nefnir hann þó og bendir á að hann gefi fjármálakerfinu ákveðinn trúverðugleika.

Birgir segir að svo virðist sem Seðlabankinn horfi mikið til þess hve slæmur annar ársfjórðungur verði á meðan einhverjar vonir séu bundnar við að ástandið skáni á þriðja ársfjórðungi.

„Hættan er hins vegar sú," útskýrir hann, „að þriðji ársfjórðungur verði einnig mjög erfiður. Það er ekki endilega gefið að þótt veiran myndi gangi hraðar yfir en búist er við að hagkerfið taki undir eins við sér. Sem dæmi er erfitt að sjá fyrir sér að áhugi á ferðalögum til Íslands aukist endilega til muna strax í sumar. Það væri óskandi en ég er smá hræddur um að Seðlabankinn sé mögulega að vanmeta áhættuna fyrir síðsumarið."

Aðspurður telur Birgir miklar líkur á því að frekari aðgerða, svo sem meiri vaxtalækkana, sé að vænta. Jafnframt sé ljóst að bankinn sé ekki bundinn af áður útgefnu dagatali yfir vaxtaákvörðunardaga. Hann muni boða til funda og taka ákvarðanir þegar hann telur þess þörf.

„Seðlabanki Bandaríkjanna lækkaði til dæmis vexti um fimmtíu punkta á neyðarfundi í síðustu viku og búist er við 75 punkta lækkun í viðbót á markaðinum þar í næstu viku. Það er mikil pressa á seðlabönkum að bregðast hratt við stöðu mála. Það er allt opið," segir Birgir.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is

Varar við því að órekstrarhæfum fyrirtækjum verði haldið á lífi

Stjórnvöld þurfa að gæta þess að aðgerðir til að sporna við samdrætti vegna kórónafaraldursins skapi ekki óheilbrigt umhverfi þar sem rekstrarhæf fyrirtæki keppa við órekstrarhæf fyrirtæki sem haldið er uppi af fjármálakerfinu. Þetta segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures sem er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins.

„Aðgerðirnar eru mjög óljósar en það er fagnaðarefni að stjórnvöld séu vöknuð til lífsins og telji nauðsynlegt að hér verði áfram lífvænleg ferðaþjónusta," segir Styrmir Þór en ríkisstjórnin kynnti í fyrradag aðgerðaáætlun sem ætluð er til að bregðast við efnahagslegum áhrifum kórónafaraldursins.

Stjórnvöld mega ekki skapa freistnivanda með því að styðja við fyrirtæki, sem voru ekki rekstrarhæf áður en faraldurinn hófst, í gegnum bankakerfið.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures

Á blaðamannafundinum kom fram að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir virku samráði milli stjórnvalda og Samtaka fjármálafyrirtækja um viðbrögð þeirra við erfiðleikum fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þá greindi Markaðurinn í gær frá tillögum sem fulltrúar bankanna hafa kynnt fyrir Seðlabanka Íslands. Meðal annars er lagt til að ríkið muni bera hluta af þeirri útlánaáhættu sem fylgir því ef bankarnir koma til móts við fyrirtæki, einkum í ferðaþjónustu, með aukinni lausafjárfyrirgreiðslu.

„Stjórnvöld mega ekki skapa freistnivanda með því að styðja við fyrirtæki, sem voru ekki rekstrarhæf áður en faraldurinn hófst, í gegnum bankakerfið. Það hefur lengi verið ljóst að mörg fyrirtæki eru raunverulega gjaldþrota og þau eru rekin með fjármagni frá fjármálafyrirtækjum í samkeppni við heilbrigð fyrirtæki," segir Styrmir Þór.

„Það þarf að tryggja að hér verði lífvænleg ferðaþjónusta með rekstrarhæfum fyrirtækjum þegar veiran hefur gengið yfir. Það bætir aðeins gráu ofan á svart að halda órekstrarhæfum fyrirtækjum á lífi í gegnum erfiðleikana," bætir hann við.

Styrmir segir að langtímahorfur fyrir ferðaþjónustu á Íslandi séu góðar þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi skyndilega breyst vegna faraldursins. Ísland verði eftir sem áður áhugaverður áfangastaður sem ferðamenn vilji heimsækja og tryggja þurfi framboð á flugi, gistingu og afþreyingu.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði á blaðamannafundinum í fyrradag að aðgerðir stjórnvalda væru ekki ætlaðar fyrirtækjum sem hafa verið í viðvarandi greiðsluvanda og í vanskilum.

„Við erum meira að horfa til fyrirtækja sem eru lífvænleg og hafa burði til þess að standast samkeppni við eðlilegar aðstæður en eru augljóslega að verða fyrir áfalli," sagði Bjarni. – **þfh**

BETRI DAGUR MEÐ GÓÐRI BÓK!

Glæpur við fæðingu
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Agathe
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Konan sem datt upp stigann
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Úlfakreppa
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Snerting hins illa
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Undir yfirborðinu
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.299.-



Litlar konur
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 2.999.-



Ennþá ég
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Siddi gull - Æviminningar
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 7.699.-

Valdimarsdagur
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.799.-



Bláleiftur
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Hvítt haf
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 15. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Úr suðri líkist Birnudalstindur sökkvandi skipi. Hér nálgast fjallaskíðahópur „skutinn“ af svokallaðri Skálafellsjökulsleið.
MYNDIR: ÓMB

Titanic Suðursveitar

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Birnudalstindur er 1396 m hár tindur í Kálfafellsfjöllum upp af Suðursveit, einn margra í sunnanverðum Vatnajökli. Úr suðri líkist hann helst sökkvandi skipi, eins og skuturinn á Titanic stingist í hvítan sæ Vatnajökuls. Landslagið í kring minnir á Alpana þar sem skriðjöklar steypast niður þverhnípta dali og neðst tekur við net jökulfljóta sem líkjast kransæðum mannshjarta.

Tilkomumestur er Kálfafellsdalur og inn af honum snarbrött Þverártindsegg (1544 m). Aðeins austar er ekki síður fallegur dalur, Staðardalur, og inn af honum Birnudalur. Þar opnast fjallaleikhús sem býður upp á sýningar af dýrari gerðinni. Best er að leggja til atlögu við Birnudalstind að vori til eða snemmsumars þegar snjór hylur brekkur sem annars geta verið lausar og erfiðar uppgöngu. Flestir gista á Hala eða Gerði í Suðursveit en þar í sveit fæddist og óx úr grasi rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson (1888-1974). Mörg hans frægustu verk, eins og Steinarnir tala, eiga sér einmitt kveikju í kynngimagnaðri náttúru Suðursveitar.

Frá Hala er ekið að Kálfafellskirkju en þaðan má með leyfi ábúenda aka jeppaveg að mynni Birnudals. Haldið er upp stöllóttar hlíðar sunnan Birnudalsár og áin stikluð eða vaðin ofan við fallega fossa. Smám saman blasir tignarlegur Birnudalstindur við og langar snjóbrekkur suður af honum. Þeim er fylgt upp að klettabelti neðan tindsins en síðan sveigt til vesturs upp á hrygg sem leiðir að skuti skipsins. Síðasta brekkan getur verið varasöm og sérstaklega þarf að gæta að snjóflóðum. Þarna býðst eitt stórkostlegasta útsýni af íslensku fjalli, m.a. ofan í Kálfafellsdal en einnig yfir að Öræfajökli með Sveinstindi og Kaldárnúpi (1406 m) og Kverkfjöllum í norðri. Í suðri blasir síðan við svört strandlengjan að Vestra-Horni og Hornafirði. Af tindi Birnudalstinds bjóðast þrjár miskrefjandi leiðir og er algengast að ganga eða skíða niður sömu leið til baka, samtals 15 km. Ef veður er gott og ekki hætta á snjóflóðum er hægt að þræða svokallaða tindaleið. Er þá fylgt eggjum tindanna milli Kálfafells- og Birnudals í suðvestur. Þetta er 21 km krefjandi ganga þar sem skynsamlegt er að hafa staðkunnuga með í för og styðjast við GPS-ferla, ekki síst til að finna rétta leið niður að Kálfafellskirkju.

Þriðja leiðin hentar vel fjallaskíðafólki og er þá skíðað af toppnum niður eftir Skálafellsjökli að skálanum Jöklaseli. Þaðan liggur 16 km krappur jeppavegur niður að Smyrlabjargavirkjun. Á leiðinni til Reykjavíkur er síðan tilvalið að skoða Þórbergssetur á Hala og kynnast betur meistara Þórbergi og hvernig mögnuð náttúra Suðursveitar mótaði hann sem rithöfund.

Umhverfi Birnudalstinds, sem sést í baksýn til hægri, er tindaveisla fyrir allan peninginn.

Birnudalstindur séður úr Birnudal. Snjófannir undir hlíðum hans eru með bestu fjallaskíðabrekkum landsins.

Fókus á hjarta landsins

Sheer
Driving Pleasure

NÝR BMW X3 30e PLUG-IN HYBRID.

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM98375

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Nýr BMW X3 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi er nú í fyrsta skipti fáanlegur með rafhlöðu og drægi allt að 50 kílómetra samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum.* Bensín og rafmótor skila samtals 292 hestöflum og veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

BMW X3 30e. **Verð frá: 7.190.000 kr.**

Nánari upplýsingar á www.bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Fordæmið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Víst er mannkynið of mörgum stundum eigingjarnt og sjálfhverft, en þrátt fyrir það eru fjölmargir einstaklingar sem vilja ekki horfa aðgerðalausir upp á neyð annarra heldur rétta þeim hjálparhönd hafi þeir tækifæri til.

Einhverjir myndu halda að stjórnmálamenn legðu út á braut stjórnmála einmitt til að láta gott af sér leiða og gera sitt til að skapa öðrum betri aðstæður. Áhugaleysi stjórnmálamanna á að gera einmitt þetta er oft æpandi og opinberast í mörgu. Eins og til dæmis í málum þeirra flóttamanna sem flýja stríð og ofsóknir og koma hingað með börn sín í von um að geta skapað þeim örugga framtíð í friðsömu landi. Í stað þess að hugsun stjórnmálamanna sé: „Leyfum þeim að koma," þá er viðhorf þeirra margra: „Enn einir flóttaforeldrarnir með börn í neyð. Mál sem ég get ekki verið að skipta mér af!"

Samt erum við Íslendingar þjóð sem á ráðherra sem hefur titilinn „barnamálaráðherra". Sá titill er eins og hannaður til að stæra sig af á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna. Þegar börn flóttafólks eiga í hlut lætur þessi ráðherra þó ekki ná í sig. Dómsmálaráðherrann lætur sig engu varða þótt hópur fólks mótmæli við ráðuneytið kaldrifjaðri afstöðu sem ríkir hér á landi í málefnum flóttafólks. Ráðherrar Vinstri grænna umvefja sig síðan þögninni meðan allir vita að viðbrögðin yrðu á annan veg væru þeir í stjórnarandstöðu. Þá hefðu þeir hraðað sér í hóp mótmælenda við dómsmálaráðuneytið.

Það er leitt þegar stjórnmálin stjórnast hverju sinni af hentistefnu. Verður það virkilega þannig eftir næstu kosningar, þegar Samfylkingin er komin í ríkisstjórn, að Helga Vala Helgadóttir, hvort sem hún er þá í ráðherraembætti eða ekki, glati samstundis umhyggju sinni gagnvart barnafjölskyldum á flótta og svari, þegar hún er spurð um stöðuna í máli einhverra þeirra: „Ég get ekki tjáð mig um einstök mál."

Nýlega var því frestað tímabundið að vísa úr landi barnafjölskyldu sem hingað leitaði og senda átti til Grikklands, þar sem aðstæður eru svo skelfilegar að Rauði krossinn hefur varað við þeim. Frestunin er einungis tímabundin og tilkomin vegna kerfisbreytinga í Grikklandi. Fjölskyldunnar bíður brottvísun, fyrr eða síðar. Hér á landi gætu börnin sem í hlut eiga átt gott líf með foreldrum sínum, en það skal haft af þeim.

Ekki er það ríkisstjórninni til álitsauka að þegja þunnu hljóði þegar börn í neyð þurfa aðstoð. Þar er við lýði hugsunin um að ekki megi skapa fordæmi. Það er einmitt heppilegt fyrir ráðamenn sem vilja ekki taka af skarið í einstökum málum að koma sér upp þeirri hugsun. Um leið telja þeir sig vera stikkfrí. Það breytir þó engu um það að þeir eru sekir um að koma harðneskjulegu kerfi til varnar.

Sjálfsagt líður þeim óþægilega þegar við þeim blasa á sjónvarpsskjánum falleg og sakleysisleg andlit barna sem senda á í skelfinguna í Grikklandi. Um leið er samviskan sefuð með hugsuninni um að alls ekki megi gefa fordæmi.

Sjálfsagt líður þeim óþægilega þegar við þeim blasa á sjónvarpsskjánum falleg og sakleysisleg andlit þeirra barna sem senda á í skelfinguna í Grikklandi.

Halldór

Frá degi til dags

Tóm steypa

Í annað sinn á stuttum tíma fer fram eftirför lögreglu í miðbæ Reykjavíkur. Fyrir stuttu var konu nokkurri á jepplingi veitt eftirför um Sæbraut og Lækjargötu, sem endaði syðst í Lækjargötu. Þarna voru tugir gangandi vegfarenda á ferð og mikil hætta á ferð. Enn alvarlegra atvik varð í gærmorgun þegar maður, dasaður af vímuefnum, tók steypubíl traustataki og var veitt eftirför eftir Sæbrautinni, eftir að hann ók bílnum niður Laugaveg, Bankastræti og Lækjargötu. Í báðum tilvikum fæst ekki annað séð en að hægt hefði verið að stöðva för bifreiðanna fyrr en raunin varð. Það er ekkert grín að stöðva ökumenn sem eru viti sínu fjær, að ekki sé nú minnst á heilan steypubíl. En lögreglumenn eru sérþjálfaðir til þess og bifreiðar þeirra margar útbúnar til þess arna. Lögreglan verður því að rökstyðja fyrir borgurum hvers vegna þetta var ekki gert.

Í gangi

Það er erfitt að koma steypu úr tromlu steypubíls nema hann sé í gangi. Því verður líklega ekki breytt. Hins vegar má athuga hvort ekki sé ráð að loka verkstöðum svo tryggilega að þangað rambi ekki fólk sem fær fráleitar hugmyndir og framkvæmir þær. Það hlýtur að vera hægt að setja það í einhverja reglugerðina, úr mörgum er að velja þegar kemur að vinnuvernd, byggingum, öryggismálum og svo framvegis.

Vanvirðing við landbúnað

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Ríkisstjórnin hyggst standa fyrir lagasetningu sem á að stuðla að trausti og gagnsæi í upplýsingagjöf fyrirtækja „sem almennt má telja að séu þjóðhagslega mikilvæg og varða hagsmuni almennings". Það dylst engum að frumvarp þetta er hluti af kattarþvotti ríkisstjórnarinnar í Samherjamálinu sem vonast eftir, að með því að lofa auknum upplýsingum um fyrirtækið, þá sé líklegra að þjóðin sætti sig við það málamyndagjald sem útgerðinni er gert að greiða fyrir afnot af fiskimiðunum.

Lagafrumvarpið felur aftur á móti í sér fullkomið virðingarleysi gagnvart landbúnaði með því að lagafrumvarpið er alls ekki látið taka til landbúnaðar á neinn máta en tekur til fyrirtækja á sviði fiskveiða, í samgöngum, fjarskiptum o.fl. sem eru að mati ríkisstjórnarinnar þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings.

Að mati ríkisstjórnarinnar gildir það ekki um landbúnað sem þá er væntanlega hvorki þjóðhagslega mikilvægur né að hann sé hluti af hagsmunum almennings. Helsta keppikefli ráðamanna í landbúnaði hefur árum saman verið að leggja áherslu á mikilvægi atvinnugreinarinnar í þjóðhagslegu samhengi og hversu mikilvæg atvinnugreinin er fyrir afkomu almennings. Þessa atvinnugrein ætlar ríkisstjórnin algjörlega að hunsa af fullkomnu virðingarleysi. Ólíklegt er að ráðamenn bænda sætti sig við að vera settir skör lægra en fyrirtæki í áðurnefndum atvinnugreinum.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um laun og kjör æðstu stjórnenda fyrirtækjanna með sambærilegum hætti og hjá fyrirtækjum skráðum í kauphöll. Það segir meira um raunverulegan hug ríkisstjórnarinnar að baki frumvarpinu sem á að heita eindreginn vilji til upplýsingagjafar til þjóðarinnar.

Augljóst má telja að þegar frumvarpið var borið undir stjórnendur fyrirtækjanna hafi þeir talið að réttast væri að sleppa upplýsingum um kaup þeirra og kjör enda viðbúið að slíkt væri til þess fallið að valda þeim óþægindum sem þeir gjarnan vildu vera lausir við. Við því var greinilega orðið, Vinstri græn hafa ekki séð ástæðu til annars en fallast á þetta sjónarmið fyrirtækjanna og Sjálfstæðisflokksins.

Það dylst engum að frumvarp þetta er hluti af kattarþvotti ríkisstjórnarinnar í Samherjamálinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Má réttlæta ólíka eðlisþyngd atkvæða?

Þorsteinn Pálsson

Í ævisögu Ingólfs Jónssonar ráðherra segir frá bónda í Meðallandinu, sem sendi Skömmtunarskrifstofu ríkisins erindi með beiðni um leyfi til kaupa á klofháum gúmmístígvélum. Skömmtunarskrifstofunni þótti rétt að upplýsa viðskiptaráðherra um erindið.

Ráðherrann gaf Skömmtunarskrifstofunni síðan heimild til þess að víkja frá settum reglum í þessu tilviki vegna sérstöðu málsins. Þótt það sé ekki sagt berum orðum liggur í loftinu að þingmaður Vestur-Skaftfellinga hafi þrýst á um farsæla niðurstöðu fyrir bóndann.

Forsjá og frelsi

Þessi löngu liðna saga frá haftaárunum kom upp í hugann þegar umræður fóru fram á Alþingi í síðustu viku um vægi atkvæða. Eru einhver tengsl þar á milli? Í sjálfu sér ekki. En þeir fáu, sem töluðu fyrir óbreyttri mismunun í eðlisþyngd atkvæða, virtust gera það á þeirri forsendu að þörfin fyrir forsjá og fyrirgreiðslu þingmanna væri ríkari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Er það svo í raun og veru? Hefði á sínum tíma átt að bregðast við skorti á gúmmístígvélum með því að fjölga þingmönnum sveitanna? Hvaða vanda hefði það leyst?

Á endanum leysti Viðreisnarstjórnin vandamálið með því að afnema hafta- og skömmtunarkerfið og gefa verslunina frjálsa. Eftir það gátu bændur keypt stígvél án atbeina ráðherra. Þingmenn misstu verkefni og kannski fannst sumum þeir missa völd.

Hræðsla við breytingar

En því er ekki að leyna að hræðslan við að hverfa frá höftum til frjálsrar verslunar var rótgróin. Ýmsir staðhæfðu að frjálsræði af þessu tagi þjónaði aðeins hagsmunum kaupmanna en græfi undan stöðu þeirra sem sköpuðu raunverulega verðmæti í sveitunum og sjávarplássunum. Verðgildi þessarar kenningar féll mjög fljótt í búð reynslunnar.

Ef við lítum okkur nær í tíma er það vissulega enn svo að afstaða margra til breytinga ræðst af hræðslu við það óþekkta. Í hófi getur slík hræðsla verið dyggð, en í óhófi Þrándur í Götu framfara. En þetta á við fólk í þéttbýli rétt eins og á landsbyggðinni. Og jafnvægið þarna á milli ætti að vera eins mikilvægt fyrir fólk hvar sem það býr.

Skoðanakannanir sýna að vísu að oft er munur á afstöðu fólks eftir búsetu. En þær segja líka að skoðanir fólks eru skiptar eftir aldri, menntun og tekjum.

Orsakir byggðaþróunar

Byggðin í landinu hefur þróast til vaxandi þéttbýlis. Það er sams konar breyting og átt hefur sér stað meðal annarra þjóða. Aukin þekking, fjölbreytni í atvinnuháttum, tækniframfarir og framleiðniaukning hafa verið helstu áhrifavaldarnir um þessa þróun og um leið lífskjörin.

Áhrif atkvæðamisvægisins á byggðaþróunina eru svo óveruleg að með engu móti er unnt að skrifa ábyrgðina á þann reikning. Þó að flestir sjái eftir byggðum, sem hafa horfið eða veikst verulega, vilja fáir fara til baka á sama lífskjarastig og áður. Landsbyggðarfólk er ekkert frábrugðið öðrum með það.

Eins og sakir standa þarf landsbyggðin sennilega mest á nýsköpun að halda.

Þörf byggðanna fyrir nýsköpun

Eins og sakir standa þarf landsbyggðin sennilega mest á nýsköpun að halda. Um það þarf varla að þræta. En það getur verið ágreiningur um leiðirnar að því marki. Menn skiptast líka í tvö eða fleiri horn í þeim efnum í þéttbýlinu.

Hér má taka dæmi: Sú mismunun, sem felst í því að sumum er gert kleift að standa utan krónuhagkerfisins og öðrum ekki, bitnar eins á landsbyggðinni og borgarsamfélaginu. Kannski hallar þó heldur meir á landsbyggðina fyrir þá sök að þörfin fyrir nýsköpun er ríkari þar og þessi mismunun er ein stærsta hindrunin fyrir slíkri framþróun.

Það ræðst fyrst og fremst af almennum pólitískum viðhorfum hvort tekið verður á mismunun af þessu tagi. Sértæk fyrirgreiðsla mun litlu eða engu áorka í því efni nú fremur en fyrr.

Þegar öllu er á botninn hvolft standa engin gild rök til þess að víkja frá því almenna mannréttindasjónarmiði að atkvæðarétturinn eigi að vera einstaklingsbundinn og jafn.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!

• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt! Download on the App Store GET IT ON Google Play

Svartir peningar

Gunnlaugur Stefánsson
sóknarprestur í Heydölum

Fyrir nokkrum árum dvöldum við hjónin í borg á vesturströnd Mexíkó og nutum gestrisni Íslendinga sem þar áttu heima. Þau sýndu okkur borgina og kærkomið að gera það með hagvönu heimafólki. Mikil uppbygging hafði átt sér stað síðustu ár og mörg glæsileg hótel risið með fram ströndinni. Það vakti athygli okkar, að þau stóðu þarna fullbúin hvert af öðru, en voru nánast tóm, engir gestir og á háferðamannatíma. Vinir okkar sögðu, að þetta væri byggt fyrir gróðann í eiturlyfjaiðnaðinum, betra að geyma peningana í steypu heldur en að hlaða dollarabúntunum upp á bretti í vörugeymslum.

Þessi reynsla frá Mexíkó rifjast upp fyrir mér í umræðum um peningaþvætti og fjárfestingar með erlendu fé á Íslandi. Komið hefur ítrekað í ljós að varnir gegn peningaþvætti í landinu hafi verið nánast engar á sama tíma og útlenskt fjármagn streymir inn í landið í alls konar fjárfestingar og nemur tugum milljarða – og enginn spyr um uppruna og eiganda fjárins. Það kennir reynslan að þangað leitar féð þar sem það er velkomið. Ísland er á heimsmarkaði. Gilda önnur lögmál hér um fjárfestingar fyrir illa fengið fé en t.d. í Mexíkó?

Við blasir að vandinn er ekki þjóðerni kaupandans, heldur hrakvirði jarðanna.

Svo vill ríkisstjórnin sefa þjóðarsálina með því að setja hömlur á fjárfestingar útlendinga í íslenskum jörðum sem hafa þó verið rannsakaðar meira en flest annað af fjölmiðlum. Engar grunsemdir um peningaþvætti eiga þar við. Við blasir að vandinn er ekki þjóðerni kaupandans, heldur hrakvirði jarðanna. Jarðakaup James Ratcliffe kosta t.d. samtals aðeins brot af einni hótelfjárfestingu í Reykjavík. Þá mættu margir Íslendingar taka Ratcliffe sér til fyrirmyndar varðandi umgengni á jörðunum, t.d. Landsbankinn í eigu ríkisins sem lætur jarðir sínar frekar fara í eyði en að gera nýja leigusamninga. Sá breski leggur sig þó fram um að verja búsetuna á jörðum sínum og jafnvel án endurgjalds og hefur varið umtalsverðum fjármunum í framkvæmdir til að að styrkja villta laxastofna.

En það er þægilegt, jafnvel til vinsælda fallið í pólitíkinni, að horfa fram hjá vandanum með sýndartilraunum og þykjast verja þjóðina og sérstaklega bændur gegn útlenskri ásælni, sem bera svo tjónið í enn lægra jarðaverði. Áfram flæða svo peningar inn í landið í alls konar aðrar fjárfestingar en jarðakaup og flestum sama um eigendur og uppruna fjárins á meðan von er um skjótfenginn gróða fyrir íslenskt efnahagslíf. Sama viðhorf gilti einmitt um fjármálaviðskiptin í borginni á vesturströnd Mexíkó.

Opið bréf til Bjarna Benediktssonar

Sigurður Ingólfsson
öryrki, doktor í frönskum bókmenntum og guðfræðinemi

Heill og sæll vert þú.

Ég vona að ég sé ekki að rífa þig burt frá bakstri eða lífsgæðaaukningunni sem þú segir okkur almúganum að sé umtalsverð. Maður í þinni stöðu, hefur kannski ekki mikinn tíma til að lesa eitt svona lettersbréf og það er skiljanlegt, en þú hlýtur að geta fengið aðstoðarmann þinn eða aðstoðarkonu til að segja þér undan og ofan af því sem fólk hugsar utan veggja Alþingis og Stjórnarráðs, þannig að ég örvænti ekki og verð alls ekki hissa þegar þú svarar ekki þessu tilskrifi.

Þannig er mál með vexti að ég er óskaplega fattlaus þegar kemur að yfirlýsingum valdhafa. Nú hefur þú farið mikinn um það hvað lífskjör hafa batnað, kaupmáttur aukist og að ellilífeyrisþegar og öryrkjadruslur eins og ég, hafi það margfalt betra en áður. Og fyrst að þú heldur þessu fram, þá hlýtur það að vera rétt. Ekki færi strangheiðarlegur pólitíkus (sem reyndar eru vandfundnir) að ljúga upp í opið geðið á landsmönnum þessarar fámennu þjóðar. Þannig að trúandi orðum þínum, þá spyr ég eins og fávís karldurgur: Hvar í mínu lítilsverða lífi finn ég alla þessa velmegun og öll þessi frábæru lífskjör og hvar í buddunni minni finn ég fyrir allri þessari hækkun örorkubóta.

Hvar í mínu lítilsverða lífi finn ég alla þessa velmegun og öll þessi frábæru lífskjör og hvar í buddunni minni finn ég fyrir allri þessari hækkun örorkubóta.

Reyndar veit ég sosum að öryrkjar eru lítið annað en baggi á samfélaginu og þess vegna skammast ég mín alltaf fyrir að vera ekki bara jakkafataklædd fyrirvinna með almennileg laun hjá einhverju risafyrirtæki eins og Samherja og er inn undir hjá stjórnvöldum. Og til að vera almennileg manneskja ætti ég að eiga helling af peningum sem ég kemst aldrei yfir að njóta í einhverri skattaparadísinni.

En ég er auðvitað ekki að segja að þú gerir slíkt, þú ert í svo góðri vinnu að þú getur almennilega haldið heimili á Íslandi. Svoleiðis ríkidæmi á ég ekki og hef enga völ á því en bý við annars konar ríkidæmi sem til dæmis felst í því að hafa tíma með uppkomnum strákunum mínum og minnar fyrrverandi konu og nýt þess. En þó að tíminn sé til staðar, get ég lítið boðið upp á annað en sjálfan mig og það er auðvitað leiðigjarnt fyrir þá til lengdar. Og þá er loksins komið að aðalatriðinu, hvernig fer ég að því að finna fyrir öllum þessum bættu lífskjörum og hvar finn ég hækkunina á bótunum mínum? Ég er búinn að fá um skeið 145.000 krónur útborgaðar frá Tryggingastofnun á mánuði og kann greinilega ekki að þefa uppi alla hækkunina sem þú segir að ég hafi fengið. Með von um útskýringar,

bestu kveðjur,
Sigurður Ingólfsson.

Sex mánaða starf Sorgarmiðstöðvar

Hulda Guðmundsdóttir
formaður stjórnar Sorgarmiðstöðvar

Um þessar mundir eru sex mánuðir síðan Sorgarmiðstöð hóf starfsemi sína. Á þessum stutta tíma hefur komið í ljós að það er full þörf fyrir úrræði sem býður upp á sorgarúrvinnslu því fjölmargir hafa nýtt sér þjónustuna, hvort sem um er að ræða fræðslu, beinan stuðning eða ráðgjöf. Það vekur athygli að mikil aðsókn er í fræðslu fyrir þau sem hafa „nýlega misst“, en sú þjónusta er í samvinnu við Landspítalann og í boði á þriggja mánaða fresti í Lífsgæðasetri St. Jó. í Hafnarfirði. Það fylgir „góður andi“ þessu fallega gamla húsi sem Hafnarfjarðarbær er að gera upp af myndarbrag og það er gott að bjóða fólki í „Hjartað“ í húsinu þar sem er heimilisleg aðstaða og notalegt að setjast niður, spjalla og nærast.

Sorgarmiðstöð hefur mætt einstökum velvilja margra aðila í Hafnarfirði, svo sem veitingastaða og verslana sem af örlæti hafa gefið veitingar og stutt þannig við starfsemina, en Sorgarmiðstöð fellur undir „þriðja geirann“ sem framtak til almannaheilla og á allt sitt undir styrkjum einka- eða opinberra aðila til verkefna sinna. Það, að vera almannaheillasamtök, felur í sér að starfsemin er ekki hagnaðardrifin heldur rennur allt það fé sem aflast í starfsemina sjálfa.

Að bjóða upp á úrræði í sorg er á margan hátt afar viðkvæm starfsemi og því er mikilvægt að gegnsæi ríki um alla starfsemi Sorgarmiðstöðvar. Miðstöðin er ekki meðferðarúrræði. Það er skýrt tekið fram, en hún hefur á að skipa fólki með margháttaða reynslu, bæði í gegnum eigin missi og með menntun sem reynist vel í þeim mannlegu samskiptum sem eru aðal- og lykilatriði í því að mæta fólki í sorg.

Viðhorf til sorgarúrvinnslu hafa sem betur fer breyst á síðustu árum. Einu sinni þótti það dyggð að „bera harm sinn í hljóði“ sem þýddi í raun að margir grófu sorgir sínar djúpt í eigin hugskoti og leyfðu sér aldrei að syrgja. Í þættinum Minningargreinar á Rás 1 í Ríkisútvarpinu þann 1. mars sl. var komist svona að orði: „En einu sinni er ekki til lengur. Í dag má gráta og syrgja opinberlega og í dag má biðja um hjálp.“

Það er mikilvægt að sorgarúrvinnsla verði skilgreind sem úrræði í starfsendurhæfingu, þ.e. úrræði sem syrgjandi getur nýtt sér til uppbyggingar eftir sáran missi ástvinar.

Það er þó ýmislegt sem við búum enn við frá því í „gamla daga“ sem kominn er tími til að breyta. Þannig flokkast úrræði Sorgarmiðstöðvar t.d. ekki undir úrræði í starfsendurhæfingu, vegna þess að í lögum nr. 60/2012 er ekki minnst á sorg, eða hún skilgreind meðal þess sem kann að koma í veg fyrir að einstaklingur geti stundað vinnu. Í þögn sinni um sorg, birta lögin því gamlan misskilning um eðli sorgar og afleiðingar hennar, nokkuð sem við í Sorgarmiðstöð viljum hjálpa samfélaginu að skilja betur.

Vissulega er sorg ekki „heilsubrestur“ í þeim skilningi. Sorg felur í sér eðlileg viðbrögð við andláti ástvinar. Staðreyndin er hins vegar sú að það getur orðið margþættur og jafnvel varanlegur heilsubrestur vegna djúprar sorgar, fái einstaklingur í þeirri stöðu ekki stuðning með fræðslu og/eða beinni aðhlynningu. Í því liggur mikilvægi þess að bjóða upp á úrræði, þar sem fólki í sorg er mætt þegar það þarf á stuðningi að halda. Þjónusta Sorgarmiðstöðvar er viðbótarkostur við þjónustu trúfélaga og annarra á sviði sorgarúrvinnslu, þar sem samvinna fagaðila um úrræði, getur skipt sköpum. Í því sambandi er t.d. mikilvægt að hugað verði að því hvernig samfélagið geti náð fram markmiðum laga nr. 50/2019 um réttindi barna, ef foreldri/forráðamaður deyr.

Það er mikilvægt að sorgarúrvinnsla verði skilgreind sem úrræði í starfsendurhæfingu, þ.e. úrræði sem syrgjandi getur nýtt sér til uppbyggingar eftir sáran missi ástvinar. Það mætti mögulega skilyrða við dauða maka eða barns, þar sem viðurkennt er að slík áföll eru í eðli sínu þungbærust. Með þeirri tengingu er líka augljóst samhengi við boðuð lög um sorgarorlof vegna barnsmissis eða andláts maka frá ungum börnum, sem félagsmálaráðherra hefur kynnt og Sorgarmiðstöð talar fyrir. Frumvarp um sorgarorlof kemur vonandi fram á næstu mánuðum og þá gefst tækifæri til að ræða nánar um mikilvægi sorgarúrvinnslu.

Falsfréttin um Ráðhús Árborgar

Tómas Ellert Tómasson
bæjarfulltrúi Miðflokksins í Árborg og varaformaður bæjarráðs

Sökum villandi fréttaflutnings sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg hratt af stað í viðtali við Fréttablaðið þann 27. febrúar sl. af framkvæmdum í Ráðhúsi Árborgar, tel ég mig knúinn til að leiðrétta þær staðreyndavillur sem komu þar fram, til varnar starfsmönnum sveitarfélagsins.

Falsfréttin

Oddviti minnihluta Sjálfstæðisflokksins í Árborg gerði blaðamanni Fréttablaðsins grikk með því að greina honum ekki rétt frá þeim framkvæmdum sem nú eiga sér stað innanhúss í Ráðhúsi Árborgar og urðu tilefni forsíðufréttar blaðsins þann 27. febrúar sl. undir fyrirsögninni „Kostnaður fór langt fram úr áætlunum“. Oddvitinn fór þar frjálslega með staðreyndir og kynti undir sitt sjálfsprottna ófriðarbál með því að ýja að því við blaðamanninn að hér væri um að ræða sömu óráðsíuna og í borgarstjórn Reykjavíkur.

Í kjölfarið fór fréttin á ljóshraða um alnetið og úr urðu hinar frumlegustu falsfréttir á velflestum vefmiðlum landsins. Frumlegasta útgáfan af falsfréttinni þann dag-inn kom þó frá RÚV, „Fimm milljóna viðgerð endar í 100 milljóna framkvæmdum“.

Síðar sama dag ákvað svo óreynd fréttakona Ríkissjónvarpsins að renna austur fyrir fjall með myndatökumann. Viðtali hennar við Gísla Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Árborgar, var í kjölfarið snúið á hvolf og klippt út öll hans orð til leiðréttingar á kolrangri fyrirsögn á vef RÚV. Af undarlegum ástæðum var viðtalið þannig klippt og snúið að það sem eftir stóð var ný furðufyrirsögn á forsíðu RÚV, „Telur eðlilegt að framkvæmdin hafi farið fram úr áætlun“. Það væri gaman að sjá viðtalið í heild sinni, því framkvæmdin, sem tengdist í sjálfu sér ekki umræddri viðgerð, hefur alls ekki farið fram úr áætlun.

Réttfréttin

Breytingarnar í Ráðhúsinu snúa ekki að því að skipta um gólfdúk á bókasafninu, fyrir fimm milljónir, heldur um að færa afgreiðslu Ráðhússins niður á jarðhæð með inngang á framhlið hússins og að bæta starfsaðstöðu starfsmanna á efri hæðum. Dúkurinn var allt önnur ákvörðun um viðhaldsaðgerðir í sama rými. Samþykkt fjárheimild breytinganna er 74 m.kr. og stendur verkið nú í um 60 m.kr., ekki í 100 m.kr.

Það hefur áður komið fram að ákvörðun um upphaf framkvæmdanna, sem var flýtt frá þeim áformum sem áður höfðu verið kynnt í bæjarstjórn, fór ekki sína réttu leið í stjórnkerfinu, það þrætir enginn fyrir það.

Með falsfréttum er iðulega reynt að villa um fyrir fólki og afvegaleiða. Í þetta sinn varð til falsfrétt hjá fréttamönnum RÚV sem gleyptu við og stílfærðu sögu sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg spann við blaðamann Fréttablaðsins.

Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. *Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

Hyundai KONA 100% rafbíll, 2WD.
Verið velkomin í reynsluakstur.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

ENNEMM / SÍA / NM97561

VIRK virkar!

Vigdís Jónsdóttir
framkvæmdastjóri VIRK



Árangur atvinnutengingar hefur farið stigvaxandi, verkefnið hefur farið vel af stað og móttökur fyrirtækja verið góðar.

Rúmlega 2.600 einstaklingar voru í starfsendurhæfingarþjónustu um allt land á vegum VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs um áramótin síðustu, 6% fleiri en fyrir ári.

Alls komu 2.062 nýir einstaklingar inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2019 og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári. Um 5% aukningu á milli ára er að ræða sem er þó hlutfallslega minni aukning en undanfarin tvö ár. 1.420 einstaklingar útskrifuðust frá VIRK árið 2019 sem er einnig met.

17.500 einstaklingar hafa alls hafið starfsendurhæfingu á vegum VIRK frá því að fyrsti einstaklingurinn kom inn í þjónustu haustið 2009.

Aftur til vinnu

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði. VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins. Starfsemin er fjármögnuð af atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldinu.

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests. Einstaklingar þurfa einnig að vera með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum aftur til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings og er honum að mestu að kostnaðarlausu.

Á vegum VIRK starfa rúmlega 50 sérhæfðir starfsendurhæfingarráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram. Auk þessa þá á VIRK í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta þjónustuaðila á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK.

Á undanförnum þremur árum hefur ný markviss þjónusta verið þróuð – VIRK Atvinnutenging - sem miðar að aukinni atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og ráðnir hafa verið inn sérhæfðir atvinnulífstenglar sem aðstoða einstaklinga við að finna störf við hæfi í lok starfsendurhæfingarferils. Hér er um að ræða sérhæfða aðstoð fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.

Árangur atvinnutengingar hefur farið stigvaxandi, verkefnið hefur farið vel af stað og móttökur fyrirtækja verið góðar. Sem dæmi um það þá hafa yfir 300 fyrirtæki og stofnanir skrifað undir sérstakan samstarfssamning við VIRK og fundin hafa verið nokkur hundruð störf fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á undanförnum tveimur árum.

Árangur og ávinningur

Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK - fjárhagslegur og samfélagslegur - er mjög mikill þar sem starfsemin hefur á undanförnum áratug skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði. 77% þeirra rúmlega 10.000 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.

Þennan árangur hafa utanaðkomandi aðilar staðfest, niðurstöður Talnakönnunar sýna t.d. að ávinningurinn af starfsemi VIRK á árinu 2018 nam um 17,2 milljörðum og að reiknaður meðalsparnaður samfélagsins á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK nam 12,7 milljónum það ár.

Þá sýna þjónustukannanir VIRK að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

KLAPPIR

AÐALFUNDUR

Klappa grænna lausna hf.

Aðalfundur Klappa grænna lausna hf. verður haldinn á Café Atlanta, Hlíðarsmára 3 (gengið inn frá Hæðasmára), fimmtudaginn 2. apríl 2019, og hefst hann kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Á fundinum verður lögð fram tillaga stjórnar um breytingu á grein 2.01.5 samþykkta félagsins um heimild til stjórnar um að auka hlutafé félagsins um allt að 50. m.kr. með útgáfu nýrra hluta í B-flokki hlutabréfa. Miðað er við að núverandi hluthafar falli frá forgangsrétti. Markmið með útboðinu er að styðja við dreifingu á hugbúnaði félagsins á alþjóðlegum mörkuðum og fjölga notendum.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Austurstræti 17, 5. hæð, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Öll gögn verða lögð fram fyrir hluthafa á síðunni www.klappir.com/fjarfestar

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 15.45. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði með hverri einni krónu í A-flokki hlutabréfa. Atkvæðaréttur fylgir ekki með B-hlutabréfum.

Vegna COVID-19 og þeirrar óvissu sem um það ríkir þá er verið að skoða möguleikann á að fundurinn færi fram í gegnum fjarskiptabúnað eða á annan sambærilegann hátt. Verði það niðurstaðan verður hluthöfum tilkynnt um það með tölvupósti.

Vinsamlega athugið að aðalfundurinn var áður auglýstur 9. apríl og hefur sú dagsetning tekið breytingum eins og fram kemur hér að ofan.

Stjórn Klappa grænna lausna hf.

Að byrgja brunninn

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Með því að byrja að vinna með þessi gildi hjá ungum börnum og foreldrum þeirra má koma í veg fyrir að óæskileg samskiptamynstur þróist meðal nemenda.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa starfað að réttindum og velferð barna á Íslandi og erlendis í rúmlega 30 ár. Samtökin eru aðili að Save the Children International sem eru stærstu frjálsu félagasamtökin í heiminum sem vinna eingöngu í þágu barna. Helsta áherslumál samtakanna í gegnum tíðina er að vernda börn gegn ofbeldi. Í þeirri baráttu spila forvarnir og fræðsla stórt hlutverk. Barnaheill halda úti öflugum forvarnaverkefnum gegn ofbeldi á börnum. Þau stærstu eru Ábendingalína Barnaheilla, Verndarar barna og Vinátta.

Ábendingalínu Barnaheilla má finna á www.barnaheill.is. Þar er hægt að tilkynna ólöglegt eða óviðeigandi efni á neti. Ábendingalínan er aldursskipt og barnvæn. Inni á Ábendingalínunni er að finna stuðning við þá sem tilkynna og leiðbeiningar um hvert skuli leitað ef hætta er á ferðum eða viðkomandi er í neyð. Sér hnappur er fyrir aldursflokkinn 14 ára og yngri, annar fyrir börn 15-17 ára og sá þriðji fyrir 18 ára og eldri. Verndarar barna er forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi á börnum. Verkefnið kemur upphaflega frá samtökunum Blátt áfram sem sameinuðust Barnaheillum á síðasta ári. Um er að ræða ítarlegt fræðsluefni fyrir foreldra og fagfólk sem vinnur með börnum um hvernig hægt er að koma í veg fyrir, greina og bregðast við þegar grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Vinátta er forvarnaverkefni gegn einelti ætlað 0-9 ára börnum, foreldrum þeirra og fagfólki í leik- og grunnskólum. Námsefnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði sem endurspeglast í eftirfarandi gildum; umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Með því að byrja að vinna með þessi gildi hjá ungum börnum og foreldrum þeirra má koma í veg fyrir að óæskileg samskiptamynstur þróist meðal nemenda.

Nú stendur yfir hið árlega fjáröflunarátak Barnaheilla, Út að borða fyrir börnin, en ágóðinn af átakinu rennur í verkefni Barnaheilla sem snúa að forvörnum gegn ofbeldi. Tuttugu og sjö veitingastaðir taka þátt í átakinu með því að hluti af verði valinna rétta rennur í verkefnin. Á barnaheill.is má sjá hvaða staði er um að ræða. Ég vil hvetja landsmenn til að fara út að borða á einhvern þeirra staða sem í boði eru og styðja þannig við verndun barna gegn ofbeldi.

ALLT FYRIR GÓÐA HELGI Í NETTÓ!

Bayonne skinka
Kjötsel
1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG
-40%

-40%

Kjúklingalundir
Danpo - 700 gr
1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-27%

Niðursagað lambasúpukjöt
Fjallalamb
693 KR/KG
ÁÐUR: 949 KR/KG

-30%

Kjúklingabringur í grillmarineringu
Ísfugl
1.938 KR/KG
ÁÐUR: 2.769 KR/KG

-30%

Lambainnralæri
Flatsteik
2.379 KR/KG
ÁÐUR: 3.399 KR/KG

-30%

Normalbrauð
765 gr
279 KR/STK
ÁÐUR: 399 KR/STK

Bláber
125 gr
229 KR/PK
ÁÐUR: 458 KR/PK
-50%

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 12. - 15. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

**Skv. könnun Fréttablaðsins*

Lok lok og læs hefur áhrif

FÓTBOLTI FIFPRO, alþjóðlegu leikmannasamtökin, gáfu út yfirlýsingu um kórónaveiruna í gær. Spilað verður á tómum völlum í frönsku, spænsku og portúgölsku deildinni og á einhverjum völlum í Þýskalandi. Þá hafa verið spilaðir leikir í Evrópukeppnunum, bæði Meistaradeildinni og Evrópudeildinni fyrir luktum dyrum og sums staðar hafa leikir hreinlega ekki verið spilaðir. Sviss og Austurríki hafa sett hlé á sínar deildir og feta í fótspor Ítala. Í yfirlýsingu FIFPRO kemur fram að leikmenn eigi áfram á hættu að smitast þótt það sé leikið fyrir luktum dyrum. „Leikmenn gætu smitast eins og aðrir í sinni daglegu rútínu, hvort sem það er á æfingasvæðinu, á ferðalagi í leiki eða á leikdag. Það þurfa allir að vinna saman að lausnum og hafa leikmenn með í ráðum.“ **– bb**

Rætt um jaðaríþróttir

JAÐARÍÞRÓTTIR Umræður um húsnæðismál jaðaríþróttagreina eins og klifurs, hjólabretta, hjólreiða, bogfimi og frisbígolfs fóru fram þegar menningar-, íþrótta- og tómstundaráð kom saman á mánudag.

Á fundinum var lögð fram að nýju beiðni Klifurfélags Reykjavíkur til borgarinnar um aðstoð við að komast í nýtt og betra húsnæði. Leigusamningur í núverandi húsnæði við Ármúla rennur út í júní árið 2023 og því er ljóst að finna þarf annað og hentugra húsnæði undir starfsemina. Eigendur húsnæðisins hafa önnur áform um nýtingu. Það er mat stjórnar Klifurfélags Reykjavíkur að stærð húsnæðisins komi jafnframt í veg fyrir alla frekari uppbyggingu félagsins og í leiðinni framgang íþróttarinnar á Íslandi.

Klifurfélag Reykjavíkur óskar því eftir aðstoð frá ÍTR og ÍBR við að koma starfseminni í stærra og hentugra húsnæði.

Í bréfinu kemur fram að 1.207 æfi klifur reglulega og árið 2019 komu um 600 manns á mánuði í heimsókn til að prófa. Iðkendafjöldi hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Þarfir félagsins eru töluverðar. Flatarmál æfingasalar þyrfti að vera einhvers staðar á bilinu 2.000 til 3.000 fermetrar. Hæstu klifurveggir þyrftu að ná tólf til fimmtán metra hæð. Gera þarf sérstakt svæði fyrir yngstu börnin, upphitunar- og líkamsræktarsvæði, litla skrifstofu og verslun ásamt möguleika á kaffihúsi og ekki síst búningsklefa og sturtuaðstöðu. **– bb**

Aðalfundur aðalstjórnar FH verður haldinn 19. mars en fjármál FH hafa mikið verið rædd í allan vetur. Félagið virðist þó vera á réttri leið og búið að rétta af skútuna eftir að félagið keypti einn efnilegasta leikmann landsins og fékk annan efnilegan úr atvinnumennsku eftir erfiða tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góðærinu lokið í fótboltanum

Rekstur íþróttafélaga er erfiður og er góðæri fótboltans lokið. Fulltrúar liða á landsbyggðinni komu fyrir stjórn KSÍ á síðasta stjórnarfundi og ræddu um téða erfiðleika. KSÍ tapaði um 50 milljónum á síðasta ári.

FÓTBOLTI „Eins og við vitum er rekstur íþróttafélaga almennt mjög erfiður, hvort sem það er hand-eða fótbolti, blak eða hvað sem er,“ segir Klara Bjartmars, framkvæmdastjóri KSÍ, en á síðasta stjórnarfundi KSÍ sem haldinn var í tengslum við ársþing sambandsins og fór fram á Ólafsvík, komu fulltrúar landshluta fyrir stjórnina og lýstu meðal annars erfiðleikum í rekstri félaganna á landsbyggðinni. Þar var einnig rætt um ferðakostnað og mikilvægi aðkomu sveitarfélaga sem og erfitt tíðarfar en Björn Friðþjófsson fulltrúi Norðurlands fór sérstaklega yfir þann hluta.

„Þetta er gert reglulega. Þessir menn eru fulltrúar sinna landshluta og þeir skila okkur skýrslu um hvað er að gerast í þeirra fjórðungi,“ bætir Klara við.

Góðærið er búið í fótboltanum en stutt er síðan KSÍ upplýsti um ríflega 50 milljón króna tap á rekstri sambandsins, Skagamenn töpuðu 61 milljón og stór fyrirtæki halda að sér höndum þegar kemur að styrkjum til íþróttafélaga. Þó flest lið séu ekki búin að skila sínum ársreikningi fyrir árið 2019 má sjá að rekstur knattspyrnudeilda stendur oft tæpt þar sem hagnaður og tap skiptast á milli ára. Í ársskýrslu Sindra frá Hornafirði fyrir árið 2019 kemur fram að strax í upphafi árs var ljóst að rekstur yngri flokka yrði mjög þungur og að ekki yrði ráðið við háan launakostnað og hagræðingar yrði þörf.

Öll félögin sem undirgangast leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið í ár, félögin í Pepsi Max deild karla og 1. deild karla, hafa skilað inn leyfisgögnum. Leyfisstjórn KSÍ hefur þegar farið yfir gögnin og gert athugasemdir þar sem við á. Klara segir að trúnaður gildi um þau gögn.

> **Þetta er gert reglulega. Þessir menn eru fulltrúar sinna landshluta og þeir skila okkur skýrslu um hvað er að gerast í þeirra fjórðungi.**
>
> Klara Bjartmarz, framkvæmdarstjóri KSÍ

Um leyfiskerfið segir meðal annars á heimasíðu KSÍ að það eigi að gera félögum kleift að bæta skipulag sitt samkvæmt viðurkenndum lágmarksviðmiðum, gera fjármál íþróttarinnar sýnilegri sem ætti að leiða til aukinnar tiltrúar fjárfesta og meiri fjárfestinga utanaðkomandi aðila í íþróttinni.

Á stjórnarfundinum var einnig samþykkt að KSÍ myndi hætta að taka við reiðufé til að auka rekjanleika og gegnsæi í bókhaldi/fjármálum. Stjórnin var einnig sammála um að nefndir myndu styðja betur við fjárhagsáætlunargerð og stefnan væri sett á sjálfbærni sambandsins. Um tillögu starfshóps um eigið fé samþykkti stjórn svohljóðandi tillögu. „Miðað við afkomu KSÍ á árinu 2019 og áætlaða niðurstöðu fjárhagsáætlunar árið 2020 er ekki skynsamlegt að lækka eigið fé með ofangreindum hætti. Því er ráðlegt að ákvörðun um ofangreint verði ekki tekin fyrr en jafnvægi er komið á rekstrarafkomu KSÍ og að hún sé þá jákvæð.“

benediktboas@frettabladid.is

Sjá fram á tugmilljóna tap af tómum Laugardalsvelli

FÓTBOLTI Samkvæmt skýrslu KPMG frá 2018 fær KSÍ 30 milljónir króna í tekjur þegar uppselt er á Laugardalsvöll. Þá var reyndar miðað við miðaverð upp á sjö þúsund krónur, fimm þúsund krónur og þrjú þúsund krónur. Á leiknum gegn Rúmeníu var miðaverð fimm hundruð krónum meira í öll hólfin. Sé notuð reikniaðferð KPMG hækkar talan upp í 33 milljónir. Samkvæmt skýrslu frá KPMG fá styrktaraðilar, samstarfsaðilar og gestalið 3.500 miða sem eru ekki inni í heildartölunni.

Líkurnar á tómum Laugardalsvelli í umspilsleiknum gegn Rúmeníu aukast dag frá degi. Sífellt fleiri leikir víða um Evrópu fara nú fram fyrir luktum dyrum. Tveir aðrir umspilsleikir fara fram fyrir luktum dyrum. Slóvakía hafði ákveðið að viðureign Slóvaka og Íra færi fram fyrir luktum dyrum og norska knattspyrnusambandið tók þá ákvörðun að umspilsleikur þeirra gegn Serbíu á Ullevål verði spilaður fyrir luktum dyrum. Uppselt var á leikinn og ætlar norska sambandið að endurgreiða þeim sem höfðu keypt miða.

Fundað var um komandi leik í Laugardalnum í gær og segir Klara Bjartmars, framkvæmdastjóri KSÍ, að allur undirbúningur miði við að áhorfendur verði á leiknum. „Við höldum áfram að undirbúa leikinn eins og það verði áhorfendur og við verðum með allt tilbúið þegar að honum kemur. Ef stjórnvöld setja á samkomubann þá breytum við um taktík.“

Átta leikir eru á dagskrá í undankeppni EM þann 26. mars og er búið að tilkynna að nokkrir þeirra fari fram fyrir luktum dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá bíður KSÍ svara frá UEFA um hvað verði gert með milliriðil hjá U19 ára landsliði karla sem á að fara fram á Norður-Ítalíu í lok mars. Þar spila auk Íslands, heimamenn, Noregur og Slóvenía um laust sæti í lokakeppninni í sumar. UEFA fundaði í gær en miðað við að öllum íþróttaviðburðum hafi verið slegið á frest til apríl verður að teljast líklegt að riðlinum verði slegið á frest. **– bb**

FÓLK

Tíska

FIMMTUDAGUR 12. MARS 2020

Á tímum kórónaveirunnar er mikilvægt að verja sig og sína fyrir smiti. Hefðbundnum grímum fylgir lítill glamúr en í tískuheiminum reyna margir að klæðast smartari útgáfum. ➔4

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Agla Egilsdóttir segir að það eigi ekki að vera neinar reglur í klæðaburði og að hvorki aldur né vaxtarlag eigi að hafa áhrif á fataval. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tíska er takmarkalaus

Agla Egilsdóttir starfar í fataversluninni Monki á milli þess sem hún teiknar, les, dansar og sækir menningarviðburði. Hún er mikil áhugakona um tísku. ➔2

Framhald af forsíðu

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Það er nóg um að vera hjá Öglu sem nýtur sín bæði í vinnu sem utan. „Ég er hef ástríðu fyrir myndlist og var með mína fyrstu myndlistarsýningu fyrir tveimur árum sem gekk undir heitinu „Hversdagsleikur ævintýranna“. Ég er mikið að teikna og lesa þessa dagana. Ég er að vinna í Monki í Smáralindinni og elska að vinna í Monki-heiminum með öllum litríku flíkunum. Við stelpurnar erum duglegar að dansa og hlæja í vinnunni og reynum að fá kúnna til að dansa með okkur. Þegar ég er ekki að vinna reyni ég sem mest að fara á viðburði eins og tónleika og myndlistarsýningar. Svo finnst mér alltaf gott að kíkja í kaffi á Prikinu.“

Hefurðu áhuga á tísku?

„Já, ég elska að fylgjast með tískunni. Fyrir mér gefur tískan frá sér sköpunargleði, samskipti og hefur sitt notagildi. Fólk tjáir sig oft með fatastílnum sínum. Tískan getur verið í formi myndlistar sem við fáum að njóta í okkar daglega lífi. Það eiga ekki að vera neinar reglur þegar að klæðaburði kemur og aldur skiptir heldur engu máli. Tískan er takmarkalaus.“

Hvenær kviknaði þessi áhugi?

„Ég held að áhuginn hafi komið mjög snemma hjá mér. Mamma var áskrifandi að nokkrum tískutímaritum þegar ég var unglingur og ég las hverja einustu grein og átti til að beygla brot í blaðið ef mér fannst einhver flík alveg ótrúlega falleg. Það var samt ekki margt í boði á þessum tíma og það voru mun færri búðir. Ég gekk alltaf um í fötum frá Spútnik sem var ekki eins vinsæl búð þá og í dag. Ég vildi helst vera í flík sem enginn annar átti. Ég vildi vera einstakt fiðrildi í samfélaginu. Klæddi mig bara nákvæmlega eins og ég vildi. Ég öðlaðist örugglega sterkari persónuleika með því að klæða mig í „vintage“, bæði var nafnið mitt ekki algengt og fatasmekkurinn ekki heldur.“

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?

„Ég myndi segja að stílinn minn væri frekar rómantískur með smá „chic“ og „artsy“ yfirbragði. Ég vil helst vera í lit eða litum. Litir gera eitthvað fyrir sálina mína og veita mér gleði og innblástur. Pastellitir eru í algjöru uppáhaldi og þá sérstaklega fjólublái lavender liturinn. Annars pæli ég ekkert mikið í trendum eða fatamerkjum. Ég á enga flík sem flokkast undir sparispari. Ég er hrifin af því að vera bara í fínum og skemmtilegum fötum sem hversdagsfötum sem ég get klætt upp eða niður eins og mér hentar. Ég nota mikið: Er ég ekki bara hversdagslega kúl?“

Hver er uppáhaldsflíkin?

„Ég á gamla fjólubláa, mynstraða kápu með smá kraga sem ég er löngu hætt að nota, en ég á svo margar minningar í kápunni. Ég fékk hana þegar ég var 15 ára í Glamúr „vintage“ fatabúð sem systir mín átti á Skólavörðustíg. Ég var alltaf í henni. Fór í henni með pabba á fyrstu stóru tónleikana með Robert Plant, á fyrsta stefnumótið mitt og ýmis fleiri falleg ævintýri. Kápan var búin að hanga á herðatré í nokkur ár þegar ég mátti kjósa í fyrsta skipti. Eftir allt sem ég hafði upplifað í kápunni varð hún að vera flíkin sem ég klæddist á mínum fyrsta kosningadegi. Það eru töfrar í henni og mér fannst ég geta allt þegar ég var í henni.“

Hvaðan færðu innblástur?

„Þessa dagana kemur innblásturinn frá uppvaxtarárum mínum og dægurmenningu. Ég á það líka til að stara óvart á fólk en það er aðallega af því að mér finnst fallegt hvernig það setur flíkurnar sínar saman á mismunandi hátt. Það er alltaf gaman þegar persónuleikinn skín í gegn. Ég er líka að horfa vandræðalega mikið á gamlar unglingamyndir frá níunda og tíunda áratugnum.“

Áttu þeir einhverja/r tískufyrirmynd/ir?

„Ekki beint, en fólkið í kringum mig gefur mér mikinn innblástur og vinir mínir eru fallegar fyrirmyndir þegar það kemur að tísku. Þau hafa sinn eigin stíl sem þau bera með sjálfsöryggi og er í stíl við persónuleikann sem ég heillast af. Jóna Berglind vinkona mín er textílhönnuður og hefur kennt mér mikið þegar það kemur að efniseiginleikum, áferð og litagleði og svo er hún líka alltaf svo glæsileg til fara.“

Agla hefur mikið dálæti á litríkum og einstökum fatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Agla horfir mikið á kvikmyndir frá níunda og tíunda áratugnum.

Ljósklædd Agla horfir dreymin út um glugga á Prikinu.

> Þessa dagana kemur innblásturinn frá uppvaxtarárum mínum og dægurmenningu.

Áttu þér uppáhaldshönnuð/i?

„Ég fylgist með nokkrum á Instagram, til dæmis Ýrúarí, Tönju Huld Levý, Andra Hrafni og Sögu Sig ljósmyndara. Ég elska hana, hún er alltaf í fallegum og litskrúðugum fötum, „elegant“ töffari“.

Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?

„Ég fíla illa þegar fólk er farið að vera eins og „copy/paste“. Til dæmis allir í eins jakka með sama hárið og blandast einhvern veginn í sömu sápukúluna. Ég á líka erfitt þegar ég sé konur á besta aldri sem eru að versla og þiggja ráð frá dætrum sínum sem eru kannski á viðkvæmum aldri og falla svolítið inn í sápukúlugengið. Sá til dæmis konu máta smá skrúðugan jakka sem hún var glæsileg í en 14 ára dóttir hennar í svörtu hettupeysunni fékk að ráða. Jakkinn fékk ekki að fara með heim, því miður. Íslenskar konur eru líka fastar í því að kaupa allt of stór föt á sig og fela líkamann sinn eða með fast: nei þetta virkar ekki því ég er svona í laginu. Ég vil að við berum höfuðið hátt og séum stoltar af því hvernig við erum.“

Notar þú fylgihluti og skart?

„Já, ég var alltaf með hálsmenn sem fyrsta ástin mín gaf mér, með nafninu mínu, en keðjan er orðin svo viðkvæm að ég var hrædd um að týna meninu. Eva Súsanna gullsmiður og vinkona mín gaf mér hálsmen sem hún gerði. Lítill kuðungur. Ég fer ekkert án kuðungsins. Ég er líka krabbi þannig að kuðungurinn er skelin mín og verndargripur. Ég er líka að vinna hart að því að geta notað aftur eyrnalokka en ég hef ekki verið með slíka í mörg ár. Ég er búin að fá fullt af góðum ráðum fyrir auma eyrnasneplana mína.“

Hvað er fram undan hjá þér?

„Meira sjálfstraust, gleði og jákvæðni. Ég hef verið að teikna og mála og dreymir um að halda aðra myndlistarsýningu á þessu ári á einhverjum krúttlegum stað. Ég hef líka endalaust gaman af ævintýrum og leiðsögunámið hefur beðið lengi eftir mér, ég held að þetta sé árið.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Nero Giardini
28.980 kr

Nero Giardini
28.980.kr.

VIA VAI
31.980 kr.

Nero Giardini
33.980 kr.

NÝ VEFVERSLUN
hjahrafnhildi.is

Nero Giardini
28.980 kr.

Nero Giardini
32.980 kr.

Nero Giardini
26.980 kr.
Einnig til í silfurlit

VIA VAI
31.980 kr.

Nero Giardini
33.980 kr.

Nero Giardini
26.980 kr.

Nero Giardini
28.980 kr.

Nero Giardini
28.980 kr.

VIA VAI
29.980 kr.

Nero Giardini
25.980 kr.
Einnig til í gráum lit.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Nero Giardini
28.980 kr.

Setja upp grímur með stæl

Á tímum kórónaveirunnar er mikilvægt að verja sig og sína fyrir smiti. Hefðbundnum grímum fylgir lítill glamúr en í tískuheiminum reyna margir að klæðast smartari útgáfum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Það er vel hægt að nota hugmyndaflugið til að skreyta annars tilkomulitlar andlitsgrímur sem fólk setur fyrir vitin til að forðast smit. Til dæmis blóm eða fallegt tákn. Það vekur aðdáun og eftirtekt og blæs fleirum kjarki í brjóst að skapa flott grímutrend á viðsjárverðum tímum. Alls staðar eru boðin skýr: Bannað að knúsa og kyssa og óþarft að setja á sig kyssilegan varalit til að flikka upp á stælinn á tískuviðburðum.

Kanadíski leikarinn Howie Mandel mætti með gasgrímu í Los Angeles.

Þessi gestur mætti á tískusýningu Christian Dior með hefðbundna sjúkrahúsgrímu en hafði hana svolítið tætta til að gera hana enn meira töff.

Bandarískur tónlistarmaðurinn Todrick Hall mætti á Christian Cowan x Powerpuff Girls tískusýninguna í Hollywood með ofursvala svarta grímu fyrir vitum.

Gullfalleg, dulúðug svört gríma með gylltu merki Chanel sást fyrir vitum þessa stællega gests á tískusýningu Chanel í París 3. mars. Hún var einnig með Chanel-tösku fulla af sótthreinsispritti og varðist kórónaveirunni með plastskjöld frá Chanel fyrir andlitinu.

Þessi sumarlega skvísa mætti vel búin á tískusýningu Chanel í París með blómum prýdda grímu, í bleikum sumarkjól með fölblárra Chanel-tösku við bleikan jakka.

Glæstur gestur á tískuvikunni í París með eyrnalokka, klædd röndóttri skyrtu við rauðar buxur og kápu og hvíta grímu í stíl með teiknuðum kínverskum táknum.

NÝ SENDING AF FLOTTUM FRÁ
Tamaris

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

PÓSTSENDUM

Háar í mittið
- Stretch

Verð 12.900 kr.

- Stærð 34 - 52
- 7 litir
- 3 skálmasnið
- 3 síddir

Mesta buxnaúrvalið á öllu landinu.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Verk & vit

FIMMTUDAGUR 12. MARS 2020

Kynningar: Verk og vit, Innréttingar og tæki, Glerverk, Vinnupallar ehf.

Fagsýningin Verk og vit fer fram í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 15.-18. október næstkomandi. Sýningin er mikilvægur vettvangur fyrir byggingariðnaðinn.

Uppskeruhátíð fyrir allan byggingariðnaðinn

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fimmta sinn í október í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Sýningin hefur skipað sér sess sem mikilvæg fagsýning og vettvangur fyrir byggingariðnaðinn og mannvirkjagerð á Íslandi og veitir fyrirtækjum einstakt tækifæri til að kynna sig. →2

Elsa segir að sýnendur hafi sýnt þeirri ákvörðun að fresta sýningunni í ljósi aðstæðna mikinn skilning. Það hefði verið erfitt að framfylgja leiðbeiningum almannavarna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Stórsýningin Verk og vit fer fram dagana 15. til 18. október næstkomandi í Íþróttaog sýningarhöllinni í Laugardal.

„Fagsýning eins og Verk og vit er mikilvægur vettvangur fyrir byggingariðnaðinn og felur í sér tækifæri fyrir fagaðila, innlenda jafnt sem erlenda, til að kynna vörur sínar og þjónustu og styrkja tengslanetið," segir Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Verks og vits. „Verk og vit hefur skipað sér mikilvægan sess hjá fagaðilum til að hittast og mynda viðskiptasambönd og einnig sem uppskeruhátíð bygginga- og mannvirkjageirans á síðustu árum.

Meðal sýnenda á Verki og viti eru byggingaverktakar, verkfræðistofur, menntastofnanir, fjármála- og ráðgjafarfyrirtæki, tækjaleigur, hugbúnaðarfyrirtæki og sveitarfélög, svo eitthvað sé nefnt," segir Elsa. Auk þess verður ráðstefna og fjöldi viðburða haldinn samhliða sýningunni."

Nauðsynlegt að fresta Verki og viti

„Eins og kunnugt er átti upphaflega að halda sýninguna 12.-15. mars, en í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 var heilsa og hagur sýnenda, þjónustuaðila og gesta sýningarinnar, sett í algeran forgang," segir Elsa. „Að höfðu samráði við Embætti landlæknis og samstarfsaðila sýningarinnar var ákveðið að fresta sýningunni fram í október 2020. Sú ákvörðun var tekin með hliðsjón af eðli sýningarinnar og þeim fjölda fólks sem sækir hana heim, en það hefði verið erfiðleikum bundið að framfylgja leiðbeiningum almannavarna.

Sýnendur hafa sýnt þessari ákvörðun skilning í ljósi aðstæðna og erum við sannfærð um að allir koma til með að leggjast á eitt til að gera sýninguna sem glæsilegasta í haust," segir Elsa.

„Við erum að horfa til sams konar sýninga erlendis varðandi þessa ákvörðun og sýningar sem þessar eru yfirleitt settar upp annaðhvort á vorin eða á haustin," segir Elsa. „Sú sýning sem er hvað líkust Verki og viti og við horfum mest til er Bygg Reis Deg sem haldin er í október annað hvert ár í Noregi. Við búum í svipuðu loftslagi og hér kemur innspýtingin í þessa markaði yfirleitt á vorin og haustin."

> **Markaðssetning sem þessi er öflug og skilar sér allt öðruvísi og á miklu beinni hátt en önnur markaðssetning, sérstaklega í þessum geira.**

Innspýting í geirann

„Verk og vit spannar mjög breitt svið og veitir gott tækifæri til að kynna sér allar nýjungar á markaðnum. Sýningin er komin til að vera og í gegnum árin hefur það sýnt sig að hún hefur veitt fyrirtækjum aukinn sýnileika sem hjálpar þeim að skapa sér viðskiptatengslin sem þau þurfa á að halda," segir Elsa. „Mörg fyrirtæki stilla árshátíðum og annars konar hópefli upp í kringum Verk og vit. Stjórnendur þessara fyrirtækja hafa þá boðið starfsfólki sínu á sýninguna til að kynna sér það sem er að gerast á markaðnum og það hefur jákvæð áhrif.

Sýningahald skapar viðskipti og þekkingu," segir Elsa. „Markaðssetning sem þessi er öflug og skilar sér allt öðruvísi og á miklu beinni hátt en önnur markaðssetning, sérstaklega í þessum geira. Á sýningum geta líka allir náð tali af fagaðilum sýnenda, sem oft er ekki svo sjálfgefið að ná tali af. Allt saman veitir þetta geiranum orkuinnspýtingu."

Eitthvað fyrir alla

„Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi á sýningunni þar sem hún spannar svo breitt svið. Allt frá litlum skrúfum í stórar steypueða tréeiningar," segir Elsa. „Árið 2018, á síðustu sýningu, var sett aðsóknarmet, en þá sóttu um 25.000 manns sýninguna, þar sem yfir hundrað sýnendur kynntu vörur sínar og þjónustu.

Sýningin er fyrst og fremst sett upp fyrir fagaðila en bygginga- og mannvirkjagerð og skipulagsmál eru hlutir sem snerta okkur öll," segir Elsa. „Margir eru að sinna alls kyns framkvæmdum í frítíma sínum og því er tilvalið að kynna sér það sem sýnendur Verks og vits hafa upp á að bjóða.

Miðað við teikningar sem ég hef séð af því sem var fyrirhugað núna í mars stefnir í að glæsilegt þorp rísi í Laugardalshöll í október," segir Elsa. „En þar sem sýningin var færð er reyndar hugsanlegt að einhverjar áætlanir breytist því fyrirtæki gætu þurft að nýta rými öðruvísi. En það verður bara gaman að sjá hvernig rýmin verða nýtt. Íslendingar eru ótrúlega hugmyndaríkir þegar kemur að því að leysa svona mál í samvinnu við sýningahaldara og það er ofboðslega mikill metnaður í sýnendum og mikið lagt í sýningarýmin.

Það er líka von á ýmsum nýjungum á sýningunni, ég veit að nokkur fyrirtæki ætla að kynna nýja hluti, en ég má ekki tjá mig neitt um það eins og er," segir Elsa.

Sýningin spannar svo breitt svið að þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Það stefnir í að glæsilegt þorp rísi í Laugardalshöllinni í október.

Stórsýningin Verk og vit 2020 Íslenskur byggingariðnaður, mannvirkjagerð og skipulagsmál Laugardalshöll 15.–18. október

AP almannatengsl er framkvæmdaaðili sýningarinnar en samstarfsaðilar eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, BYKO og Landsbankinn.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

SJÁLFBÆRNI MANNVIRKJA

VERKÍS veitir ráðgjöf vegna sjálfbærni mannvirkja.
Kynntu þér þjónustu okkar á Verk og vit í Laugardalshöll dagana 12. - 15. mars.

Komdu við hjá okkur í bás C50.

HÖFUÐSTÖÐVAR VERKÍS Ofanleiti 2, 103 Reykjavík | sími 422 8000 | **verkis.is**

VERKÍS

Verk og vit 2020

Spurningar sem veiran vekur

Kórónafaraldurinn getur haft mikil áhrif á atvinnurekstur, þar á meðal byggingarstarfsemi. Því ættu byggingafyrirtæki að huga að ýmsum atriðum til að verjast áhrifum á reksturinn.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Byggingafyrirtæki, rétt eins og öll önnur fyrirtæki, þurfa að búa sig undir hugsanleg áhrif COVID-19 faraldursins á reksturinn. Það borgar sig að hafa einhvers konar áætlun um hvernig á að bregðast við ef kórónaveiran kemst inn á byggingasvæði og byrjar að hafa áhrif á framkvæmdir.

Ian Atkinson og Michelle Essen starfa hjá bresk-bandarísku lögfræðistofunni Womble Bond Dickinson og þau tóku saman nokkur atriði sem byggingafyrirtæki þurfa að hafa í huga vegna faraldursins til að takmarka seinkanir og hættu fyrir starfsfólk.

Skipulag

Fyrir hvaða lykilhluta rekstursins þarf að gera ráðstafanir ef hlutir fara illa? Ef efniviður kemur til dæmis frá landi sem verður illa úti vegna veirunnar gæti þurft að finna einhvern annan efnivið. Það er mikilvægt að hafa birgðakeðjuna á hreinu og bregðast við ef fyrirtækið er háð svæði þar sem veiran nær mikilli útbreiðslu.

Þessir verkamenn á Sri Lanka ganga með grímur í vinnunni til að verjast smiti af kórónaveirunni. MYND/GETTY

Það gæti haft slæm áhrif á byggingaframkvæmdir ef veiran færi að smitast á vinnusvæðum. MYND/ERNIR

> Ef til þess kemur að loka þurfi byggingarsvæðinu, er þá hægt að gera það á fljótlegan og öruggan hátt?

Öryggis- og heilbrigðismál

Það er gott að vita hvaða skyldum fyrirtækið hefur að gegna gagnvart starfsfólki sínu varðandi heilbrigðismál, sérstaklega ef það er að vinna á byggingarsvæði. Þarf að sjá því fyrir sérstakri handþvottaaðstöðu eða einhvers konar búnaði eða þjálfun?

Hugsanleg lokun

Hvað gerist ef hluti starfsfólks eða allir starfsmenn smitast af COVID-19? Ef til þess kemur að loka þurfi byggingarsvæðinu, er þá hægt að gera það á fljótlegan og öruggan hátt?

Tryggingamál

Hugsanlega eru einhverjar tryggingar til staðar sem geta komið að gagni og minnkað fjárhagslegt tap og mögulega gera samningar ráð fyrir að það sé haft samband og samráð við tryggingafyrirtæki vegna skipulagsbreytinga sem faraldurinn gæti valdið.

Opin umræða

Það gæti verið best að ræða bara við þann aðila sem fyrirtækið er að vinna fyrir fyrir fram, svo það sé hægt að semja um leiðir til að mæta óvæntum uppákomum á einhvern hátt sem hentar öllum. Þá er mögulega hægt að koma í veg fyrir ágreining.

Mögulega þurfa einhver fyrirtæki í byggingageiranum að sjá starfsfólki sínu fyrir handþvottaaðstöðu eða sótthreinsandi efnum. MYND/GETTY

Samningsatriði

Það þarf að hafa það á hreinu hvort notkun á ákveðnum efnivið eða birgjum sé bundið í samninga. Það þarf líka að athuga hvernig orðalag er í samningum þegar kemur að svokölluðu „force majeure“, þegar utanaðkomandi óviðráðanlegar aðstæður koma í veg fyrir að hægt sé að sinna vinnu.
Það er líka mögulegt að faraldurinn geti veitt sumum verktökum rétt á að óska eftir lengri fresti til að klára verkefni eða hærri greiðslum. Einnig þarf að athuga hvað gerist ef til seinkana skyldi koma og hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að samningi sé sagt upp.

Aðrir samningar

Seinkun á verkefnum getur haft áhrif á aðra samninga sem fyrirtækið hefur gert, eins og leigusamninga og fleira. Að þessu þarf að huga svo að þetta komi engum í opna skjöldu.

Gott að hafa varann á

Það er enn ekki ljóst hversu alvarleg áhrif COVID-19 hefur á atvinnulífið, en það er skynsamlegt fyrir fyrirtæki að hugsa fram í tímann og hafa einhver úrræði til staðar ef allt fer á versta veg og athuga hvort eitthvað í samningum segi til um hvernig eigi að bregðast við óvæntum aðstæðum.

Við hjá Front-X sérhæfum okkur í bílskúrs- og iðnaðarhurðum

Sendu okkur verðfyrirspurn af vefsíðunni okkar **www.frontx.is** eða sendu okkur póst á **frontx@frontx.is**

FRONTX
www.frontx.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

Þú finnur alvöru meistara á

meistarinn.is

Við val á verktaka er mikilvægt að neytendur horfi til þess hvort um sé að ræða menntaðan einstakling sem er löggiltur iðnmeistari á viðkomandi sviði.

Iðnmeistari hefur hlotið staðfestingu á að hann hafi fullnægjandi færni til að sinna verkum á sínu sérsviði. Á vefsíðunni meistarinn.is eru eingöngu fyrirtæki sem rekin eru af iðnmeisturum sem eru félagsmenn meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins.

MEISTARAFÉLAG HÚSASMIÐA · FÉLAG BLIKKSMIÐJUEIGENDA · MEISTARAFÉLAG BYGGINGAMANNA Á NORÐURLANDI · Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara · FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNRÉTTINGAFRAMLEIÐENDA · MFS MEISTARAFÉLAG SUÐURLANDS · Málarameistarafélagið · sart SAMTÖK RAFVERKTAKA

20 ÁR NÝSKÖPUNAR · SI Samtök iðnaðarins

Fjölbreyttar byggingar HÍ

Frá stofnun Háskóla Íslands árið 1911 hefur byggingum skólans fjölgað jafnt og þétt. Margar eiga þær sér langa og fróðlega sögu enda byggðar á miklum umrótatímum í sögu þjóðarinnar.

Fyrstu 29 árin var Háskóli Íslands til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll í Reykjavík en skólinn var stofnaður 17. júní árið 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Starfsemi háskólans var flutt í Aðalbygginguna við Suðurgötu árið 1940 og á þeim 80 árum sem eru liðin hefur byggingum hans fjölgað mikið, bæði á svæðinu kringum Aðalbygginguna og utan þess.

Hér segjum við frá sögu nokkurra bygginga Háskóla Íslands og styðjumst við Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands II, Draumsýnir, framkvæmdir og svipmyndir af háskólasamfélagi 1940-1990, sem Páll Sigurðsson tók saman og Háskólaútgáfan gaf út árið 1991.

Lögberg

Árið 1960 ákvað háskólaráð að reist yrði bygging milli Aðalbyggingar og Nýja-Garðs. Við hönnun hennar skyldi miða við að hún yrði fyrst og fremst nýtt undir Lagadeild skólans, þótt hún yrði einnig nýtt fyrir aðrar deildir eins og hægt var. Gert var ráð fyrir að byggingin myndi kosta um 40 milljónir og búnaður um þrjár milljónir. Byggingin var teiknuð af Garðari Halldórssyni arkitekt, undir stjórn

Lögberg er nýtt undir lagadeildina en Garðar Halldórsson teiknaði húsið.

Íþróttahús Háskóla Íslands. MYNDIR/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Harðar Bjarnasonar sem þá var húsameistari ríkisins. Ári síðar, 1970, hófust framkvæmdir og allt húsið var tekið í notkun 1972 þótt frágangi væri ekki að fullu lokið.

Íþróttahús Háskóla Íslands

Upphaflega höfðu stjórnendur Háskóla Íslands mjög stórtækar hugmyndir um byggingu íþróttahúss, en horfið var frá þeim hugmyndum og mun minna hús var reist. Gísla Halldórssyni og Sigvalda Thordarsyni var falið að teikna húsið og var grunnur grafinn fyrir bygginguna sumarið 1945. Á næstu tveimur árum var húsið byggt og í apríl 1948 fór þar fram fyrsta fimleikaæfingin. Íþróttahús Háskólans er enn í fullri notkun og hýsir í dag

Oddi er hús hugvísinda hjá HÍ.

meðal annars íþróttasal, tækjasal og gufubað.

Oddi

Árið 1980 var hafist handa við byggingu hugvísindahúss sem síðar hlaut nafnið Oddi. Framkvæmdir gengu hægt fyrir sig, af ýmsum ástæðum, auk þess sem einhverjum háskólakennurum og fræðimönnum sem störfuðu í Árnagarði skammt frá, þótti nýja byggingin skyggja á fegurð Vatnsmýrar og fjallahringsins. Upphaflega átti húsið að þjóna Félagsvísindadeild, Viðskiptadeild og Heimspekideild.

Háskólabíó

Um miðja síðustu öld kviknuðu hugmyndir um byggingu framtíðarhúsnæðis undir kvikmyndahús Háskólans. Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að bíóið myndi rísa á lóð við Hringbraut, milli Þjóðminjasafns og Garðs, en bæjaryfirvöld féllust ekki á þær hugmyndir. Árið 1955 gaf Gunnar Thoroddsen borgarstjóri háskólayfirvöldum kost á lóð við Hagatorg og Dunhaga og hófust framkvæmdir þremur árum síðar. Háskólabíó var vígt í október 1961, á 50 ára afmæli Háskóla Íslands.

Askja

Askja, náttúrufræðahús Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni, var vígt við hátíðlega athöfn í apríl 2004. Hönnun þess hófst tíu árum áður og teiknaði dr. Maggi Jónsson húsið, sem margir í háskólasamfélaginu höfðu beðið eftir jafnvel áratugum saman. Byggingin er 8.657 fermetrar að stærð en nafn hússins var valið úr 2.534 hugmyndum sem bárust í samkeppni HÍ um tillögur að nafni.

Stórsýningin Verk og vit 2020

Íslenskur byggingariðnaður, mannvirkjagerð og skipulagsmál

Laugardalshöll 15.–18. október

ATH. Ný dagsetning

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fimmta sinn dagana 15.–18. október 2020 í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Verk og vit er frábær vettvangur til að kynna sér allt það nýjasta í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum ásamt því að kynna sér spennandi vörur og þjónustu.

Hlökkum til að sjá þig á Verk og vit 2020

OPNUNARTÍMI		FAGAÐILAR	DAGPASSAR
Fimmtud.	15. október	kl. 17-21	
Föstud.	16. október	kl. 11-19	
Laugard.	17. október	kl. 11-17	kl. 11-17
Sunnud.	18. október	kl. 12-17	kl. 12-17
Verð aðgöngumiða		kr. 3.500	kr. 1.750

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Miðasala á verkogvit.is, tix.is og við innganginn

Sýning • ráðstefna • viðburðir

verkogvit.is

H2 hönnun

SAMSTARFSAÐILAR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Vinnupallar ehf. bjóða upp á fjölbreyttar öruggar lausnir

Vinnupallar ehf., hefur starfað á byggingavörumarkaði í þrjú ár en fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og leigu á hágæða vinnupöllum frá Plettac. Fyrirtækið hefur undanfarin misseri verið að breikka vöruval sitt fyrir byggingariðnaðinn og býður nú enn fleiri hágæðavörur bæði til sölu og leigu.

Segja má að starfsemi Vinnupalla sé tvíþætt þar sem flestar vörur eru bæði til leigu og sölu. „Þannig teljum við okkur veita hagkvæmustu sérlausnirnar og koma sem best til móts við þarfir okkar viðskiptavina," segir Örvar Geir Örvarsson rekstrarstjóri.

Um langt skeið hefur ákveðið ítalskt rörapallakerfi verið ráðandi á íslenskum markaði og fátt annað hefur verið í boði þegar kemur að rörapöllum. „Við hjá Vinnupöllum sáum ákveðið tækifæri í þessari einsleitni sem felst í því að bjóða annars konar vöru og fyrirtækið lagði upp með það í huga að koma með nýja, örugga og samkeppnishæfa vöru. Plettac pallakerfið er upprunalega þýskt rörapallakerfi hannað með mikinn fjölbreytileika í boði hvað varðar uppsetningu á pöllunum og í dag er kerfið eitt vinsælasta rörapallakerfi í Evrópu. Hugsunin á bak við Plettac pallakerfið er að bjóða sérhæfðar lausnir til að mæta fjölbreyttum verkefnum. Sérhæfð útfærsla bætir öryggi pallanna og gerir það að verkum að þægilegra er að vinna á pöllunum. Við tókum strax þá stefnu að flytja inn sem mest af fylgihlutum kerfisins til að geta boðið viðskiptavinum okkar að fullnýta möguleika þess," segir Örvar.

„Sérhæfð útfærsla bætir öryggi pallanna og gerir það að verkum að þægilegra er að vinna á pöllunum," segir Örvar Geir Örvarsson hjá Vinnupöllum.

Öryggið fremst

„Öryggi pallanna er í algerum forgangi, bæði hvað varðar hönnun, notkunarmöguleika og hvernig við viljum kynna nýtingu þeirra. Fall úr hæð er eitt af algengustu vinnuslysunum og því miður má stundum rekja slík slys til óvandaðs frágangs og uppsetningar á vinnupöllum. Þetta er þó að breytast og vitundarvakning hefur átt sér stað hvað varðar öryggismenningu almennt í byggingariðnaði undanfarin ár. Bæði bygginga- og eftirlitsaðilar eru farnir að gera meiri kröfur varðandi öryggismál, þar með talið vandaða uppsetningu og frágang við vinnupalla. Við setjum öryggið fremst og teljum okkur hafa bæði fram að færa lausnir og útfærslu til að styðja við þá jákvæðu þróun.

Við höfum strax frá upphafi boðið upp á uppsetningu á vinnupöllum. Sú vinna felur í sér ákveðna fallhættu og þar af leiðandi eiga aðilar sem vinna við slíka framkvæmd alltaf að nota fallvarnarbúnað. Það lá því beint við að næsta skref hjá okkur væri að bjóða fallvarnarbúnað til sölu. Í dag eigum við mikið úrval af fallvarnarbúnaði, svo sem beltum, blökkum og línum í fjölbreyttri útfærslu. Rekstraraðilar og starfsfólk fyrirtækisins hefur farið á ýmis námskeið varðandi fallvarnir hérlendis og erlendis hjá okkar birgjum og við höfum réttindi til að þjónusta allan okkar búnað. Þegar unnið er í hæð er alltaf ákveðin hætta á ferð sem meðal annars felst í því að verkfæri geta fallið niður og valdið tjóni og slysum. Vinnupallar ehf. hafa tekið til sölu vörulínu frá Ergodyne sem tekur á þess konar hættu. Ergodyne hefur þróað ýmsar vörur sem gera fólki kleift að festa verkfæri við sig eða festipunkta án þess að festibúnaðurinn þvælist fyrir við vinnu. Við teljum víst og vonum að notkun á þannig öryggisbúnaði muni aukast mikið á næstu misserum.

Hjá Vinnupöllum er fjölbreytt úrval alls kyns öryggisbúnaðar og tækja.

Fyrirtækið Vinnupallar býður vörur jafnt til leigu og sölu.

Í vetur hófum við samstarf við Euroscaffold sem er hollenskur framleiðandi álvinnupalla og franska fyrirtækið Centaure, sem framleiðir stiga og tröppur fyrir iðnað. Stundum hefur borið á því að verið er að nota heimiliströppur á vinnusvæðum en þær eru ekki hannaðar fyrir þær aðstæður. Við viljum bjóða tröppur og stiga sem hönnuð eru fyrir vinnusvæði á þannig verði að fyrirtæki velji þann kost frekar en að bjóða starfsfólki sínu upp á tröppur og stiga sem geta hreinlega verið hættuleg í þeim aðstæðum sem verið er að nota þá í. Álpallarnir frá Euroscaffold eru mjög vandaðir, aðalkerfi þeirra er þannig úr garði gert að við uppsetningu á pöllunum kemur handrið upp með stífum þannig að þegar farið er upp á dekkið er fallvörn komin," greinir Örvar frá.

Aukið vöruframboð

„Vinnupallar ehf., bjóða enn fremur upp á breitt vöruúrval af iðnaðarryksugum, háþrýstidælum og hitablásurum frá Biemmedue á Ítalíu. Við tókum til dæmis inn hitablásara frá Biemmedue sem er í stærri kantinum: 810,861 BTU og blæs 17.000 rúmmetrum af heitu lofti á klukkustund. Hann er 351 kíló og hefur mjög góða orkunýtingu: 92%. Þetta tæki er hugsað til að hita stærri rými á skömmum tíma. Tækið er haft fyrir utan rýmið sem það á að hita og heita loftinu blásið inn með þar til gerðum barka. Við bjóðum upp á að leigja þennan öfluga blásara til lengri eða skemmri tíma."

> **Vöruúrval Vinnupalla ehf. endurspeglar það markmið með því að bjóða örugg-ar hágæða vörur fyrir byggingarsvæði á hagstæðu verði.**

Öruggar sérlausnir

„Við leggjum mjög mikla áherslu á persónulega lausnamiðaða þjónustu," segir Örvar. „Við kennum viðskiptavinum á vörurnar okkar og viljum styðja við og auka þekkingu þeirra á öryggismenningu í byggingariðnaði. Vöruúrval Vinnupalla ehf. endurspeglar það markmið með því að bjóða öruggar hágæðavörur fyrir byggingasvæði á hagstæðu verði. Á undanförnum árum hafa öryggismál á byggingarsvæðum tekið miklum framförum öllum til heilla. Við viljum styðja við áframhaldandi þróun í þá átt með auknu vöruframboði á vinnuverndar- og öryggisbúnaði á Íslandi. Vinnupallar ehf. telja hag í því að vera með ákveðna samkeppnishæfa verðstefnu og munu alltaf bjóða gott sanngjarnt verð með langtíma viðskiptasamband í huga," segir Örvar.

Hitablásari frá Biemmedue sem er í stærri kantinum fyrir stærri rými: 810,861 BTU. Hann blæs 17.000 rúmmetrum af heitu lofti á klukkustund.

Vinnupallar ehf. fluttu nýlega í glæsilegt húsnæði að Smiðsbúð 10 í Garðabæ. Þar er verslun, sýningaraðstaða, lager og allt sem þarf til að fyrirtækið geti þjónustað viðskiptavini sem allra best. Sett var í loftið ný heimasíða, vpallar.is, rétt eftir áramót sem aðstoðar við markaðssetningu og miðlun á efni til viðskiptavina.

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

FYRSTI ÍSLENSKI BYGGINGAVÖRUFRAMLEIÐANDINN MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

YFIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök þar sem einangrun er hulin með þakdúk eða pappa.

UNDIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök undir yfirlagsplötu þar sem einangrunin er hulin með þakdúk eða pappa.

LOFTSTOKKAPLATA

Bruna- og hljóðeinangrun á loftstokka.

STOKKAEINANGRUN

Steinullareinangrun með álímdri netstyrktri álfilmu. Einangrun ætluð til notkunar utan á sívala loftræstistokka sem bruna-, hita- og hljóðeinangrun.

ÍMÚR

Steinullareinangrun sem ætluð er fyrir íslenska múrkerfið ÍMÚR. Til notkunar á steypta eða hlaðna veggi utanhúss eða að innanverðu.



ÞAKULL / ÞÉTTULL M/VINDPAPPA

Steinullareinangrun með áföstum vindpappa sem ætluð er á þök.

ÞÉTTULL

Steinullareinangrun í veggi og gólf þar sem einangrunin verður ekki fyrir álagi.

VEGGPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er undir loftræstar klæðningar, utan á þétt burðarvirki.

ÞÉTTULL ÞÉTTULL PLÚS

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í milliveggi eða grindur útveggja að innan úr tré eða stáli.

SÖKKULPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er utan á sökkla og undir botnplötu á fyllingu.

STEINULL

GRÆNNI BYGGÐ

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@ steinull.is • www.steinull.is

Heimilið stækkað með Glerverk

Nú þarf ekki lengur að bíða eftir góðu veðri því glerskálarnir frá Glerverk gera fjölskyldunni kleift að njóta pallsins eða svalanna allt árið um kring.

Fyrirtækið Glerverk býður upp á vandaða glerskála frá þýska framleiðandanum TS-Aluminium sem eru að sögn Þórs Marshall, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, stærstu framleiðendur glerskála í Evrópu, eða sólstofa eins landsmenn kalla skálana gjarnan. „Allir skálarnir eru smíðaðar úr viðhaldsfríu áli í öllum litum og er álið það allra flottasta sem völ er á í dag. Hér áður fyrr voru skálar mest smíðaðar úr plasti, pvc eða timbri, en á síðustu árum hefur tækninni farið svo mikið fram að álið er alveg búið að taka við.“ Hann segir glerskála úr áli endast lengur en plast- og timburskála. „Slíkir skálar eru sterkari og með bestu einangrunina, sannarlega fullkomnir fyrir íslenskar aðstæður. Þeir eru allir settir saman á verkstæðinu okkar í Víkurhvarfi og því 100% íslensk framleiðsla.“



Svalalokun frá Seeglassmax.

Glerskáli með flötu þaki. Nýtt frá TS-Aluminium.

Algjör draumur

Það er sannarlega draumur að geta setið úti á palli með fjölskyldunni, á öllum tímum ársins, í landi þar sem allra veðra er von. „Þannig er hægt að eiga notalegar stundir undir berum himni, hvort sem það er að lesa bók á kvöldin eða borða morgunmat með krökkunum um helgar. Þá þarf ekki lengur að bíða eftir góðu veðri til þess að sitja úti á palli. Það er líka auðvelt að opna allar hliðar skálans þegar veður leyfir og hlaupa út í garð. Í raun myndast nýtt og skemmtilegt rými sem nýtist í svo ótal margt. Glerskálinn er því hin fullkomna tenging fyrir húsið við garðinn.“

Þór Marshall, framkvæmdastjóri Glerverk (t.v.) og Roland Drechsel frá TS-Aluminium. MYND/VALLI

Svalir allt árið

Glerverk er einnig umboðsaðili fyrir Seeglass™ á Íslandi, sem hafa framleitt og þróað svalalokanir í 20 ár. „Það skiptir miklu máli að velja rétt svalalokunarkerfi, því ekki eru öll kerfin eins og gæðin eru mjög misjöfn. Helsti kostur svalalokunar er að með henni er hægt að nota svalirnar allt árið. Svalalokanir hækka líka verðmat íbúðarinnar og hlífa gluggum og hurðum fyrir veðrinu, auk þess að prýða húsið að utan.“

Útsýni án hindrunar

Sama fyrirtæki framleiðir einnig póstalaust glerhandrið sem Þór segir án efa vera flottustu lausnina ef húseigendur vilja njóta útsýnisins af svölum án hindrunar. „Glerið er í álskúffu sem tengist við svalalokunina sem gerir það að verkum að skjólið á svölunum verður eins lítið áberandi og völ er á. Svo erum við einnig að bjóða upp á glerhandrið með póstum og gler annað hvort framan á svalir eða inni á svölum í ýmiss konar útfærslu.“

Fleiri spennandi vörur

Glerverk býður upp á fleira spennandi segir Þór. „Við bjóðum t.d. upp á hækkanleg skjólhandrið sem er mjög skemmtileg lausn fyrir veitingahús og líka heimili. Glerverk er eina fyrirtækið hérlendis sem býður upp á svalalokunarkerfi með tvöföldu gleri þar sem ramminn í kringum glerið er líka einangraður ásamt brautunum. Að lokum má nefna Pergola rimlaþakið sem er mjög vinsælt en það má opna og loka með fjarstýringu og um leið er sama fjarstýring notuð til að hækka og lækka í tónlistinni. Allt þetta og meira til er hægt að skoða í sýningarsal okkar í Víkurhvarfi 2, Kópavogi.“

Nánari upplýsingar á www.glerverk.is og á Facebook.

Auðvelt að lífga upp á baðherbergið bara með nýjum hreinlætistækjum

Innréttingar & tæki bjóða upp á ríkulegt úrval baðinnréttinga, blöndunar- og hreinlætistækja. Íris Jensen framkvæmdastjóri segir margar spennandi nýjungar á döfinni, bæði hvað snertir vöruúrval og liti. Bleikur kemur sterkur inn um þessar mundir og kemur virkilega vel út í baðherbergjum.

Innréttingar og tæki er starfrækt í Ármúla 31 og hefur verið rekið um langt skeið. „Fyrirtækið er frá 1945. Amma mín stofnaði það sem heildverslun, en árið 1993 var því svo breytt í verslun af foreldrum mínum," segir Íris en hún, ásamt eiginmanni sínum Grétari Þór, tók yfir reksturinn árið 2014. „Við stukkum til. Maðurinn minn er enn í annarri vinnu, en hann kemur alltaf þegar hann er búinn í vinnunni og við stöndum vaktina," segir Íris, létt í bragði en fyrirtækið leggur mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Ef foreldrar mínir eru ekki á staðnum, þá eru börnin hérna. Svo bíð ég bara eftir að ömmubörnin mæti á vaktina," segir Íris og hlær.

Íris Jensen, framkvæmdastjóri og eigandi.



Bleiki liturinn er ótrúlega fágaður og hlýlegur.

> Ef þú vilt einfalda og ódýra leið til þess að poppa upp baðherbergið er mjög sniðugt að skipta út blöndunartækjum og fá þau í einhverjum lit. Það er það vinsælasta sem við erum með núna.

Áhersla á vandaða sérvöru og persónulega þjónustu

Innréttingar og tæki selur vandaða sérvöru. Til að mynda baðinnréttingar, sturtuklefa, hreinlætisvörur og blöndunartæki. „Við erum í raun með allt fyrir baðherbergið nema vegg- og gólfefni. Við viljum vera sérvöruverslun, en ekki þessi dæmigerða byggingavöruverslun. Við leggjum metnað okkar í vandaðar vörur og persónulega þjónustu," segir Íris. Blöndunartækin koma frá Fima Carlo Frattin, ítölsku fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænni gæðaframleiðslu. Hreinlætistækin eru að mestu frá Gala sem er spænskt fyrirtæki, stofnað 1965.

Þá selur verslunin vörur frá Globo, sem er ítalskt fyrirtæki. „Globo er til að mynda svakalega flott merki. Fyrirtækið var stofnað 1980. Þeir bjóða upp á mjög skemmtileg, lituð salerni, sem viðskiptavinir okkar hafa rosalega mikinn áhuga á – til dæmis svört, brún og grá. Þessir litir eru dálítið öðruvísi," segir Íris. „Fólki finnst þetta rosalega flott. Margir koma og kaupa svart. Svo eru sumir sem staldra við, langar í salerni í lit en enda á að kaupa matt, hvítt salerni sem er líka mjög vinsælt."

Vaskarnir og vaskaborðin í Innréttingum og tækjum eru mörg hver hálfgerð listaverk.

Blöndunartæki í lit gera heilmikið fyrir baðherbergið.

Óþarfi að skipta öllu út í einu

Blöndunartækin rjúka út hjá Írisi, enda mikið og gott úrval. „Ef þú vilt einfalda og ódýra leið til þess að poppa upp baðherbergið er mjög sniðugt að skipta út blöndunartækjum og fá þau í einhverjum lit. Það er það vinsælasta sem við erum með núna. Það þarf ekki endilega að skipta út öllu í einu, þú þarft ekki endilega að skipta út handlauginni og klósettinu þótt þú fáir þér ný blöndunartæki." Íris bendir fólki þó einnig á að ráðfæra sig við hönnuði og fagmenn.

Sturtubotnarnir eru líka vinsæl söluvara. „Þeir eru ótrúlega flottir og þunnir. Eins og ein, heil flís; þungir og massífir og eru framleiddir hjá Gala. Það er eiginlega með ólíkindum hversu duglegir Íslendingar eru að skipta út sturtunni," segir Íris. „En það á sér nú eðlilegar skýringar. Það er gott að vera með baðkar þegar börn eru ung, en þegar þau eldast og fjölskyldur fara að keppast um baðherbergið á morgnana þá vilja allir fara í sturtu. Það er einfalt að henda út baðkarinu, setja stóran sturtubotn og svo gler. Þá ertu kominn með æðislega „walk-in" sturtu með lítilli fyrirhöfn," útskýrir Íris og bætir við að sturtubotnarnir fást í fjórum litum, en í september verði sérstaklega mikið úrval. „Við ætlum að bjóða upp á þá í fimmtán litum. Trendið í litum er að koma til baka, en núna eru það jarðlitir. Ekki pastellitir, eins og voru hér einu sinni."

Sturtubotnarnir eru alltaf vinsæl söluvara.

Guðdómlega fallegur bleikur vaskur.

Mosaplöturnar eru umhverfsvænar og dempa hljóð.

Umhverfisvænar lausnir

Íris segir spennandi nýjungar í takt við aukna umhverfisvitund streyma í verslunina og nefnir hún meðal annars hinar fallegu mosaplötur.

„Við erum nýlega byrjuð með umhverfisvænar plötur með mosa, sem eru frábærar til hljóðeinangrunar og henta vel fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Mosaplöturnar eru afar fallegar og til mikillar prýði. Þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og umhverfisvænum efnum sem ekki þarf að hugsa mikið um. Mosaplöturnar eru frá ítalska hönnunarfyrirtækinu Benetti Home. Þær má setja upp sem stóran eða lítinn gróðurvegg eða klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill," segir Íris. Plöturnar eru búnar til úr léttu áli og á þær er settur mosi, sem er sérstaklega ræktaður í þeim tilgangi.

Íris segir mosaplöturnar hafa vakið mikla athygli og þær séu vinsælar víða um heim. „Plöturnar eru vistvænar og það þarf lítið sem ekkert að hugsa um þær. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða efni á hann á nokkurra mánaða fresti ef rakinn er lítill. Einfaldara getur það ekki verið. Það er hægt að sjá risastóran vegg úr mosaplötunum við upplýsingaborðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en hann kemur mjög vel út. Mosaplöturnar eru líka eftirsóttar til að skreyta hótel og veitingastaði en þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið," segir Íris. Mosaplöturnar fást í mismunandi stærðum og hægt er að velja um ljósan eða dökkan mosa, mosa blandaðan laufum eða bara mosa. „Það er líka hægt að hafa mosann mjúkan eða harðan, allt eftir smekk hvers og eins," upplýsir hún og ítrekar að um náttúrulegt efni sé að ræða. „Plöturnar eru frábærar til að dempa hljóð, t.d. í húsum þar sem hátt er til lofts, eða stór og opin rými. Mosinn skapar líka notalega stemmningu."

Þá eru umhverfisvænu salernin einkar spennandi valkostur. „Hjá okkur fæst umhverfisvænt salerni frá spænska fyrirtækinu Gala. Þar er búið að sameina salernisskálina og skolskálina í eitt tæki. Þetta salerni er útbúið fjarstýringu og það er hægt að fá bæði skol og blástur sem minnkar verulega eða algjörlega notkun á salernispappír. Þessi salerni eru mjög vinsæl í löndum þar sem ekki má setja salernispappír í klósettið. Þetta er virkilega falleg hönnun sem kemur vel út á baðherbergi," segir Íris.

Fjöldi litríkra valmöguleika

Eitt af því sem er svo skemmtilegt við margar af vörunum er litadýrðin. „Það nýjasta í hreinlætistækjum eru salerni og handlaugar í fallegum litum, sem hafa verið svakalega vinsæl hjá okkur. Við bíðum núna spennt eftir að fá salerni og handlaugar í bleiku, sem eru að koma í hús, en á þessu ári verður litaúrvalið sérstaklega skemmtilegt. Það er búið að vera mikið um svart og matt, hvítt en er núna að færast yfir í bleikt," segir Íris og hlær.

„Hreinlætistækin sem fást hjá Innréttingum & tækjum eru að mestu frá Globo, sem er ítalskt fyrirtæki. Fólk á öllum aldri hefur mikinn áhuga á því að breyta, til að fá hreinlætistæki í skemmtilegum lit." Hreinlætistækin frá Globo eru einstaklega smekkleg og stílhrein. „Ef fólk vill lífga upp á baðherbergin hjá sér eru hreinlætistækin frá Globo algjörlega málið," segir Íris.

Hallgrímskirkja er eitt fegursta mannvirki Íslendinga.

Tignarleg smíð og mannvirki

Hallgrímskirkja, með sinn 73 metra háa kirkjuturn er stærsta kirkja Íslands og rís hæst bygginga yfir höfuðborgina Reykjavík. Alþingi Íslendinga hlutaðist til um byggingu kirkjunnar.

Í hugmyndasamkeppni árið 1929 var áskilið að kirkjan skyldi rúma 1200 manns og hafa háan turn sem gæti nýst fyrir væntanlegt „víðvarp“ á Íslandi. Enn er turninn notaður af útvarps- og símafyrirtækjum til víðvörpunar.

Húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson (1887-1950), einn virtasti arkitekt landsins, hófst handa við að teikna kirkjuna árið 1937. Þjóðlegur stíll einkenndi byggingarlist hans og notaði hann íslenskar fyrirmyndir og íslenskt efni. Hallgrímskirkja, sem varð hans síðasta verk, minnir á stuðlaberg, íslensk fjöll og jökla.

Bygging Hallgrímskirkju hófst árið 1945 og 1948 var kjallari kórsins vígður sem kirkjusalur. Þar var messað þar til nýr kirkjusalur var tekinn í notkun í suðurálmu turnsins árið 1974. Kirkjan sjálf var síðan vígð 26. október 1986, daginn fyrir 312. ártíð Hallgríms Péturssonar, sama ár og Reykjavík hélt upp á 200 ára afmæli sitt.

Ríki og borg studdu verkið en tveir þriðju hlutar byggingarkostnaðar kom úr sjóðum safnaðarins og frá einkaaðilum.

Tryggja þarf aðgengi fatlaðra í öllum byggingum.

Aðgengi fatlaðra skal vera tryggt

Samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 fer Mannvirkjastofnun með aðgengismál og þar með ferlimál fatlaðra í byggingum.

Stefna stjórnvalda er að tryggja aðgengi fyrir alla í sem flestum byggingum. Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður eins og til dæmis í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Verki og viti frestað fram í október

Framkvæmdaaðili sýningarinnar Verks og vits hefur að höfðu samráði við Embætti landlæknis og samstarfsaðila sýningarinnar ákveðið að fresta sýningunni sem halda átti í Laugardalshöll 12.-15. mars næstkomandi fram til 15.-18. október 2020.

Í tilkynningunni segir: Í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 setur framkvæmdaaðili sýningarinnar heilsu og hag sýnenda, þjónustuaðila og gesta sýningarinnar í forgang og er þessi ákvörðun tekin nú, áður en uppsetning hefst á sýningunni. Verk og vit hefur skipað sér sess sem uppskeruhátíð bygginga- og mannvirkjageirans en síðustu Verk og vit sýningu 2018 sóttu um 25.000 manns.

Með hliðsjón af eðli sýningarinnar og þeim fjölda fólks sem sækir sýninguna heim, þá væri það erfiðleikum bundið að framfylgja að fullu leiðbeiningum almannavarna. Til að gæta ýtrasta öryggis sýnenda og gesta er sýningunni, eins og áður er nefnt, frestað fram í október 2020.

Uppselt var á sýningarsvæði Verks og vits en halda átti sýninguna í fimmta sinn. Yfir 100 fyrirtæki og stofnanir höfðu ætlað að kynna vörur sínar og þjónustu á sýningunni.

Sýningin Verk og vit hefur verið vel sótt. Hún var síðast haldin árið 2018.

Til að gæta ýtrasta öryggis sýnenda og gesta þá er sýningunni frestað.

Fjölþætt þjónusta við fyrirtæki



Djúpgámar
Djúpgámarnir rúma mikið sorp en taka lítið pláss á yfirborðinu. Snjöll og nútímaleg lausn fyrir fjölbýlishús og fjölfarna staði.

Gámaleiga
Við leigjum þér krókgáma og önnur ílát undir öll efni sem falla til. Margar stærðir og útfærslur í boði. Þú flokkar eða lætur okkur um það, þitt er valið.

Pressur
Við seljum og leigjum baggapressur sem henta vel til að pressa pappa, pappír, plast, frauðplast, sorp og önnur efni. Ýmsar stærðir í boði sem henta fyrir ólík verkefni.



Smáhýsi
Við seljum og leigjum vinnuskúra og vinnubúðir, færanleg eldhús, skrifstofurýmni, ferðasalerni, hjólageymslur og önnur smáhýsi. Sama hvað stendur til, þú átt erindi við okkur.

Eyðing efna
Hættuleg efni kalla á sérfræðiþekkingu og fagmennsku við meðhöndlun. Við sækjum eða tökum á móti spilliefnum, raftækjaúrgangi, matarolíu og fleiri efnum og komum þeim í réttan farveg, hvort sem hann er endurvinnsla eða eyðing.

Tölfræðiupplýsingar
Á Mínum síðum heldur þú utan um öll þín viðskipti við okkur. Fylgist með hvernig fyrirtækið er að standa sig í endurvinnslumarkmiðum sínum, fylgist með losunum, pantar þjónustu og gengur frá þínum málum.

terra

Sími 535 2500 | Netfang terra@terra.is | www.terra.is

BIOTHERM KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 12. - 15. MARS.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.

LIFE PLANKTON™ er einstakt innihaldsefni sem örvar viðgerðarhæfni húðarinnar. Life Plankton má finna í öllum vörum Biotherm og fæst nú í háu hlutfalli í seruminu, Life Plankton elixir.

LIFE PLANKTON™ ELIXIR - Fyrsta skrefið í húðrútínunni Life Plankton elixir. Serumið kemur jafnvægi á rakastig húðarinnar, jafnar yfirborð hennar, róar og lagfærir.

NÝTT: Náðu enn meiri árangri með einstöku LIFE PLANKTON REPLUMPING [H.A] AMPOULES sem 8 daga meðferð eða „boost" Í eitt skipti.

Life plankton ampúlurnar innihalda undraefnið Life Planton og mikið magn Hýalúronsýru. Við notkun styrkist varnarkefi húðar, efnaskipti hennar örvast, hún endurnýjast og fær samstundis mikinn raka og fyllingu. Plastið í Ambúlunum er umhverfisvænt og sérhannað til þess að formúlan haldi 100% virkni sinni.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni

Lil Nas X leikur fyrir dansi í silfurlitum glansgalla með kögri á tónleikum BuzzFeed í júlí síðastliðnum. MYNDIR/GETTY

Hér leikur rapparinn ungi sér með töluvert öðruvísi útlit. Hann segir að hann langi að prófa alls konar útlit.

Tvítugt tískutákn

Rapparinn Lil Nas X hefur vakið mikla athygli með óhefðbundnum stíl. Hann hefur verið kallaður tískutákn nýrrar kynslóðar og fengið hrós fyrir að brjóta upp staðlaðar kynjaímyndir.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Lil Nas X skaust upp á stjörnuhimininn í Bandaríkjunum á síðasta ári með laginu „Old Town Road“, sem hann gerði með kántrípopparanum Billy Ray Cyrus. Síðan þá hefur hann orðið nokkurs konar tískutákn Z-kynslóðarinnar og táknmynd aukins umburðarlyndis í rappheiminum, en hann kom út úr skápnum í júní síðastliðnum. The Cut ræddi nýlega við hann um stílinn.

Lil Nas X segist hafa haft mjög gaman af að leika sér með kúrekastíl síðastliðið ár.

„Ef ekki hefði verið fyrir „Old Town Road“ hefði mér líklega ekki einu sinni dottið í hug að prófa þennan stíl, en hluti af ástæðunni fyrir því að ég elska hann, er að ég get notað hann á svo marga mismunandi vegu,“ segir rapparinn. „Ég hef klætt mig í allt svart með kögri og í neonbleikt með gyllingu í smáatriðum. Með því að skipta um liti og efni er hægt að gera þetta nýtt og spennandi í hvert skipti. En ég byrja örugglega að leika mér með nýjar hugmyndir mjög bráðlega.

Ég fæ innblástur frá nokkurn veginn öllu sem ég sé í kringum mig, fólki, litum, sjónvarpsþáttum, kvikmyndum, öllu þessu,“ segir Lil Nas X. „Ég vinn mjög náið með stílistanum mínum Hodo Musa til að finna nýjar og öðruvísi hugmyndir. Ég elska bjarta liti, en það er enn þá svo margt sem mig langar til að prófa og gera tilraunir með.“

Lil Nas X er meðal annars þekktur fyrir að vera alltaf með einn dinglandi eyrnalokk og mjótt yfirvaraskegg.

„Ég hef verið með dinglandi kross í eyranu síðan í menntaskóla og það hefur bara alltaf verið mitt sérkenni, eitthvað lítið til að vera mótvægi við demantseyrnalokkana sem ég var oft með,“ segir hann. „Og mér finnst yfirvaraskeggið mitt bara flott svona, satt að segja.“

Lil Nas X hefur verið hampað fyrir að feta ótroðnar slóðir í karlatísku og endurskilgreina karlmannlega tjáningu, sem hann segir að sé mikið hrós.

„Ég klæði mig bara í það sem mér finnst töff, en ef fólk lítur svo á að það sé að hafa áhrif á iðnaðinn er það bara enn betra,“ segir hann. „Línurnar eru svo óskýrar þessa dagana. Þegar ég máta eitthvað hugsa ég ekki um hvort það sé of kvenlegt eða karlmannlegt, ég nota bara það sem mér líkar og líður vel í. Mér er sama hvaða kyn það var ætlað fyrir.“

Lil Nas X segir að það sé klikkuð tilhugsun að hann sé álitinn tískutákn. „En ég meina, dressin mín eru geggjuð, svo það gleður mig að fólk hafi verið jafnhrifið af þeim og ég,“ segir hann. „Ég held að maður þurfi bara að víkka út mörk þess sem fólki finnst töff eða venjulegt, maður þarf að vera einstakur og prófa hluti sem enginn annar hefur prófað.“

Lil Nas X í neonbleikum kúrekagalla á Grammy-verðlaunahátíðinni.

Lil Nas X elskar bjarta liti og er sama fyrir hvaða kyn flíkur eru ætlaðar.

> **„Þegar ég máta eitthvað hugsa ég ekki um hvort það sé of kvenlegt eða karlmannlegt, ég nota bara það sem mér líkar og líður vel í.**



Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Píplulagnir

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Píplulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Trésmíði

TRÉSMIÐUR
tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 676, 4. júlí 2019

Grundarfjarðarbær (Grundarfjörður)

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt, einnig skal skila staðfestingu um vinnslusamning sem viðhengi í umsóknargáttina á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is).

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2020

Fiskistofa, 11.03.2020

Þjónusta

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

worknorth.is

WORK NORTH

HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Fasteignir

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

FJÁRFESTAR- ATHUGIÐ

ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU- MEÐ LEIGUSAMNINGUM

Vorum að fá í einkasölu þetta glæsilega og nýlega atvinnuhúsnæði (Heildareignin). Húsið stendur í Norðlingaholti og er um 2460 fm á tveimur hæðum. Öll efri hæð hússins er leigð til Reykjavíkurborgar langtímaleigu (Norðlingaskóli). Á neðri hæð eru eru átta atvinnubil með innkeyrsluhurðum Sem eru í útleigu að mestu. Hagstæð áhvílandi lán. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður og sýnir eignina eftir nánara samkomulagi:

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

Stefán Hrafn Stefánsson
hdl,lögg.fasts. - 895-2049 - stefan@stakfell.is

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Eignasala.is
SÍMI 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA

Leirdalur 21, 260 Reykjanesbær

Nýjar 4. herbergja sérhæðir með stórri verönd, með eða án bílskúrs.

Vandaðar fullbúnar eignir, sem skilast með gólfefnum og tækjum.

BÚSTOÐ
býður betur!

SÖLUSÝNING í DAG frá kl.17:15-18:00

Hagstæð seljendalán í boði

Júlíus M. Steinþórsson
Löggiltur fasteignasali
899-0555

Jóhannes Ellertsson
Löggiltur fasteignasali
864-9677

Nánari upplýsingar á skrifstofu eða á eignasala@eignasala.is

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Hótel og baðlón að Efri-Reykjum, Bláskógabyggð

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 13. apríl 2020.

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Taifun

FRANK LYMAN DESIGN

Betty Barclay

GERRY WEBER

LITRÍKUR GLÆSIFATNAÐUR FYRIR VORVEISLURNAR

ÝMIS TILBOÐ OG GLAÐNINGAR • FRÍ HEIMSENDING

Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Kórónaveiran og íþróttavellirnir

Kórónaveiran heldur áfram að setja strik í reikning íþróttafélaga og íþróttamanna úti um allan heim. Sífellt fleiri lönd eru að banna áhorfendur á leikjum og íhuga að fella niður íþróttaviðburði á meðan aðrar þjóðir grípa til vægari aðgerða í baráttunni við veiruna.



Í Bandaríkjunum fá fjölmiðlar ekki lengur aðgang að búningsklefum. Þess í stað sitja allir leikmenn stuttan blaðamannafund með fjölmiðlastéttinni eftir leiki. NORDICPHOTOS/GETTY

Áhorfendur eru farnir að verja andlit sín með grímum til að reyna að koma í veg fyrir smit.

Þessir stuðningsmenn í Kanada mættu kappklæddir til að vekja athygli á mikilvægi hreinlætis hjá þeim sem sækja íþróttaviðburði.



Það er sífellt algengari sjón að sjá enga áhorfendur í stúkunum á keppnisleikjum. Einn af stærstu íþróttaviðburðum Bandaríkjanna, marsfárið (e. March Madness) í bandaríska háskólaboltanum hefst á næstu dögum og er óvíst hvort áhorfendur fá að fylgjast með leikjunum.

Leikmenn eru beðnir um að sleppa því að heilsast fyrir leiki og hafa sumir gripið til þess að slá saman úlnliðum eða framhandleggjum eins og Wendie Renard og Luana Paixao gera hér fyrir landsleik Frakklands og Brasilíu.

Sótthreinsistöðvar eru komnar á alla stærstu velli heims, merktar íþróttafélögum.

Súmóglímukapparnir létu ekki kórónaveiruna né skort á áhorfendum trufla eitt af stærstu súmóglímumótum ársins í Osaka, Japan.

Olnbogarnir verða að duga hér þegar liðsfélagarnir í skoska landsliðinu í ruðningi heilsast á æfingu.

Kórónaveiran kom ekki í veg fyrir að rúmlega 60 þúsund manns mættu á Cheltenham-veðhlaupakeppnina í Bretlandi. Cheltenham-keppnin er næststærsti viðburður ársins í þessum geira í Bretlandi.

Fermingarskraut í úrvali!

- Myndaveggir
- Nammibarir
- Kortakassar
- Servíettur
- Borðrenningar
- Blöðrur (fyrir loft/helíum)
- Blöðrubogar/lengjur/hringir (fyrir loft)
- Súkkulaðiegg í þemalitum veislunnar
- Kerti
- Og margt fleira
- Veggborðar þar sem hægt er að raða bókstöfum saman í hvaða orð sem er, t.d. nafn fermingarbarns, „Ferming", „Myndaveggur", „Kort", „Nammibar"

Vöruúrvalið er að finna á facebook síðu Partýbúðarinnar

PARTÝBÚÐIN

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Sendum á landsbyggðina

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Gunnar Ólafsson

(Gunnar í Odda)

Bessahrauni 10, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum sunnudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Landakirkju, föstudaginn 27. mars, klukkan 14. Blóm og kransar afþakkaðir.

Erla Kristín Sigurðardóttir
Hlynur Bergvin Gunnarsson **Gunnlaug Hannesdóttir**
Þröstur Árni Gunnarsson **Sigrún Jónbjarnardóttir**
Gunnar Björn, Berglind Ósk, Birkir Már, Kristinn Már og Daníel Karl

†

Okkar elskaða

Lilja Bernódusdóttir

frá Skagaströnd,

sem lést að heimili sínu þann 9. febrúar, verður jarðsungin frá Hólaneskirkju á Skagaströnd laugardaginn 14. mars kl. 13.

Halla Björg Bernódusdóttir **Ari Hermann Einarsson**
Þórunn Bernódusdóttir **Guðmundur Jón Björnsson**
Ólafur Halldór Bernódusson **Guðrún Pálsdóttir**
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Sveinbjörnsson

frá Snorrastöðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð þann 8. mars sl.
Í ljósi aðstæðna í samfélaginu verður jarðarförin auglýst síðar.

Branddís Margrét Hauksdóttir **Kristján Ágúst Magnússon**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg frænka okkar,

Adda Geirsdóttir

lést þann 20. febrúar sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Adda María Jóhannsdóttir
Helga Björnsdóttir
Geir Björnsson
Halldóra Björnsdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær systir okkar,

Kristín Björk Friðbertsdóttir

sem lést fimmtudaginn 5. mars, verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 13. mars kl. 13.00

Friðbert Friðbertsson
Njáll Trausti Friðbertsson
Jóhann Grímur Friðbertsson
og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Félagarnir af Ströndum og úr Reykhólasveit, þeir Jón Eðvald Halldórsson, Ágúst Helgi Sigurðsson, Hjalti Helgason, Ragnar Bragason, Rósmundur Númason og Vilberg Þráinsson í Sälen árla að morgni keppnisdags. MYND/STEFÁN SNÆR RAGNARSSON

Sigur að komast í mark í erfiðum aðstæðum

Ragnar Bragason, bóndi á Heydalsá í Steingrímsfirði, var fyrstur 40 Íslendinga í mark í Vasagöngunni í Svíþjóð 1. mars. Gangan er 90 kílómetra löng, frá Sälen til Mora. Skilyrðin voru slæm vegna snjókomu en gleðin því meiri hjá þeim sem komust alla leið.

Það er bylur norður á Ströndum og Ragnar Bragason, bóndi á Heydalsá, er eiginlega veðurtepptur heima hjá sér, þegar ég næ í hann í síma. Annars væri hann að sinna rúningi á öðrum bæjum. Hann bindur ekki á sig skíðin þennan daginn en vann það afrek 1. mars að ganga Vasagönguna í Svíþjóð, milli Sälen og Mora, 90 kílómetra leið. Það gerðu líka fimm aðrir úr Skíðafélagi Strandamanna, þar af fjórir bændur, eins og bb.is greindi frá.

Ragnar fór brautina á 6,25 tímum, var rúmum tveimur tímum á eftir sigurvegaranum, að eigin sögn. „Ég var í góðu sæti í röðinni og það dugði mér til að verða fyrstur í mark af Íslendingunum sem voru um 40 sem luku göngunni.“ Hann segir það með fæsta móti, oft hafi þeir verið 60-70, kjarni sem fari nánast á hverju ári. „Það er gríðarleg stemning að taka þátt. Eftir því sem maður fer oftar togar gangan meira í mann. Umhverfið er flott þarna í skógunum, góð stemning í brautinni og einstök upplifun að klára. Sérstaklega er sigur að komast í mark í erfiðum aðstæðum.“

Allt í einu fór að snjóa

Þar sem snjólétt hefur verið í Norður-Evrópu í vetur segir Ragnar búið að aflýsa mörgum skíðagöngum í World-Loppet mótaröðinni. Svíar lögðu mikla vinnu, og á annað hundrað milljónir, í að framleiða snjó og keyra hann í þessa 90 kílómetra braut. „Það höfðu verið hlýindi í nokkrar vikur fyrir Vasagönguna en á keppnisdaginn fór allt í einu að snjóa og sentimetra jafnfallinn snjór bættist í brautina svo gangan varð hæg og erfið og sporið hvarf fyrir þá öftustu.“

> **Það er gríðarleg stemning að taka þátt. Eftir því sem maður fer oftar togar gangan meira í mann. Umhverfið er flott þarna í skógunum, góð stemning í brautinni og einstök upplifun að klára.**

Eftir að Ragnar kom í mark kveðst hann hafa farið í sturtu, í hlý föt og fengið sér að borða. Síðan hafi hann komið sér fyrir við markið, með syni sínum Stefáni sem gat ekki tekið þátt vegna lasleika. „Við fylgdumst með fólki ljúka göngunni og eftir því sem á leið urðu bros þess breiðari og gleðin meiri við að ná settu marki.“

Sextán þúsund keppendur voru skráðir í Vasagönguna þetta árið, að sögn Stefáns, þar af voru fjórtán þúsund sem störtuðu. „Margir hættu við því þeir höfðu ekki getað æft sig vegna snjóleysis. Af þátttakendum voru um tvö þúsund sem náðu ekki tímamörkum, enda er þetta eins og að ganga 130-140 kílómetra við góðar aðstæður. Svo brýtur fólk stafi og skíði en það eru brautarverðir á ferðinni sem koma fólki til aðstoðar. Svo eru drykkjastöðvar með tíu til fimmtán kílómetra millibili og þar eru læknar líka. Allt skipulag er til fyrirmyndar hjá Svíunum.“

Þetta var í fjórða skipti sem Ragnar tekur þátt í Vasagöngunni. Fór fyrst 2009 með tveimur félögum af Ströndum og árið 2012 með konunni og tveimur krökkum. „Krakkarnir tóku þátt í Ungdóms-Vasa og konan í Hálf-Vasa en ég í 90 kílómetra göngunni. Svo kom hlé hjá mér þar til í fyrra, þá fórum við sjö af Ströndum. Aðstæður voru enn erfiðari en núna, mikil snjókoma, mótvindur og skafrenningur á köflum. Þá var líka sögulega lélegur tími hjá sigurveraranum. Tveir í okkar hópi veiktust fyrir gönguna en tóku samt þátt og fengu lungnabólgu í kjölfarið, annar varð að hætta á miðri leið vegna veikinda. Hann fór aftur í ár og gekk vel.“

Fjölskyldusport á Ströndum

Skíðafélag Strandamanna er rúmlega tvítugt. Ragnar er einn af stofnendum þess og hefur tekið virkan þátt í starfinu alla tíð. „Við höfum byggt upp aðstöðu í Selárdal í Steingrímsfirði, meðal annars skíðaskála, og fáum þangað fólk úr Reykhólasveitinni sem er öflugt í þessu sporti. Margir félagarnir eru úr bændastétt og það sem tengir okkur líka saman er að börnin okkar hafa verið að æfa skíðagöngu, þá koma foreldrarnir með. Þetta verður fjölskyldusport.“

Ragnar segir óvenjugóðar aðstæður til skíðagöngu á Ströndum í vetur, þær bestu í mörg ár. „Þetta hefur verið alvöruvetur og við höfum getað æft vel, þegar veður leyfir. Í Selárdal er mesti snjór síðan 1995. Við tókum upp á þeirri nýjung í vetur að bjóða upp á skíðagöngunámskeið, fengum gott fólk frá höfuðborgarsvæðinu til að kenna okkur. Þannig að starfið er metnaðarfullt.“ **gun@frettabladid.is**

ÞVOTTADAGAR

15% afsláttur

Má bjóða þér tandurhreint & brakandi þurrt tau?

Þvottavélar

Þurrkarar

Uppþvottavélar

Vefverslun ORMSSON.IS er opin alla daga, allan sólarhringinn!

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2 °C | 5 ←	-7 °C | 7 ←	-6 °C | 4 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-4 °C | 7 ↙	-3 °C | 5 ↘	-12 °C | 5 ↓

Víða norðaustan 5-13, dálítil él norðaustanlands, annars úrkomulítið. Gengur í suðaustan 10-18 með snjókomu eða slyddu suðvestan- og vestantil síðdegis. Frost 1 til 12 stig, kaldast í innsveitum norðanlands, en frostlaust við suðvesturströndina um kvöldið.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 4 ↖	-6 °C | 12 ↙	-5 °C | 5 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-3 °C | 11 ↖	0 °C | 14 ↖	-6 °C | 13 ↑

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-5 °C | 3 ↙	-8 °C | 2 ←	-8 °C | 1 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-6 °C | 4 ↘	-3 °C | 2 ↙	-10 °C | 6 ↙

LÉTT

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

MIÐLUNGS

2			8	4				
3				5			9	
	7	8	9					5
		9	2			6	1	
		3					2	7
	1			7	9	4		
		7	1			3	8	
			3	9			6	
					8	1		

ÞUNG

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8		7		1		3		
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Krossgáta

LÁRÉTT
1. slengjast
5. strand
6. mjaka
8. arfleiða
10. tónn
11. hylur
12. búið
13. deyfð
15. moðreykur
17. glápa

LÓÐRÉTT
1. tonn
2. veita
3. beita
4. söngrödd
7. fylki
9. pest
12. gá
14. loka
16. kvk. nafn



LÁRÉTT: 1. slást, 5. mát, 6. ek, 8. ánafna, 10. la, 11. lón, 12. gert, 13. slen, 15. tálsýn, 17. stara.
LÓÐRÉTT: 1. smalest, 2. íana, 3. áta, 4. tenór, 7. kantóna, 9. flensa, 12. gelt, 14. lás, 16. Ýr.

Skák

Gunnar Björnsson

Mikeleit átti leik gegn Ruemmler í Halle árið 1974.

1. Hxh7+! Dxh7 2. f7! Hxd8 3. Rxg6+ Kg7 4. f8D+ Hxf8 5. Dxh7+ Kxh7 6. Rxf8+ Kg7 7. Rxd7.

Íslenska öldungasveitin (50+) vann stórsigur, 3½-½, á sveit Austurríkis í fyrradag og var í þriðja sæti að henni lokinni. Í gær mætti sveitin sterkri sveit Slóvaka.

www.skak.is: HM öldungasveita.

Hvítur á leik

7	6	9	4	3	1	5	8	2
3	8	5	9	2	6	1	4	7
1	4	2	5	7	8	6	9	3
4	1	6	2	5	7	8	3	9
8	5	7	1	9	3	2	6	4
9	2	3	6	8	4	7	5	1
2	3	8	7	4	5	9	1	6
5	7	1	3	6	9	4	2	8
6	9	4	8	1	2	3	7	5

7	6	3	8	1	4	9	2	5
8	9	5	7	2	6	4	1	3
4	1	2	9	3	5	6	7	8
3	4	9	6	7	2	5	8	1
1	5	7	3	4	8	2	6	9
2	8	6	5	9	1	3	4	7
5	2	8	1	6	3	7	9	4
6	7	1	4	5	9	8	3	2
9	3	4	2	8	7	1	5	6

8	2	4	9	3	5	1	6	7
3	9	7	2	6	1	8	4	5
1	5	6	7	8	4	3	2	9
6	1	5	8	9	7	4	3	2
7	3	8	1	4	2	9	5	6
2	4	9	6	5	3	7	8	1
9	7	3	5	2	8	6	1	4
4	6	2	3	1	9	5	7	8
5	8	1	4	7	6	2	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

OUTLET DAGAR

50-80% AFSLÁTTUR

50% kr. 7.995.-
ERIK Dúnjakki
Áður ~~kr. 15.990.-~~

EMMA Dúnjakki
Áður ~~kr. 15.990.-~~
50% kr. 7.995.-

50% kr. 9.495.-
KETILL Regnjakki
Áður ~~kr. 18.990.-~~

KORKA Regnjakki
Áður ~~kr. 15.990.-~~
50% kr. 7.995.-

50% kr. 11.495.-
BRÁ Dúnjakki
Áður ~~kr. 22.990.-~~

FÁKAFEN 9

LAUGAVEGUR 91

ICEWEAR · ICELAND ·

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

OUTLET TILBOÐ GILDA EINUNGIS Í ICEWEAR, FÁKAFENI 9,
ICEWEAR MAGASÍN, LAUGAVEGI 91 **OG Í VEFVERSLUN ICEWEAR.IS**

Frí heimsending á icewear.is

BÍLAR

BMW i8 mun eflaust verða safngripur bílaáhugamanna.

BMW hættir með i8 sportbílinn

BMW bílaframleiðandinn hefur tilkynnt að framleiðsla i8 muni hætta innan skamms eftir sex ár í framleiðslu. Sportbíllinn hefur haft mikil áhrif á tækniþróun BMW á undaförnum árum, en þarf nú að víkja fyrir 100% rafdrifnum bílum frá BMW, en líklegur arftaki er 600 hestafla sportbíll byggður á Vision M Next tilraunabílnum. BMW i8 var fyrst sýndur sem tilraunabíll á Frankfurt bílasýningunni árið 2011. Rúmlega 20 þúsund eintök hafa þegar verið framleidd af i8 svo að hann verður ekki safngripur alveg strax.

Allar línur Prophecy eru mjúkar og felgurnar minna á blöð í forþjöppu.

Spádómsbíllinn frá Hyundai

Hyundai hefur frumsýnt nýjan rafmagnsbíl sem kallast Prophecy, en eins og nafnið gefur til kynna er þessi tilraunabíll spádómur framleiðandans um framtíðina.

Aðalsýningaratriði Hyundai á bílasýningunni í Genf átti að vera þessi tilraunabíll, en eins og flestir þeir sem fylgjast vel með bílaheiminum vita var sú sýning slegin af vegna kórónaveirunnar. Þótt ekkert hafi verið gefið upp um hvort bíll sem þessi muni fara í framleiðslu, er ljóst að hönnunardeild Hyundai hefur fengið að leika sér dálítið með mögulega framtíð bílaframleiðandans.



Pixel ljósin gætu farið að sjást í bílum Hyundai von bráðar.

Útlitið sjálft er ekki róttækt í sjálfu sér og sækir greinilega til annarra framleiðenda, en tæknin er hins vegar á fullu gasi. Bíllinn er með Pixel ljósum að framan og aftan, eins og Concept 45 tilraunabíllinn og að sögn Hyundai munum við sjá slík ljós í bílum þeirra í framtíðinni. Ekkert stýri er í bílnum sem mun vera að mestu leyti sjálfkeyrandi, en tveir stýripinnar sitthvorum megin við ökumannssætið eru til þess að ökumaður geti stjórnað bílnum að einhverju leyti. Eins og aðrir tilraunabílar nútímans er innréttingin með skjái á allar hendur, og einn skjár í viðbót kemur upp úr mælaborðinu.

Inngangur Javits Center í New York, þar sem bílasýningin er venjulega haldin. Hafði sjötíu handhreinsistöðvum verið bætt við. MYND/GETTY

New York Auto Show frestað

Þegar hefur verið hætt við tvær stórar bílasýningar á þessu ári vegna kórónaveirunnar, Auto Shanghai og Palexpo bílasýninguna í Genf. Nýjasta fórnarlamb veirunnar er alþjóðlega bílasýningin í New York í apríl sem stóð til að halda allt fram á þriðjudag.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Forseti New York bílasýningarinnar, Mark Scheinberg sagði þó á mánudaginn að sýningin yrði haldin. „Eins og er höldum við okkar striki þar til einhver segir eitthvað annað," sagði Scheinberg og virtist ekki hafa miklar áhyggjur af útbreiðslu kórónaveirunnar. Annað virðist þó ætla að koma á daginn því nú eru allar líkur á að sýningunni verði frestað fram í ágúst vegna aðgerða yfirvalda í New York ríki.

Halda átti New York bílasýninguna dagana 8.-19. apríl og átti að frumsýna bíla eins og nýjan Ford Bronco og VW ID.4. Nokkrir framleiðendur höfðu reyndar sagt að þeir myndu ekki taka þátt í ár, en það voru þýsku merkin BMW, Mercedes-Benz og Audi. Aðrir framleiðendur höfðu flutt frumsýningar sínar frá Genfar sýningunni, sem var felld niður á þessu ári vegna kórónaveirunnar, til New York bílasýningarinnar.

Sýningin er venjulega haldin á sýningarsvæði Javits Center og til að bregðast við áhrifum kórónaveirunnar höfðu stjórnendur Javits Center ákveðið að fjölga sótthreinsunum á salernum, inngöngum, hurðarhúnum og öðru sem gestir sýningarinnar gætu verið í beinni snertingu við. Sjötíu handhreinsistöðvum hafði verið bætt við sýningarsvæðið, en þessar aðgerðir voru ekki taldar duga að mati yfirvalda.

Meðal þeirra bíla sem frumsýna átti á New York sýningunni var nýr Ford Bronco sem sést hér á nýjustu myndinni sem birst hefur af honum á netinu.

Nýlega uppgötvuð mynd af næstelsta bíl Íslandssögunnar

Þann 20. október 2018 var opnuð sýning á ljósmyndum Pikes Ward í Ljósmyndasafni Íslands. Myndirnar komu úr safni þessa áhugaljósmyndara sem var mikill Íslandsvinur á árunum upp úr 1900. Hann keypti fisk og myndaði það sem fyrir augun bar á ferðum sínum hingað. Meðal þess sem hann rakst á var annar bíllinn sem hingað kom, oftast nefndur Grundarbíllinn. Myndin er tekin fyrir utan bæinn Grund í Eyjafirði og sýnir bílinn mun betur en fyrri mynd sem til var af honum gerði. Sverrir Ingólfsson á Ystafelli er með veglegt samgöngusafn eins og flestir sem hafa áhuga á bílum vita. Hann langaði að eiga eintak af myndinni góðu og fékk leyfi til þess frá Devon Heritage Center sem á myndina og Þjóðminjasafninu. Hér er myndin birt með góðfúslegu leyfi Þjóðminjasafnsins og áhugasömum bent á að skoða myndina betur næst þegar þeir gera sér ferð norður, að skoða Samgönguminjasafnið á Ystafelli.

Fyrsti bíll Norðurlands var Grundarbíllinn, sem nýlega birtist óvænt á mynd frá Pike Ward. MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

HÚSASMIÐJAN

Nýtt og glæsilegt
Húsasmiðjublað er komið út
Skoðaðu á **husa.is**

Vefverslun

husa.is - **alltaf við hendina**



Litabarinn
Vinsælustu LADY litirnir í vefverslun

Netspjall
Við erum á vaktinni alla virka daga á husa.is

Vefverslun
Þúsundir vara í vefverslun

Heimsending
Sendum heim að dyrum um land allt

Pantað & Sótt
Pantaðu eða sæktu í næstu verslun

Timbur
Við sendum þér timbrið heim að dyrum

Ein stærsta vefverslun landsins - alltaf við hendina

Margrét Tryggvadóttir með bók sína um Kjarval. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Fimmtán eru tilnefnd til verðlauna

Höfundar fimmtán barna- og unglingabóka eru tilnefndir til Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar en verðlaunin eru veitt í þremur flokkum. Verðlaunin verða svo afhent, hefðinni samkvæmt, síðasta vetrardag í Höfða.

Barna- og unglingabækur frumsamdar á íslensku

- **Draumaþjófurinn**
  Gunnar Helgason
- **Kjarval: málarinn sem fór sínar eigin leiðir.**
  Margrét Tryggvadóttir
- **Nornin**
  Hildur Knútsdóttir
- **Villueyjar**
  Ragnhildur Hólmgeirsdóttir:
- **Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins**
  Snæbjörn Arngrímsson

Myndlýsingar í barna- og unglingabókum

- **Ró: fjölskyldubók um frið og ró**
  Bergrún Íris Sævarsdóttir
- **Sipp, Sippsippanipp og Sippsippanippsippsúrumsipp: systurnar sem ætluðu sko ekki að giftast prinsum!**
  Blær Guðmundsdóttir
- **Vargöld 2. bók**
  Jón Páll Halldórsson
- **Egill spámaður**
  Lani Yamamoto
- **Vigdís: bókin um fyrsta konuforsetann**
  Rán Flygenring

Þýddar barna- og unglingabækur

- **Bók um tré**
  Piotr Socha og Wojciech Grajkowski
  Þýðing: Illugi Jökulsson
- **Villinorn: Bækurnar Blóð Viridíönu og Hefnd Kímeru**
  Lene Kaaberbøl
  Þýðing: Jón St. Kristjánsson
- **Snjósystirin**
  Maju Lunde
  Þýðing: Silja Aðalsteinsdóttir
- **Hver vill hugga krílið?**
  Tove Jansson
  Þýðing: Þórarinn Eldjárn
- **Múmínálfarnir: Minningar múmínpabba**
  Tove Jansson
  Þýðing: Þórdís Gísladóttir

Ólafur Egill Egilsson leikstýrir og Guðmundur Óskar Guðmundsson sér um tónlistarstjórn. Þeir völdu lögin sem flutt eru í sýninguni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hamskipti Bubba

Borgarleikhúsið frumsýnir Níu líf, söngleik um Bubba Morthens þar sem farið er í gegnum ævi hans. Í sýningunni eru lög hans sett í samhengi við lífshlaup hans.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Níu líf, söngleikur um Bubba Morthens, verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu föstudaginn 13. mars. Ólafur Egill Egilsson er höfundur verksins og jafnframt leikstjóri. Um tónlistarstjórn sér Guðmundur Óskar Guðmundsson.

Ólafur Egill er fyrst spurður hvort Bubbi hafi komið að handritsgerðinni eða uppsetningunni. „Þegar við hittumst fyrst sagði Bubbi mjög ákveðinn: Ég ætla ekkert að skipta mér af þessu, en ekki hlífa mér. Þetta verður að vera alvöru, annars er enginn tilgangur með sýningunni.“

Ólafur Egill og Guðmundur Óskar völdu lögin sem flutt eru í sýningunni úr öllu því ógrynni laga sem Bubbi hefur samið á sínum langa ferli: „Við förum í gegnum ævi Bubba í sýningunni, hans níu líf, og að heyra lögin í samhengi við lífshlaup hans held ég að setji þau í dálítið nýtt ljós. Bubbi er auðvitað leynt og ljóst að takast á við sjálfan sig í sinni tónlist. Hann syngur gjarna um það sem hann er að upplifa hverju sinni, en hann syngur líka um sjálfan sig í lögum sem hann hefur sjálfur sagt að fjalli ekki um neitt. Eins og til dæmis „Fjöllin hafa vakað“ sem Halldóra Geirharðs syngur í sýningunni sem „Egó-Bubbi“. Hún kom upptendruð á æfingu einn daginn og var þá búin að finna lykil að túlkun. Hér syngur undirmeðvitund Bubba um falinn sársauka, um það að vera fjall, vakandi, steinrunnið og þögult fjall, en geyma samt tár inni í sér og þrá að opna sína sál. Út frá því færðum við lagið til og í því samhengi er það stökkpallur inn í Egó tímabilið, þegar Bubbi verður að einhvers konar fjalli, lokar allt inni og keyrir bara áfram á hörkunni,“ segir Ólafur Egill.

Bubbi í nýju ljósi

Ævi Bubba hefur verið viðburðarík og sannarlega ekki áfallalaus, eins og endurspeglast í sýningunni. „Þetta er vægðarlaus og kannski meira að segja dálítið gróf sýning en um leið falleg, viðkvæm og tilfinningarík. Þarna eru stórar tilfinningar, mikið drama og mikill sársauki,“ segir Guðmundur Óskar.

Þeir félagar hafa orð á því að margir sem hafi séð æfingar segjast upplifa persónu Bubba í nýju ljósi. „Fólk hefur kannski ekki alveg áttað sig á því hvaðan hann kemur, hvað hann hefur gengið í gegnum og hvernig hann hefur sem manneskja tekið á sjálfum sér, til að komast á þann stað sem hann er á í dag,“ segir Ólafur Egill.

> **„Það er kannski það sem sýningin fjallar helst um, hvernig hægt er að takast á við hlutina, finna sína leið og lenda á báðum fótum, uppréttur með sitt á hreinu.**
>
> Ólafur Egill Egilsson

„Og öll hamskiptin, Bubbi hefur gengið í gegnum miklar umbreytingar, bæði sem manneskja og tónlistarmaður,“ segir Guðmundur Óskar. „Hann staldrar aldrei við í einni týpu eða einu þema, einum stíl. Eins og Utangarðs-Bubbi segir í sýningunni, og í gömlu viðtali í Vikunni: „Ég get ekki verið að gera Ísbjarnarblús endalaust, það væri eins og að sofa alltaf hjá sömu konunni í trúboðastellingunni.“

Rósir í garðinum

Bubbi hefur komið á æfingar. „Hann er æðrulaus, brosir og hrósar fólki, sendir frá sér hlýja og góða strauma í allar áttir,“ segir Ólafur Egill. „Þetta er án efa mjög sérstakt, og jafnvel erfitt, að sjá ævi sína túlkaða svona uppi á sviði og einhvern tíma í miðju ferlinu var ég að hafa áhyggjur af því að vera of nærgöngull, þetta hlyti að vera óbærilegt. En þá benti Bubbi mér á að þetta er það sem hann hefur meðvitað verið að gera síðustu ár, opna á tilfinningar sínar, skrifa um þær, syngja um þær, ganga á hólm við sársaukann og sjálfan sig og miðla einhverju úr baráttunni. Það er kannski það sem sýningin fjallar helst um, hvernig hægt er að takast á við hlutina, finna sína leið og lenda á báðum fótum, uppréttur með sitt á hreinu. Til dæmis í Kjósinni með bros á vör og rósir í sínum garði. Ég held við getum öll tengt við Bubba og ferðalag hans. Að minnsta kosti held ég að okkur leikhópnum þyki eiginlega vænna um þennann margbrotna Bubba með hverju laginu sem við flettum af honum.“



490.-



3990.-



999.-

OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

BÓKAMARKAÐURINN

Laugardalsvelli

SÍÐASTA HELGIN!

LÝKUR 15. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA

4999.-

1999.-

990.- hvor



990.-

3990.-

1899.-

1990.-

1699.-

Verk listamannsins Lap Yip sem er frá Hong Kong.

Verk eftir Þjóðverjann Almuth Baumfalk.

Verk eftir japanska listamanninn Miyuki Kido.

Línan sameinar verkin

Átta listamenn frá sex löndum sýna í Listasafninu á Akureyri. Mireya Samper er sýningarstjóri. Listamennirnir urðu nánast orðlausir þegar þeir sáu hið glæsilega Listasafn á Akureyri.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Línur stendur nú yfir í Listasafninu á Akureyri. Þetta er samsýning átta listamanna frá sex löndum. Listamennirnir eru: Almuth Baumfalk frá Þýskalandi, Armando Gomez, Mexíkó, Hiro Egami, Japan, Rym Karoui, Túnis, Miyuki Kido, Japan, Kristine Schnappenburg, Þýskalandi, Saulius Valius, Litháen og Lap Yip, Hong Kong.

Mireya Samper er sýningarstjóri. „Þarna eru verk sem voru unnin á staðnum og sömuleiðis verk sem voru flutt til landsins. Þetta eru málverk, innsetningar og skúlptúrar," segir hún. „Það er búið að vinna að þessari sýningu lengi og mikið samtal var milli mín og listamannanna. Vinnutitillinn var Lines, Línur, og allir voru svo ánægðir með þann titil að við ákváðum að halda okkur við hann."

Steinar frá Dritvík og Japan

Verkin á sýningunni eru gjörólík en eitt sameinar þau þó. „Það er línan," segir Mireya. „Lína er hreinasta formið. Það er hægt að gera allt við hana og ekki neitt og hún getur verið mjög einföld og mjög flókin.

> LÍNA ER HREINASTA FORMIÐ. ÞAÐ ER HÆGT AÐ GERA ALLT VIÐ HANA OG EKKI NEITT OG HÚN GETUR VERIÐ MJÖG EINFÖLD OG MJÖG FLÓKIN.

Listakonan Almuth Baumfalk vinnur mikið með línur. Hún málar á gervisilki þannig að það sést í gegnum það. Fyrir aftan málverkið sjást skuggar sem eru línur. Í sama sal er risastórt verk úr rauðu garni eftir Saulius Valius, sem sýnir línur. Hann strengdi verkið þversum í gegnum salinn, hátt upp, þannig að maður gengur undir það. Maður tekur ekki mikið eftir verkinu í fyrstu, en þegar maður er kominn inn í salinn sér maður að það er eitthvað fyrir ofan mann. Valius lýsir verkið þannig að línur varpast á vegginn og gólfið.

Annar Japaninn, Hiro Egami, er með ótrúlega flott verk sem er búið til úr litlum steinum, frá Dritvík og orkustað í Japan. Hann blandar steinunum saman þannig að þeir mynda fullkominn kassa en eru um leið óreglulegir. Þeir hanga í hvítum tvinna á plötu og það er strengur í veggnum þannig að hægt er að hreyfa það. Steinarnir eru svo léttir að það er eins og þeir svífi."

Orðlausir listamenn

Listamennirnir komu til landsins í tilefni sýningarinnar, fyrir utan Rym Karoui frá Túnis, sem fékk ekki brottfararleyfi. Hún kom verkum sínum til Frakklands og þaðan voru þau flutt hingað til lands. Hún og fjölskylda hennar eru undir eftirliti stjórnvalda. Bróðir hennar var í forsetaframboði á síðasta ári, var handtekinn vegna stjórnmálaskoðana og stjórnaði kosningabaráttu sinni úr fangelsinu.

Mireya segir listamennina hafa orðið nánast orðlausa þegar þeir sáu Listasafnið á Akureyri. „Þau fengu síðan aðstöðu í listamannaíbúð þar sem var pláss fyrir þau öll. Þau voru mjög ánægð með heimsóknina, móttökurnar og samvinnuna með frábæra starfsfólkinu sem vinnur á Listasafninu á Akureyri og það var algjörlega frábært að fá þessa flottu listamenn til Akureyrar."

Sýningin stendur til 3. maí.

Mireya segir frábært að hafa fengið listamennina til Akureyrar.

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

12. MARS 2019

Orðsins list

Hvað? Mikilvægi menningar í viðskiptum við Kína
Hvenær? 17.30
Hvar? Veröld, hús Vigdísar, Brynjólfsgötu.
Yan Ping Li var menningarfulltrúi sendiráðs Íslands í Kína þar sem hún tók þátt í að skipuleggja kynningar á íslenskri menningu, tónleika, kvikmyndahátíð og sýningar. Hún flytur erindið á ensku. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Tónlist

Hvað? Á ljúfum nótum
Hvenær? 12.00-12.30
Hvar? Fríkirkjan í Reykjavík
Ásta Marý Stefánsdóttir sópransöngkona og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari flytja verk eftir Edvard Grieg. Aðgangseyrir er 1.500 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum.



María syngur djass- og söngleikjalög í Borgarbókasafninu í Grófinni.

Hvað? Vorið og vonin í jazzperlum
Hvenær? 12.15-13.00
Hvar? Borgarbókasafnið Grófinni
María Magnúsdóttir syngur lög eftir mörg af þekktustu djass- og söngleikjaskáldum samtímans. Gunnar Hilmarsson leikur á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa.

Myndlist

Hvað? Leiðsögn um sýninguna Erró: Sæborg
Hvenær? 20.00
Hvar? Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Úlfhildur Dagsdóttir sýningarstjóri sér um leiðsögnina. Tækni- og vísindaframfarir urðu Erró snemma innblástur í verk þar sem mætast hið mennska og hið vélræna. Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

Úlfhildur leiðsegir gestum um sýningu Errós í Hafnarhúsinu.

Skáldað í tré í Borgarbókasafninu í Árbænum

Sýningin Skáldað í tré, snúningur í rennibekk, verður opnuð næstkomandi sunnudag, 15. mars, í Borgarbókasafninu í Árbæ. Á sýningunni verður margt fallegra muna. Þeir eru afrakstur vinnu félagsmanna í Félagi trérennismiða á Íslandi. Félagsmenn ætla ekki að láta sér nægja að sýna gripi sína heldur ætla þeir einnig að segja frá vinnunni við rennslið og jafnvel renna gripi á staðnum á sýningartímanum.

Annan sunnudag sýningarinnar 22. mars flytur Jón Guðmundsson, formaður félagsins, erindi um þann við sem fellur til við grisjun í görðum borgarbúa. Sunnudaga þar á eftir verður sagt meira frá vinnu við trérennibekk og vinnubrögð sýnd utandyra ef veður leyfir. **– kb**

Hluti þeirra fallegu muna sem verða á sýningu trérennismiða.

Félagsmenn segja frá vinnunni við rennslið og jafnvel renna gripi á staðnum á sýningartímanum.

FERMINGAR

HEITAR OG SPENNANDI FERMINGARGRÆJUR

55" Mi TV4s HDR
Eitt fallegasta 4K HDR sjónvarpið í dag, örþunnur álrammi og fullkomið Android TV fyrir Netflix, Nova TV ofl.
79.990
Örþunn veggfesting fylgir með

AMAZFIT GTS
Fullkomið heilsu/snjallúr með öllum eiginleikum sportúra ásamt fullkomnum snjall eiginleikum
29.990
Ný tækni skilar allt að 14 daga rafhlöðu!

7T - 8+128B
Ótrúlegt tækniundur! "Bestu kaupin í dag" segir WHAT HI*FI? í 5 stjörnu umsögn þann 30.október!
99.990
90Hz Display - Smooth Like Never Before

1000XM3 ÞRÁÐLAUS
Margverðlaunuð, Active HD Noise Cancelling
38.990

SWITCH LITE
Stórskemmtileg handleikjatölva frá Nintendo
32.990

PS4 VR PAKKI
PS4 VR gleraugu með VR Worlds og VR myndavél
49.990

ANC500 HEYRNARTÓL
Fislétt heyrnartól með Active Noise Cancelling
14.990

PS4 SLIM 1TB
Stýripinni og 2 skemmtilegir leikir fylgja
49.990

PS4 STÝRIPINNI
Þráðlaus Dual Shock og 500 V-bucks
9.990

XIAOMI HLAUPAHJÓL
Xiaomi Mi M365 rafmagnshlaupahjól, 2 litir
49.990

GJAFABRÉF
Gefðu gjafabréf það klikkar aldrei:)
SNILLD!

Opnunartímar
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

12. mars 2020 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

BÍÓ

Táralaust tilfinningastríð

KVIKMYNDIR

Pain and Glory

★★★★½

Leikstjórn: Pedro Almodovar
Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Penélope Cruz, Asier Etxeandia, Nora Navas

Spænsku félagarnir Pedro Almodovar og Antonio Banderas hafa gert átta kvikmyndir saman á síðustu 40 árum og ferlar beggja eru svo samofnir að hvor á hinum margt að þakka. Líklega rísa þeir þó einna hæst í Pain and Glory sem var frumsýnd í fyrra en ratar nú loksins í kvikmyndahús á Íslandi.

Banderas leikur hér þunglynda kvikmyndaleikstjórann Salvador Mallo sem má muna sinn fífil fegurri en Almodovar byggir myndina lauslega á eigin lífi og engum blöðum er um það að fletta að Pain and Glory er persónulegasta verk hans til þessa.

Klæðaburður og hárgreiðsla Salvadors taka af öll tvímæli um að persónan er byggð á Almodovar sjálfum auk þess sem sum atriði myndarinnar voru tekin á heimili leikstjórans.

Líkami Salvadors virðist, eins og hugur hans, hafa gefist upp á honum. Hann þjáist af mígreni og verkjum í hné og baki svo eitthvað sé nefnt. Auk þess fær hann einnig dularfull köfnunarköst þannig að það eitt að drekka vatn getur reynst honum lífshættulegt.

Pedro Almodovar, Penelope Cruz og Antonio Banderas á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra. Þar vann Banderas verðlaun fyrir leik sinn í myndinni.

Líf í filmuflækju

Salvador virðist hafa misst lífsviljann og sjónar á tilgangi tilveru sinnar þar sem hann lítur á kvikmyndagerðina sem upphaf og endi lífsins. Þar sem hann getur ekki einu sinni reimað á sig skóna ákveður hann að hann hafi ekki heilsu til þess að leikstýra og flækir sig í þeirri þversögn að sársauki sé oftar en ekki góður innblástur til listsköpunar.



Sagan sækir drifkraftinn því í forna frægð og áform um að endursýna myndina Sabor, eða Bragð, sem Salvador gerði þegar hann var á hátindi ferilsins. Þessi upphefð verður til þess að hann endurnýjar kynni sín við aðalleikara myndarinnar sem hann hefur ekki talað við síðan myndin var frumsýnd fyrir þrjátíu árum.

Allt fram streymir

Þegar Salvador horfir til fortíðar minnist hann fábrotinnar barnæsku, fjölskyldu og ástvina sem allir eru horfnir á braut. Myndin líður áfram þegar eitt leiðir snilldarlega af öðru og við stökkvum fram og aftur í tíma á meðan söguþráðurinn flæðir áreynslulaust eins og vatnið sem ávallt er til staðar í myndinni.

Antonio Banderas var mjög svo verðskuldað tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni enda var hann víða valinn besti leikari síðasta árs fyrir þann stórleik sem hann sýnir sem hinn þjakaði Salvador.

Lífið og listin...

Banderas tjáir tilfinningar persónunnar, andlegan og líkamlegan sársauka, best með því að sýna þær ekki. Salvador er alveg tómur nema þegar hann hugsar um fortíðina eða hittir gamlan elskhuga. Enda segir hann sjálfur í myndinni að bestu leikararnir þurfi ekki að gráta til þess að sýna tilfinningar.

Almodovar ræðst hér síður en svo á garðinn þar sem hann er lægstur enda eru efnistök myndarinnar ansi umfangsmikil þar sem Pain and Glory fjallar um listina, minningar, ástina, lífið og dauðann um leið og hún er óður til kvikmyndagerðarinnar.

... og allt þar á milli

Eina raunverulega athugasemdin sem hægt er að gera við myndina liggur einmitt í þessum breiðu efnistökum þar sem finna má að því að það vanti einhvers konar ris í söguna.

Áhorfandinn bíður skólaður í línulaga uppeldi eftir einhverjum mikilfenglegum eða tilfinningaþrungnum atburði sem aldrei kemur. En kannski er það einmitt ætlunarverk Almodovars og kjarninn í sögu hans og lífinu. Maður lætur sig dreyma um ýmislegt sem aldrei gerist eða rætist því lífið er ekki bíómynd.

Edda Karítas Baldursdóttir

NIÐURSTAÐA: Leikstjórinn Pedro Almodovar á sinn De Niro og Leonardo Di Caprio í Antonio Banderas. Þeir hafa stillt saman strengi sína með átta kvikmyndum á 40 árum og hafa líklega aldrei risið hærra en í þessari persónulegustu mynd Almodovars þar sem Banderas sýnir stórleik sem leikstjóri sem gerir upp líf sitt.

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura **fimmtudaginn 26. mars 2020 kl. 17:15**

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2019 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur rennur út þann **19. mars 2020.** Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Ársreikningur, tillögur um breytingar á samþykktum og nánari upplýsingar um ársfundinn eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

Almenni í hnotskurn

- Heildareignir: 269 milljarðar
- Skráðir sjóðfélagar: 49 þúsund
- Hæsta nafnávöxtun 2019: 17,6%
- Hæsta raunávöxtun á ári sl. 10 ár: 5,7%
- A.m.k. 1/3 skyldusparnaðar í séreign
- Hagstæð lífeyrisréttindi
- Daglegt gengi ávöxtunarleiða á heimasíðu
- Sjö ávöxtunarleiðir í boði

Nánar á: www.almenni.is

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Fjórar áhugaverðar á Stockfish

Kvikmyndahátíðin Stockfish Film Festival & Industry Days verður haldin í sjötta sinn dagana 12. til 22. mars í Bíó Paradís. Dagskrá Stockfish er eins og venjulega fjölbreytt og metnaðarfull en Fréttablaðið hefur hér valið fjórar áhugaverðar myndir sem óhætt er að mæla með. Á ýmsum og ólíkum forsendum.

Frekari upplýsingar um myndirnar og dagskrána má finna á heimasíðu hátíðarinnar, stockfishfestival.is

- **Arracht** Fyrsta leikstjórnarverkefni leikarans Toms O'Sullivan gerist á Írlandi 1845 og fjallar um heiðarlegan sjómann og leiguliða, Colman. Fundur hans og landeigandans um hærri skatta, þrátt fyrir uppskerubrest og hungursneyð, endar með skelfingu þannig að Colman leggur á flótta fyrir glæp sem hann framdi ekki.
- **Are You Leaving Already?** Norsk mynd tekin í dogma-stíl sem fjallar um unga konu sem er laus úr fangelsi. Hún ákveður að mála yfir horgræna veggi íbúðar sem faðir hennar lánar henni, en málurunum sem taka að sér verkið verður fljótt ljóst að hún þarfnast hjálpar við ýmislegt fleira.
- **Color Out of Space** Mynd gerð eftir sögu H.P. Lovecraft með Nicholas Cage í aðalhlutverki. Útrætt mál. Gardner-fjölskyldan flyst úr borg í sveit á flótta undan nútímanum en þegar loftsteinn lendir í garðinum breytist lífið í litríka martröð.
- **First Love** Mynd eftir hinn margrómaða Takashi Miike sem gefur ekkert eftir í ofbeldi og blóðsúthellingum og er hér í fimmta gír í mynd um sjálfumglaðan boxara sem verður ástfanginn af vændiskonu. Saman flækjast þau inn í stórfellt fíkniefnasmygl á vegum skipulagðra glæpasamtaka. 97% á Rotten Tomatoes.

bauhaus.is

BAUHAUS®

Kjarakaup

70%
AFSLÁTTUR

Allt að 70% afsláttur af hurðum sem hætta í sölu. Komdu og gerðu frábær kaup!

HURÐADAGAR Í BAUHAUS!

Mögulega eru ekki allar hurðir sem til sýnis eru á myndinni á afslætti. Komið og skoðið úrvalið.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

BORGARAFUNDUR
Í KVÖLD KLUKKAN 18:55
Í OPINNI DAGSKRÁ OG SAMTÍMIS Á VÍSI.

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar stendur fyrir borgarafundi með forystufólki almannavarna, forsætisráðherra og seðlabankastjóra þar sem almenningi gefst tækifæri til að spyrja beint um útbreiðslu kórónuveirunnar. Hægt er að senda spurningar á fréttastofu í gegnum Vísi og með pósti á frettir@stod2.is bæði fyrir fundinn og meðan á honum stendur.

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Heilsugæslan Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

RÚV SJÓNVARP

12.45 Kastljós
13.00 Gettu betur 1996 MS - Flensborg
14.00 Landinn 2010-2011
14.30 Ævi/ Miður aldur Í þessum þætti er fjallað um miðjan aldur. Af hverju er alltaf talað eins og það sé alveg glatað að vera miðaldra? Er þetta ekki einmitt aldurinn þar sem margir endurheimta frelsi og tíma - og fá rýmri fjárráð, eftir að hafa komið börnum til manns?
15.00 Bannorðið
16.00 Lestarklefinn. Að fanga kjarnann
16.55 Treystið lækninum
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.14 Anna og vélmennin
18.36 Handboltaáskorunin
18.47 Úti í umferðinni. Við götuna Umferðarsnillingurinn Ellen minnir krakka á hvað er mikilvægast að gera þegar farið er yfir götu, eins og að líta til beggja hliða og hlusta. Hún heilsar líka upp á græna og rauða karlinn.
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Andrar á flandri. Skotland
20.35 Karlamein - um krabbamein í blöðruhálskirtli Heimildaþáttur um krabbamein í blöðruhálskirtli þar sem sjúklingar segja frá reynslu sinni og læknar fjalla um eðli, greiningu og meðhöndlun sjúkdómsins. Á Íslandi greinast um 200 karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli á hverju ári og um 50 látast af völdum þess.
21.10 Gæfusmiður. Stan Lee's Lucky Man III
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Ríkið. The State
23.10 Bjargið mér. Save Me
00.00 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 A.P. BIO
15.20 This Is Us
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 American Housewife
19.40 Single Parents
20.10 Með Loga
21.10 The Resident
22.00 The L Word. Generation
22.55 The Arrangement
23.40 The Late Late Show
00.25 Grand Hotel
01.10 Seal Team
01.55 Law and Order. Special Victims Unit
02.40 Wisting
03.25 The Walking Dead
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp UngRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
19.27 Sinfóníutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar (27 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait
08.20 Gilmore Girls
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 Dýraspítalinn
09.55 Hand i hand
10.35 Major Crimes
11.15 Veep
11.45 All Rise
12.35 Nágrannar
12.55 Can You Ever Forgive Me
14.40 Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
16.55 Friends
17.30 Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Curb Your Enthusiasm
19.55 Love in the Wild
20.40 NCIS
21.25 S.W.A.T
22.10 Lil Rel Howery. Life in Crenshaw
23.15 Real Time With Bill Maher
00.15 The Sinner
01.05 Deadwater Fell
01.55 Homeland
02.45 Counterpart Dularfullir þættir með Óskarsverðlaunahafanum J.K. Simmons. Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár án þess þó að vita nákvæmlega tilgang vinnu sinnar.
03.35 Counterpart

STÖÐ 3

20.00 Friends
20.45 Ice On Fire
22.20 Batwoman
23.00 The Simpsons
23.25 Bob's Burgers 10
23.45 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Lecce - AC Milan
08.40 Hellas Verona - Napoli
10.20 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
11.10 Equsana deildin í hestaíþróttum
11.40 Dominos deild kvenna
13.20 ÍBV - ÍR
14.50 PSG - Borussia Dortmund
16.30 Liverpool - Atletico Madrid
18.15 Meistaradeildarmörkin
19.15 Selfoss - Haukar Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
21.15 20. umferð Markaþáttur Olís deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.
22.45 LASK Linz - Manchester United
00.25 Stjarnan - Haukar

STÖÐ 2 SPORT 2

17.45 LASK Linz - Manchester United Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
19.50 Inter - Getafe Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.

GOLFSTÖÐIN

08.00 Magical Kenya Open Bein útsending.
10.00 Oman Open
12.00 Magical Kenya Open Bein útsending.
15.00 Sérstakur þáttur frá PGA.
15.40 Stöð 2 Golf
16.30 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
17.00 THE PLAYERS Championship Bein útsending.
23.05 Magical Kenya Open

STÖÐ 2 BÍÓ

10.30 Robo-Dog
11.55 Mamma Mia. Here We Go Again
13.45 20th Century Woman
15.40 Robo-Dog
17.10 Mamma Mia. Here We Go Again
19.00 20th Century Woman
21.00 Lion
22.55 You Were Never Really Here
00.20 Silence
03.00 Lion

STÖÐ 2 SPORT 3

17.45 Basaksehir - FC Kaupmannahöfn Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
19.50 Olympiakos - Wolves Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.

STÖÐ 2 SPORT 4

19.05 Stjarnan - Haukar Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Beltone **Trust**™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Séð&heyrt hefði látið „Takið eftir stígvélunum!“ duga. Vigdís tók spegla-sjálfu af mögnuðu skótauinu að loknum fræðslufundi um borgarlínu.

Vigdís stígur ekki framar í stálhælana

Vigdís Hauksdóttir vill losna við leðurstígvél kennd við Gyðju, systur eins höfuðandstæðings hennar í borginni. Stígvélin eru þó bara of víð og hún vill ekki hætta á fótbrot þótt hún stigi ekki borgarlínudans.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, er byrjuð að höndla með notaða, sjaldgæfa og jafnvel stjórnmálasögulega tískuvöru á því sem hún kallar „Sölutorg Vigdísar Hauksdóttur“ á léttum nótum í samtali við Fréttablaðið.

Sölutorgið var opnað, ef svo má að orði komast, með stæl í fyrradag á Facebook-síðu borgarfulltrúans með þessum orðum: „Sendið mér skiló með verðhugmynd ef þið fallið fyrir þessum glæsigripum,“ sem eru tilkomumikil leðurstígvél, kennd við Gyðja Collection, og rúskinnstaska frá Ralph Lauren sem reynist þegar betur er að gáð mögulega vera pólitískur safngripur.

Ríkisbudda Ralphs Lauren

„Taskan er notuð,“ segir Vigdís um dömuveskið sem haldið hefur utan um fjölda viðkvæmra mála. „Hún er mjög notuð. Þetta er þingmannataskan mín, eiginlega, ef einhver vill.“

Sjálf fjárlaganefndarformanns-taskan?

„Já, þetta er hún. Akkúrat. Þetta er hún,“ segir Vigdís sem því miður gat ekki með góðu móti látið blika á niðurskurðarhnífsblaðið í til dæmis Efstaleitinu í rosabullunum með vígalegum stálhælunum. Þau hafa nefnilega aldrei passað henni almennilega og eru því svo gott sem ónotuð.

Sjóræningjastígvél?

Að hinum ágæta Ralph Lauren ólöstuðum vekja stígvélin sem Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hannaði helst athygli sem Vigdís er fyrst núna að frétta að er stóra systir Dóru Bjartar, oddvita Pírata og eins höfuðandstæðings hennar í borginni.

„Ha? Ég veit það ekki ... Ertu að segja mér það? Já, heimurinn er lítill og Ísland er fámennt greinilega. Ég vissi það ekki. En það er alveg sama hvaðan gott kemur en ef það er Píratalykt af stígvélunum þá eru þau kannski ekki eins falleg ... Nei djók,“ segir Vigdís og hlær. „Píratarnir eru flippaðir í klæðaburði. Algerlega. En það sem mér finnst standa upp úr í þessum flottu stígvélum eru hælarnir. Þeir eru geggjaðir.

„Þetta eru alveg þrusu „boots“ og bara ótrúlega, ótrúlega flott,“ segir Vigdís. Áður en hún ákvað að selja þau hafði hún íhugað að „kannski væri bara rétt að ramma þau inn og hafa þau uppi á vegg. Þau eru svo falleg og vörumerkið Gyðja var mjög vinsælt á sínum tíma.“

Vigdís íhugar að selja fleiri flíkur. „Græna kápu formanns fjárlaganefndar, frá því ég vann kosningasigurinn 2013, og þá röndóttu sem ég var í þegar ég sigraði borgarstjórnarsætið. Þessi gula og bláa. Ég hef fengið fyrirspurn um hana sem var ítrekuð eftir einhverja smáfrétt um að ég væri búin að grennast. Ég hugsa að þessar tvær fari á sölutorg Vigdísar Hauksdóttur næst.“

Vigdís í réttum sporum

„Þetta eru mjög flott stígvél og eru orðin mjög sjaldgæf, myndi ég ætla, enda voru þau nú sjaldgæf fyrir vegna þess að ég framleiddi þau í litlu magni á sínum tíma. Þannig að þetta er alveg einstakt tækifæri,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, skóhönnuður og framkvæmdastjóri Gyðja Collection, og hlær þegar hún lítur yfir löngu farinn veg.

Henni telst til að hún hafi sent þessa tilteknu línu frá sér fyrir áratug eða svo. „Þarna var ég svolítið mikið í því að gera öðruvísi hæla. Stígvélin voru með stálhælum með svona glerbrotum í. Það var alls konar svona í gangi og mikið af demöntum. Það var svo gaman að pimpa skóna upp með flottum hælum,“ segir Sigrún Lilja og greinilegt er að þær Vigdís Hauksdóttir standa í sömu djúpu hælaförunum í þessum efnum.

Hún segir það ekkert leyna sér þegar „maður er á flottum hælum og svo er ég bara alger hrafn og rosalega hrifin af öllu sem glitrar og það sést alveg í öllu sem ég geri og hef gert“.

Sigrún Lilja segist ekki muna nákvæmlega hvað stígvél eins og Vigdísar seldust á þegar hún lagði línurnar með þeim en giskar á að verðið hafi verið um 35.000 krónur sem gróflega

Systurnar Sigrún Lilja skóhönnuður og Dóra Björt borgarfulltrúi.

reiknað og án ábyrgðar væri um 50.000 á núvirði.

„Vissi hún nokkuð hver ég var?“ spyr Sigrún Lilja og skellir upp úr spurð um væringar borgarfulltrúanna Vigdísar og litlu systur hennar, Dóru Bjartar. „Við Dóra erum náttúrlega rosalega ólíkar á allan hátt en erum engu að síður bestu, bestu vinkonur og eins nánar og mögulegt er,“ segir stígvélagyðjan og bætir við að Vigdís sé því þrátt fyrir allt réttum megin tískulínunnar.

„Í klæðaburði erum við Dóra eins ólíkar og hugsast getur þannig að ég hugsa að það sé ljóst að Vigdís er nokkuð örugg,“ segir Sigrún Lilja og bætir við að hún sé engan veginn pólitísk en hins vegar tengi brennandi áhugi þeirra systra á andlegri og líkamlegri rækt þær saman. **– þþ**

Þetta er gegnheill málmur með þessum glerbrotum inni í. Þetta er ótrúlega smart. Ég veit ekki hvernig hún fór að þessu,“ segir Vigdís sem var ekki búin að selja stígvélin þegar Fréttablaðið náði henni á fundi skipulagsnefndar í gær.

Klassísk Vigdís

Aðspurð segist Vigdís ekki hafa þungar áhyggjur af því að missa af kaupanda á meðan hún stendur í fundaþrasi við systur Gyðjunnar og aðra meirihlutafulltrúa. „Ef ég er föst á fundum þá bara hringi ég til baka. Það er bara svoleiðis.“

En er þetta ekki svolítið lýsandi fyrir æðibunuganginn í þér að kaupa stígvél sem eru einu númeri of stór? Er það ekki klassísk Vigdís Hauksdóttir?

„Jú, ég er svolítið fyrir að hugsa bara „já já“ og að ég hljóti að geta notað þetta,“ segir hún og segist gjörn á að láta skeika að sköpuðu. „Og keypti þau af því þau voru svo fögur.“

En þegar Vigdís fór að skoða málið betur, það er að segja máta stígvélin í rólegheitum heima, þá „birtist staðreyndin mér og að þau væru of stór á mig,“ segir Vigdís sem gengur í skóm númer 38 en fjárfesti í stígvélunum númer 39.

„Þannig að ég tók loksins eðlilega lokaákvörðun akkúrat núna þegar ég var að taka til í skápunum vegna þess að ég er búin að grennast svo rosalega mikið. Ég gat verið í þeim en hef bara mátað þau og gengið í þeim heima. Þau eru alveg ónotuð og ég fór aldrei neitt í þeim.

En ég hefði getað sloppið en núna þegar ég er búin að grennast svona mikið þá bara skrölta þau á mér og ég ætla nú sko ekki að fara að fótbrjóta mig í þeim því þetta þarf alveg að passa að fætinum þegar maður er á svona hælum.“

Hinsti línudansinn

„Ég var bara orðin allt of feit. Ég fitnaði um leið og ég tók sæti í borgarstjórn. Það gerðist það sama á þinginu,“ segir Vigdís þegar hún er spurð hvað kom til. „Þetta er svo mikil kyrrsetuvinna og þá læðast kílóin aftan að manni og setjast á mann. Svo bara ákvað ég 1. mars í fyrra að fara bara í átak og á lágkolvetnafæðu og hreyfa mig mjög mikið þannig að þetta bar þennan svakalega flotta árangur. Það er allt hægt þegar viljinn er fyrir hendi.“

Ertu bara að rótast í skápum og rekast á svona eitthvað til að selja? Það er ekkert hart í búi hjá borgarfulltrúanum er það?

„Nei, Guð hjálpi þér! En ég er sko að taka þátt í sem sagt þessari bylgju sem er núna í samfélaginu sem er að endurnýta hluti og þá er mjög eðlilegt að ganga alla leið í því og bjóða fólki til kaups það sem maður á og gengur síðan í endurnýjun lífdaga á einhverri annarri flottri konu en mér,“ segir Vigdís, sem er þannig stokkin á endurvinnsluvagninn af jafn heilum hug og hún tekur ekki í mál að teika borgarlínuna umdeildu.

Talandi um línudansa þá er nú Framsóknarflokkurinn svolítill línudansflokkur þannig að það má kannski spyrja hvort þú hafir hugsað stígvélin í slíkt?

„Ég er í Miðflokknum og hef aldrei stundað línudans,“ svarar Vigdís ákveðið. „Það er kannski minn fyrsti og síðasti línudans að skipta úr Framsókn í Miðflokkinn. Minn hinsti línudans var að fara á milli.“ **toti@frettabladid.is**

ALLT

GOLF

Á EINUM STAÐ

THE PLAYERS®

12.-15. MARS

TPC SAWGRASS | PONTE VEDRA BEACH, FL

S2 GOLF

Tryggðu þér áskrift **stod2.is** | **1817**

ZP ELSKAÐU LÍFIÐ

WWW.ZALTPROPERTIES.COM

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

HLAÐVARPIÐ
á FRETTABLADID.IS - hlustaðu þegar þér hentar

Teitur og Gunnar unnu saman lagið Hvíti dauði en það verður flutt meðal annarra á tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í kosmísku samtali við alheiminn

Teitur Magnússon og **Gunnar Jónsson Collider** halda tónleika í Mengi í kvöld. Fyrr í mánuðinum gáfu þeir út lagið Hvíti dauði en margar furðulegar uppákomur og tilviljanir fylgdu gerð lagsins.

Nú fyrr í mánuðinum kom út lagið Hvíti dauði með tónlistarmanninum Teiti Magnússyni. Honum til halds og trausts er Gunnar Jónsson, einnig þekktur sem Gunnar Jónsson Collider, en hann sér um upptökustjórn og hljóðblöndun.

Dáðist að skegginu

„Teitur fékk mig til að endurhljóðblanda lag sem hann gerði með dj. flugvél og geimskipi fyrir seinustu plötuna sína. Mér fannst það mjög gaman. En þá hófst sem sagt samtal okkar á milli um eitthvert mögulegt listrænt samstarf, eftir að hafa verið góðir kunningjar í árabil," segir Gunnar.

Teitur tók sig til og kíkti í stúdíóið hans Gunnars.

„Hann var með lag og hljóma sem hann var að leika sér með og við vorum í stuði fyrir samstarf. Ég hef alltaf dáðst að því sem Teitur er að gera og hver hann er sem manneskja. Já, og þessu skeggi, bara öllu heila klabbinu," segir Gunnar og hlær.

„Við ákváðum að byrja nýja árið vel, hittast, gera lag og nú er það komið út. Lagið heitir Hvíti dauði. Nafnið á vel við. Það er búinn að vera hvítur vetur og núna sveimar ákveðin vá yfir mannkyninu, en það er líka smá rómantískt. Eins og Gísli Marteinn sagði: Ástin á tímum kórónaveirunnar," segir Teitur.

Þráði að vera álfur

Teitur minnist á að hvíti dauði var annað nafn yfir sjúkdóminn berkla.

„Það þótti rosalega rómantísk veira," bætir hann við.

Texti lagsins er frumsaminn að hluta, en Teitur blandaði inn í hann texta úr Biblíunni og broti úr ljóðinu Mismunur eftir Bólu-Hjálmar.

„Myndbandið er gert af Jóni Bjarka Magnússyni. Það er byggt upp af klippum úr heimildarmynd sem hann er að vinna að og heitir Hálfur Álfur. Hún fjallar um afa hans sem þráði að vera álfur, hann vildi meira að segja líka heita Álfur," segir Teitur.

> **ÞAÐ ER NÁNAST HÆTTULEGT AÐ KAFA ALVEG OFAN Í ÞAÐ HVAÐ ÞAÐ KOMU MARGIR DULARFULLIR HLUTIR SAMAN Í KRINGUM ÞETTA LAG.**
>
> Gunnar

> **LAGIÐ HEITIR HVÍTI DAUÐI. NAFNIÐ Á VEL VIÐ. ÞAÐ ER BÚINN AÐ VERA HVÍTUR VETUR OG NÚNA SVEIMAR ÁKVEÐIN VÁ YFIR MANNKYNINU, EN ÞAÐ ER LÍKA SMÁ RÓMANTÍSKT.**
>
> Teitur

„Hann var alltaf að reyna að tengjast sínum innri álfi á sínum efri árum, Jón Bjarki tekur á síðasta árinu í lífi hans í myndinni. Hann nær endasprettinum, afi hans er að velja sér líkkistu í einu atriðinu," segir Gunnar.

Samtal við alheiminn

Gunnar segir margt kosmískt við gerð lagsins.

„Allt small einhvern veginn saman. Mér leið eins og við værum komnir í eitthvert djúpt samtal við alheiminn. Lagið fjallar eiginlega um gamlan mann sem horfist í augu við dauðann. Allt í einu var svo Jón Bjarki byrjaður að gera mynd sem snertir á svipaðri en samt allt annarri hugmynd," segir Gunnar.

„Ég vissi að hann væri að gera myndina vegna þess að hann bað mig um að gera lög við hana, einhver álfalög eins og hann orðaði það. Ég spurði hann þá hvort hann væri nokkuð til í að klippa saman myndband við annað lag sem ég var að gera, sem var þá Hvíti dauði. Ég fékk þessa hugmynd af því það tekur oft svo langan tíma að gera tónlistarmyndbönd," segir Teitur.

Tilkynnt var um fyrsta smitið hérlendis af völdum kórónaveirunnar sama dag og lagið kom út.

„Það var svo margt slæmt að gerast og mér leið eins og að lagið væri í samtali við alheiminn og þá óvissu sem ríkir núna," segir Gunnar.

Furðulegar tilviljanir

„Það er búin að vera ákveðin dauðahugleiðsla í gangi. Það er lögð mikil áhersla, í til dæmis búddisma, á að fólk hugleiði dauðann og reyni að sætta sig við hann. Ég kynntist ljóðinu Mismunur á menningarkvöldi sem Gunnar tók einmitt þátt í. Það fór fram í Dead Gallerii meira að segja. Þar við hliðina á er fornbókabúð og ég spurði manninn sem rekur búðina hvort hann væri með einhver ljóð sem ætti að gera lög við og hann réttir mér þetta ljóð eftir Bólu-Hjálmar," segir Teitur.

„Það er nánast hættulegt að kafa alveg ofan í það hvað það komu margir dularfullir hlutir saman í kringum þetta lag," segir Gunnar.

„Það hættir einfaldlega ekki," bætir Teitur við.

Ættu þá gestir tónleikanna í kvöld að hafa einhverjar áhyggjur?

„Mengi rúmar það fáa að við verðum vel undir lýðheilsumörkum í fjölda," segir Gunnar.

Verður nóg af spritti í boði?

„Það verður allavega eitthvað sterkt í boði til að sulla á hendurnar," segir Teitur og þeir hlæja báðir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 í kvöld í Mengi við Óðinsgötu.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO

Nýtt blað

á byko.is

Málning | Verkfæri | Háþrýstidælur
Parket & flísar | Eldhús & bað og margt fleira

GROHE

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

25% afsláttur af öllum Grohe blöndunar-tækjum

25% afsláttur af öllu parketi og flísum

BOSCH

20% afsláttur af öllum grænum BOSCH háþrýstidælum

30% afsláttur af öllum GUNSAN rofum & tenglum

20% afsláttur af allri vegg- og loftamálningu

25% afsláttur af öllum járnhillum

Við erum komin með jafnlaunavottun

BYKO hefur hlotið jafnlaunavottun sem hefur að meginmarkmiði að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg. ehf

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Spennusögur
Matreiðslubækur
Barnabækur
Hannyrðabækur
Útivistarbækur

Gjafabækur
Fræðibækur
Fagurbókmenntir
Ljóðabækur
Rómantík

BÓKAMARKAÐURINN

LAUGARDALSVELLI · OPIÐ KL. 10-21 ÖLL KVÖLD

BAKÞANKAR

Thomasar Möller

Brothættar byggðir

Við getum verið stolt af öflugum atvinnugreinum okkar sem byggja á fiski, ferðafólki og fallvötnum. En eru blikur á lofti? Skoðum það nánar.

Nokkur byggðarlög hafa tekið þátt í verkefninu „Brothættar byggðir“. Markmiðið er að stöðva fólksfækkun í smærri byggðum. Grímsey og Hrísey hafa tekið þátt í verkefninu með góðum árangri.

Ísland er að mörgu leyti brothætt byggð. Góðæri hafa oftast endað með kröftugri niðursveiflu. Brothættir bankar hrundu 2008 með miklum látum. Við búum við brothættan gjaldmiðli sem hefur rýrnað um 7% á síðustu dögum. Og nú er kórónaveiran að sýna hvað ferðaiðnaðurinn getur verið brothættur.

En það er fleira sem gæti verið brothætt hjá okkur á næstu árum. Súrnun sjávar getur haft veruleg áhrif á tekjur okkar af sjávarútvegi. Alþjóðlegir kolefnisskattar gætu leitt til hækkunar flugfargjalda til og frá Íslandi. Líklegt er að kolefnisspor fisks frá Íslandi þætti of stórt hjá umhverfissinnuðum neytendum í Evrópu í samanburði við sjávarfang úr strandhéruðum. Ódýrt plöntukjöt gæti komið í stað hefðbundins fisks og kjöts. Verið er að þróa nýjar aðferðir við orkuvinnslu sem gætu orðið hagkvæmari en hreina orkan okkar. Jöklarnir sem búa til fallvötnin munu hverfa. Heita vatnið er takmörkuð auðlind. Við Íslendingar verðum að horfast í augu við þetta og snúa þessum ógnunum í tækifæri fyrir framtíðarkynslóðir í landinu.

Ísland gæti verið brothætt byggð ef við hugum ekki að framtíðinni sem þarf að byggjast á öflugri umhverfisvernd, nýsköpun og óþrjótandi hugviti. Grímsey og Hrísey eru þannig ekki einu brothættu byggðirnar. Er jörðin okkar ef til vill brothættasta byggðin? Kórónaveiran og hamfarahlýnunin virðast sýna það.